












# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

HELGARÚTGÁFA

3. júlí 2010 — 154. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




**Styðja við stúlkurnar**

*Samtökin Alnæmisbörn styrkja fátækar stúlkur.*

**úganda 20**

**Hvað veldur brottfalli?**

*Fleiri flosna upp úr framhaldsskólanámi hér en í nágrannalöndunum.*

**menntun 18**



**Fríið sem varði í ár**

*Fimm manna fjölskylda fór í langa ævintýraferð.*

**fjölskyldan 6**

**3 SÉRBLÖÐ** í Fréttablaðinu

Fjölskyldan | Allt | Allt atvinna






FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**ÓTRÚLEG UMBREYTING** Svæðið í kringum Eyjafjallajökul hefur tekið hamskiptum á skömmum tíma. Þessar myndir eru teknar við Seljavallalaug nýrri og eins og sjá má er þar nú grænt gras og blómlegur gróður en áður lá aska yfir öllu. Erfiðleikar íbúa svæðisins eru þó ekki að baki því enn liggur mikil aska sums staðar og ekki þarf annað en hvassviðri til að ösku fari aftur að rigna eins og komið hefur í ljós undanfarna daga. **Sjá síður 22 og 24**

# Lífeyrisaldur hækki í 68 ár

## Mannfjöldaspár benda til þess að hlutfall Íslendinga yfir 65 ára muni meira en tvöfaldast á næstu 40 árum. Samtök atvinnulífsins vilja hækka lífeyrisaldur til að sporna við skerðingu lífeyris og hærri iðgjöldum.

**EFNAHAGSMÁL** Samtök atvinnulífsins (SA) vilja að eftirlaunaaldur hjá lífeyrissjóðum verði hækkaður úr 65 og 67 árum í 68 ár. SA vilja með þessu bregðast við lengri meðalævi Íslendinga sem hafi haft í för með sér lægri lífeyri og hærri iðgjöld.

„Þetta er eitthvað sem þarf virkilega að taka á þegar til framtíðarinnar er horft, og framtíðin kemur innan skamms,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA.

Í flestum löndum Evrópu og raunar víðar hefur mikið verið rætt um hækkun eftirlaunaaldurs síðustu misseri. Í Frakklandi hefur ríkisstjórnin tilkynnt um áætlanir um að hækka eftirlaunaaldur úr 60 árum í 62 ár og á Spáni er unnið að því að hækka hann úr 65 árum í 67 ár. Eins hefur neðri deild þýska þingsins samþykkt að hækka eftirlaunaaldur úr 65 árum í 67 ár auk þess sem leiðtogar repúblikana í Bandaríkjunum hafa lýst yfir vilja til að hækka lífeyrisaldur þar upp í sjötugt. Hækkun hefur einnig mikið verið rædd í Grikklandi og Rússlandi.

Gylfi Zoëga, hagfræðiprófessor við Háskóla Íslands, segir ekki víst að þjóðfélagið yrði betur sett ef eldri borgarar væru í meira mæli í vinnu. Hann segir mun meira máli skipta að horfa á hagvöxtinn í landinu, ekki hversu margir séu á vinnumarkaði hverju sinni. Hækkun á lífeyrisaldri gæti haft í för með sér að sparnaður drægist saman sem hefði neikvæð áhrif á fjárfestingu og hagvöxt. Gylfi segir eldri borgara á Íslandi þegar vinna þarft og mikið verk.

**- mþl, sv /** **sjá síðu 8**










## SPURNING DAGSINS



*Jóhannes, hefurðu marga fjöruna sopið?*

„Já og margt á fjörur mínar rekið á undanförnum tuttugu árum.“

Jóhannes Viðar Bjarnason er vert á Fjörukránni í Hafnarfirði, sem er tuttugu ára um þessar mundir.

Fundað í fyrsta sinn um Icesave-málið eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna í mars:

# Erfitt að fá menn að borðinu

**ICESAVE** „Það hefur gengið mjög erfiðlega að koma þessum viðræðum aftur í gang eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna í mars. En það er jákvætt að menn eru nú tilbúnir til að fara í þessa vinnu aftur,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.

Samninganefnd íslenskra stjórnvalda fundaði hér á fimmtudag og í gær með fulltrúum breskra og hollenskra stjórnvalda um lyktir Icesave-málsins. Síðast var fundað um málið 5. mars. Daginn eftir felldi meirihluti kjósenda Icesave-lögin frá því í desember í fyrra í



**STEINGRÍMUR J.** Menn eru nú tilbúnir að vinna í málinu á ný segir ráðherra.

þjóðaratkvæðagreiðslu. Stefnt var að því að halda viðræðum áfram eftir atkvæðagreiðsluna en af því varð ekki.

Fyrir samninganefndinni fór bandaríski lögfræðingurinn Lee Buchheit auk ráðuneytisstjóranna Guðmundar Árnasonar og Einars Gunnarssonar og lögfræðinganna Jóhannesar Karls Sveinssonar og Lárusar Blöndal. Þeim til ráðgjafar eru sérfræðingar ráðgjafarfyrirtækisins Hawkpoint og lögfræðistofunnar Ashurst.

„Þetta var upplýsingafundur þar sem farið var yfir stöðuna og frekari viðræður undirbúnar. Menn eru sestir við borðið aftur og tilbúnir til að vinna í málinu,“ segir Steingrímur sem reiknar með að næsti fundur verði boðaður eftir sumarfrí í ágúst. - jab

Fjárveiting samþykkt í gær:

## Skapa 135 störf fyrir ungmenni

**ATVINNA** Reykjavíkurborg mun veita 37,5 milljóna króna aukafjárveitingu til atvinnuskapandi verkefna fyrir unglinga á aldrinum 17 til 18 ára í sumar. Var þetta samþykkt á borgarráðsfundi í gær. Gera fjárveitingarnar það mögulegt að ráða 135 ungmenni til tímabundinna starfa í borginni í júlí og ágúst.

Tillaga Vinstri grænna um að veita Hinu húsinu 2,5 milljónir króna til ráðningar ungmenna með fötlun til sumarstarfa var einnig samþykkt. - sv

Árni Þór Sigurðsson um ESB:

## Mistök að draga umsókn til baka

**EVRÓPUMÁL Árni Þór Sigurðsson, þingmaður Vinstri grænna og formaður utanríkismálanefndar, telur að það væru mistök að draga umsókn Íslands að Evrópusambandinu til baka. Þetta segir hann í grein í Fréttablaðinu í dag.**



**ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON**

**Árni Þór segir Vinstri græn eiga að vera óhrædd við að afla stefnu sinni í málinu fylgis. Nauðsynlegt sé hins vegar að ræða málið opinskátt og þess vegna væri óráð að draga umsóknina til baka. „Það myndi að ég tel setja lok á frekari þjóðarumræðu um kosti og galla aðildar og koma í veg fyrir að þjóðin tæki ákvörðun á grundvelli upplýstrar umræðu og málefnalegra röksemda.“ Ekki sé heldur trúverðugt að draga umsóknina til baka á grundvelli skoðanakannana.** - bs / sjá síðu 12.

Breytingar í ávísun lyfja:

## Færri eru nú á sýklalyfjum

**HEILBRIGÐISMÁL** Notendum sýklalyfja á Íslandi fækkaði um níu prósent á árinu 2009. Landlæknisembættið segir hugsanlegar skýringar á þessu vera hátt verðlag, kostnaðarþátttöku Sjúkratrygginga Íslands og fækkun landsmanna. Þá hafi læknar verið hvattir til að forðast notkun ákveðinna sýklalyfja. Í heild urðu afar litlar breytingar á fjölda lyfjaávísana frá árinu 2008 þótt töluverðar sveiflur hafi orðið innan einstakra lyfjaflokka. Þannig jókst fjöldi notenda blóðlyfja um ellefu prósent. Þá er vitnað til skýrslu OECD sem sýnir að notkun þunglyndislyfja er mest á Íslandi af öllum OECD-ríkjunum. Notkunin hefur verið jöfn síðustu ár. - gar



**SMYGLVARNINGURINN** Vel hafði verið búið um glingrið, eins og myndin sýnir, áður en það var kirfilega falið í frambrettum bílsins.

# Gripin með 26 kíló af smygluðu glingri

**Fjórir Rúmenar voru gripnir á Seyðisfirði með 26 kíló af smygluðum skartgripum. Þeim hafði verið komið fyrir í frambrettum gamallar Benz-bifreiðar. Að sögn yfirmanns tollgæslunnar á Seyðisfirði átti líklega að selja gripina hér.**

**TOLLGÆSLA** Fjórir Rúmenar, tveir karlar og tvær konur, voru látin greiða rúmlega 50 þúsund krónur í sekt eftir að þau höfðu verið gripin með um 26 kíló af smygluðum skartgripum í fyrradag. Tollgæslan á Seyðisfirði hafði afskipti af fjórmenningunum sem komu með Norrænu til landsins frá Danmörku. Góssið hafði verið vandlega falið í frambrettum tíu ára gamallar Benz-bifreiðar, að sögn Árna Elíssonar, yfirmanns tollgæslunnar á Seyðisfirði.

Hann sagði að þar hefði einkum verið að finna hringa og hálsmen, sem virtust vera óekta glingur. Smyglvarningurinn var gerður upptækur.

„Fólkið hefur líklega ætlað að koma þessu í verð hér,“ sagði Árni. „Þegar lyktir málsins urðu þessar hafði það hins vegar enga löngun til að dvelja hér lengur og keypti sér farmiða með Norrænu úr landi með það sama. Það verður þó að bíða hér í viku áður en það kemst burt með næstu ferð.“

Árni sagði að vissulega væri sektin sem fólkið hefði fengið ekki há. En höfuðrefsingin hefði í raun verið að missa vöruna.

„Það er í raun og veru það sem kippir fótunum undan fólki,“ sagði hann.“ Svo endar þetta náttúrulega á uppboði og ríkið fær væntanlega einhverja peninga að auki þar. Síðast en ekki síst fer þetta ekki á almennan markað þar sem menn eru í lögmætum viðskiptum. Venjan hjá þessu fólki er að reyna að telja viðskiptavinum trú um að þetta séu verðmætir skartgripir og reyna að selja þá á sem hæstu verði.“ jss@frettabladid.is

Þung umferð út úr bænum:

## Þyrla nýtt við vegaeftirlit

**LÖGREGLA Umferð var í þyngri kantinum í austur og vestur út úr borginni síðdegis í gær og fram undir kvöld, samkvæmt upplýsingum frá umferðadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.**

**Þetta var í samræmi við áætlanir lögreglunnar en í gær hófst ein af helstu ferðahelgum sumarsins.**

**Lögregluyfirvöld og Landhelgisgæslan hafa samræmt aðgerðir um helgina en þyrla Landhelgisgæslunnar flaug yfir þjóðvegum með lögreglumann innan borðs í gær og sinnti vegaeftirliti. Hún mun sömuleiðis gera það eftir klukkan fjögur á morgun en þá er búist við þungri umferð aftur inn í borgina.** - jab

Rigning sögð himnasending:

## Vatn sexfaldast í Norðurá

**STANGVEIÐI** Úrhellisrigning í Borgarfirði í fyrrdag varð til þess að vatnsmagn í Norðurá sexfaldaðist að því er segir á vef Stangveiðifélags Reykjavíkur. Leita þurfi aftur til ársins 2005 til að finna viðlíka rigningu í júlí. Eins og stendur sé áin mjög lituð og vart veiðandi en framhaldið lofi góðu. „Áður en liturinn brast á fóru á milli 60 og 70 laxar um teljarann en búast má við sprengingu er vatnsskygni lagast og sá haugur af laxi sem safnast hefur neðan Glanna gengur fossinn. Þetta eru stórkostleg tíðindi og vatn á myllu veiðimanna.“ - gar

## SAMGÖNGUR

**Allar hálendisleiðir opnar**

Frá og með deginum í gær eru allar leiðir á hálendinu opnar fyrir umferð. Góð færð er um allt land en fyrsta helgin í júlí hefur yfirleitt verið ein stærsta ferðahelgi ársins.




Bandarískur ræðismaður, ófrísk af sínu öðru barni, myrtur í bíl sínum í Mexíkó:

# Myrt ásamt manni sínum á leið heim úr afmælisveislu

**MEXÍKÓ** Forsprakki eiturlyfjahrings í Mexíkó hefur lýst því verki á hendur sér að fyrirskipa morð á bandarískum ræðismanni, Lesley Enriquez, og eiginmanni hennar af sökum þess að hún hafi veitt andstæðingum hans vegabréf í landamæraborginni Ciudad Juarez.

Maðurinn heitir Jesus Ernesto Chavez og var handtekinn í síðustu viku. Er hann leiðtogi hóps leynimorðingja sem vinna fyrir gengi, samkvæmt fíkniefnadeild lögreglunnar í landinu.

Lögreglan staðfestir orð Chavez um að hafa fyrirskipað morðið á Enriquez og eiginmanni hennar, sem framið var 13. mars. Enriquez var gengin fjóra mánuði með barn þeirra hjóna, en þau voru bæði skotin til bana í bifreið sinni á leið heim úr afmælisveislu. Sjö mánaða gömul dóttir þeirra fannst grátandi í aftursætinu í kjölfarið.

Jorge Alberto Salcido, eiginmaður annars bandarísks ræðismanns, var einnig skotinn til bana í bíl sínum eftir að hann yfirgaf sömu afmælisveislu.



**Í JÁRNUM** Chavez sést hér í miðið ásamt félögum í glæpagengi, en þeir voru handteknir nýverið. NORDIPHOTOS/AFP

Átök samtaka Chavez við aðra fíkniefnahringi í borginni hafa gert Ciudad Juarez að einni hættulegustu borg í heimi. Rúmlega 2.600 manns voru myrtir á síðasta ári, en íbúar borgarinnar eru 1,3 milljónir. - sv

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

# LEIÐIN TIL VINSÆLDA




## ... er í gegnum söngbók Nova!

Ný söngbók komin í verslanir Nova fyrir afmælið, sumarbústaðinn, partýið, útileguna, eða bara þegar þú ert ein(n) heima að æfa þig! Smelltu þér á netið í símanum á **m.nova.is** og þar finnur þú textana við öll vinsælustu lögin.

**Frítt í næstu verslun Nova!**

## Njóttu sumarsins í botn!

Fyrir utan alla símana, pungana og skemmtilegheitin eru verslanir Nova fullar af dóti sem gefur lífinu lit. Kíktu við áður en þú ferð í útileguna og græjaðu þig upp.




**690 kr.**

**Nova boltar**

Leiktu listir þínar með litríkum Nova bolta.




**990 kr.**

**Nova bolir**

Bolirnir frá Nova hafa slegið í gegn. Segðu það sem þér liggur á hjarta með bol frá Nova!

**1.990 kr.**

**Nova kúlutjald**

Taktu diskókúlutjaldið frá Nova með þér í útileguna!




NOVA Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

**GENGIÐ 02.07.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,04 | 125,64 |
| Sterlingspund | 190,03 | 190,95 |
| Evra | 156,38 | 157,26 |
| Dönsk króna | 20,989 | 21,111 |
| Norsk króna | 19,368 | 19,482 |
| Sænsk króna | 16,35 | 16,446 |
| Japanskt jen | 1,4262 | 1,4346 |
| SDR | 186,47 | 187,59 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
212,4388

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Húsleitir í Þýskalandi í vikunni vegna rannsóknar á stórfelldu amfetamínsmygli:

# Áfram í varðhaldi vegna amfetamíns

**LÖGREGLUMÁL** Litháísku konurnar tvær sem fluttu 20 lítra af amfetamínbasa til landsins með Norrænu 17. júní hafa verið úrskurðaðar í áframhaldandi gæsluvarðhald að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Eldri konan, sem er um fertugt, þarf að sitja í varðhaldi til 16. júlí, en sú yngri, sem er rúmlega þrítug, til 9. júlí. Báðar hyggjast kæra niðurstöðuna til Hæstaréttar.

Framkvæmdar hafa verið húsleitir í Þýskalandi í vikunni vegna málsins og miðar rannsókninni vel, að sögn lögreglu. Talið er að konurnar hafi verið gerðar út af erlendum glæpahring. - sh



**MEÐ AMFETAMÍNBASANN** Lögreglan fann metmagn í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Hefur færst í vöxt

Amfetamínbasi eins og sá sem reynt var að smygla hingað getur verið mjög missterkur, að sögn Jakobs Kristinssonar prófessors í eiturefnafræði við Háskóla Íslands. Þessi vökvi var nokkuð sterkur.

„Það er frekar óvenjulegt að þetta komi í vökvaformi en það hefur færst í vöxt," segir Jakob. „Það þýðir að það á eftir að breyta því í þetta venjulega duftform sem við þekkjum." - þeb

Sölunni á HS Orku að ljúka:

# Engar breytingar á samningi

**VIÐSKIPTI** Kaupum Magma Energy á nær öllu hlutafé HS Orku lýkur í enda mánaðar. Engar breytingar hafa orðið á samningum frá því tilkynnt var um kaupin um miðjan maí, að sögn Ásgeirs Margeirssonar, forstjóra Magma Energy. „Málið er eins og lagt var upp með. Við erum að vinna í að klára viðskiptin," segir hann.

Magma Energy átti 46,18 prósenta hlut í HS Orku áður en tilkynnt var að félagið hafi samið um kaup á hlut Geysis Green Energy fyrir 12,8 milljarða króna. - jab

Þjófar blekkja eldri borgara:

# Eldgos yfirvarp rána í Svíþjóð

**SVÍÞJÓÐ Þjófar hafa komist inn í hús eldra fólks í Lundi í Svíþjóð með því að segjast vera að rannsaka hvernig eldgosið á Íslandi hefur áhrif á eldra fólk.**

**85 ára gömul kona hleypti tveimur konum inn til sín á miðvikudag og er talið þriðji þjófurinn hafi komið inn á meðan konurnar voru í eldhúsi hússins, en skartgripum fyrir 50 til 70 þúsund sænskar krónur var stolið. Eldra par lenti í því sama á þriðjudag. Manninn grunaði þó að ekki væri allt með felldu og fór því ekki inn í eldhús með þeim. Konurnar reyndu að fá hann þangað en hann neitaði. Þær fóru þá.** - þeb

### LEIÐRÉTT

Vitlaust graf birtist með fréttaskýringu um kaupmáttarþróun á Íslandi undanfarin misseri, á blaðsíðu tólf í gær. Með fréttaskýringunni átti að vera graf yfir þróun vísitölu kaupmáttar frá apríl 2006 til dagsins í dag eins og tímaásinn á grafinu gaf til kynna. Fyrir mistök var hins vegar birt graf yfir þróun vísitölunnar frá janúar 2000 til dagsins í dag. Grafið eins og það átti að vera er hér fyrir neðan.

**Þróun kaupmáttar**




## Umhverfis landið

### Hitamet í júní

**STYKKISHÓLMUR** Meðalhiti í Stykkishólmi í nýliðnum júnímánuði var 10,8 gráður. Frá upphafi veðurathugana þar hefur meðalhiti aldrei mælst hærri. Frá þessu greinir Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur á síðu sinni og segir um stórtíðindi í veðurfarssögu landsins að ræða. Í bænum hafi nefnilega verið mældur hiti samfellt lengur en annars staðar á landinu, eða frá 1845. Einar segir langt um liðið síðan upphaf sumars hafi verið markað kuldum.



### Vegir fjármagnaðir með skuldabréfum

**ÍSAFJÖRÐUR** Lagt hefur verið til við Alþingi að uppbyggingu Vestfjarðavegar frá Bjarkalundi að Þingeyri verði lokið á næstu fimm árum og að heimilt verði að afla fjár til að kosta framkvæmdirnar með útgáfu skuldabréfa. Það er aðgerðahópurinn Áfram vestur sem hefur lagt þetta til. Hópurinn vonast til þess að lífeyrissjóðir og aðrir fáist til að kaupa skuldabréf og peningarnir verði notaðir til að klára vegarkaflann. Ríki og sveitarfélög ábyrgist svo endurgreiðslur og greiði eftir að framkvæmdum lýkur. Tilgangurinn er sá að gera Vestfirðinga jafnsetta öðrum landshlutum í samgöngum.



### Ósáttir við óbreyttan þjóðveg 1

**AKUREYRI** Tillögur að aðalskipulagi Húnavatnshrepps og Blönduósbæjar gera ekki ráð fyrir því að leggja megi nýjan veg um svonefnda Svínavatnsleið í Austur-Húnavatnssýslu. Vegurinn myndi stytta leiðina milli Norðausturlands og vesturhluta landsins um tæpa fjórtán kílómetra. Bæjarráð Akureyrar hefur lýst yfir vonbrigðum sínum með að styttingin sé ekki í aðalskipulaginu. Um sé að ræða mikið hagsmunamál fyrir bæjarbúa á Akureyri sem fari þarna um. Stytting myndi stuðla að auknu öryggi, minni eldsneytiseyðslu og mengun, lægri flutningskostnaði og þannig aukinni samkeppnishæfni landshlutans.

### Skoða möguleikann á öpum í Eden

**HVERAGERÐI** Forsvarsmenn Edens í Hveragerði vilja flytja inn þrjá apa frá Þýskalandi til að hafa í Eden. Þeir sendu bæjarráði bréf vegna þessa og óskuðu eftir stuðningi bæjarfélagsins. Bæjarráðið ákvað á fundi sínum á fimmtudag að fela bæjarstjóranum að ræða frekari útfærslur á hugmyndinni við forsvarsmenn Eden. Lýsti ráðið yfir ánægju sinni með metnaðarfull áform sem geti styrkt ferðaþjónustu í bænum. Greinilega sé verið að horfa aftur til tíma sunnudagsbíltúra, þegar aparnir í Michelsen hafi verið þjóðþekktir.







### Aurskriða féll

**DJÚPIVOGUR** Aurskriða féll úr Stóruskriðugili á Búlandsdal aðfaranótt föstudags. Mikil rigning og hvassviðri var á svæðinu. Skriðan féll meðal annars á vatnsból Djúpavogs, sem fylltist af framburði. Vegna þessa var vatnslaust á Djúpavogi fyrrihluta dags í gær. Leiðsla var tengd framhjá vatnsbólinu til að hægt væri að flytja vatn í bæinn til brýnustu nauðsynja. Unnið var að lagfæringum í allan gærdag. Þrátt fyrir vatnsskortinn gekk lífið sinn vanagang, og á leikskóla bæjarins var útvegað flöskuvatn til að börnin gætu drukkið og hægt væri að elda fyrir þau hádegismat.

### Lundaveiðitímabilið stytt mikið

**VESTMANNAEYJAR** Lundaveiðitímabilið í Vestmannaeyjum hefur verið stytt úr 55 dögum í fimm daga. Þetta var ákveðið á fundi bæjarstjórnar á fimmtudag. Er þetta gert vegna bágrar stöðu lundastofnsins, þó að bæjarstjórnin segi einsýnt að veiðar hafi lítil áhrif á viðkomu stofnsins. Leita þurfi annars staðar að skýringum á málinu, en þó sé rétt að takmarka veiðarnar með þessum hætti. Leyfilegt verður að stunda lundaveiði frá 24. júlí til 28. júlí.




**Gefðu boltann!**

**1.500 króna sending til þurfandi í Afríku**

Keyptu taubolta og styrktu munaðarlaus börn í Afríku

Salan hófst 26. júní í öllum helstu verslunarkjörnum

Reikningsnúmer söfnunarinnar 301-13-304799

Um helgina verðum við í **Kringlunni & Smáralind** og helstu verslunarkjörnum

Sóley & félagar

soleyogfelagar.is




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**SKIN OG SKÚRIR**
Það verður yfirleitt fremur hæg norðaustlæg átt í dag en sums staðar strekkingur NV-til og við SA-ströndina. Væta austan til en á morgun verður hún að mestu bundin við Norðurland. Útlit fyrir skin og skúrir suðvestanlands í dag og á morgun.




Á MORGUN
Víða 3-8 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 33° |
| Berlín | 34° |
| Billund | 27° |
| Frankfurt | 36° |
| Friedrichshafen | 29° |
| Gautaborg | 26° |
| Kaupmannahöfn | 26° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 24° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 31° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 24° |
| París | 25° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 23° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is



20 stk
STJÚPUR
995

# GARÐPLÖNTU ÚTSALAN heldur áfram!

ÖLL SUMARBLÓM
30-50%
afsláttur
Margaríta - Sólboði
Nellikka - Stjúpur - Fjólur
Tóbakshorn - Pelagónía
Silfurkambur - Flauelsblóm
Daggarbrá - Ilmskúfur
...ofl

ALLAR TRJÁPLÖNTUR
30-50%
afsláttur
Birki - Blágreni - Birkikvistur
Geislasópur - Gullregn - Einir
Stafafura - Gljámispill
Alparifs - Blátoppur
Sunnukvistur...ofl



NELLIKKA
495
~~990~~

SÓLBOÐI
495
~~990~~

ALLAR GARÐRÓSIR
30%
afsláttur



ALLIR ÚTIPOTTAR
30%
afsláttur



100sm
BIRKI Í POTTI
799
~~1199~~

**Ný sending!**
af sumarsilkiblómum
Mikið úrval
og frábært verð





Ís á 10kr
Í Blómavali Skútuvogi

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

## KJÖRKASSINN



*Fylgdist þú með tónleikunum Iceland Inspires á fimmtudag?*

| | |
|---|---|
| Já | 13,7% |
| Nei | 86,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ferðaðist þú um landið um helgina?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

Dæmdir í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir vændiskaup og tilraun til vændiskaupa:

# Tveir dæmdir í sekt fyrir vændiskaup

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær karlmann til að greiða áttatíu þúsund krónur í sekt fyrir að hafa greitt fimmtán þúsund krónur fyrir vændi.

Þá var annar karlmaður dæmdur til að greiða fjörutíu þúsund krónur fyrir tilraun til að vændiskaupa. Hulda Elsa Björgvinsdóttir saksóknari sagði við Vísi.is að verið væri að fara yfir það hvort dómunum yrði áfrýjað því til þess þarf sérstakt áfrýjunarleyfi frá Hæstarétti vegna þess hve sektarupphæðirnar eru lágar í báðum málunum.

Alls voru ellefu manns ákærðir vegna viðskipta sinna við Catalinu Mikue Ncogo og vændiskonur á hennar vegum á síðasta ári. Mennirnir keyptu vændi fyrir allt upp í tuttugu þúsund krónur. Þetta eru fyrstu dómarnir sem falla í málinu, svokölluð útivistarmál þar sem ákærðu mættu ekki við fyrirtöku. Málin voru því dæmd að þeim fjarstöddum. Von er á dómum úr hinum níu málunum í haust.

Upphaflega voru sautján vændiskaupamál rannsökuð en sex af þeim voru felld niður þar sem þau þóttu ekki líkleg til sakfellingar. **- jss**



**ÞINGFEST** Öll vændiskaupamálin hafa verið þingfest.

Lögregla gerði húsleit:

# Fann fíkniefni og fjármuni

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Vestmannaeyjum fann marijúana, hass og fjármuni í íbúð í fjölbýlishúsi í bænum í fyrrakvöld.**

**Lögreglan gerði húsleit í íbúðinni. Við hana fundust um 55 grömm af marijúana og nokkur grömm af hassi. Einnig fundust um 170 þúsund krónur í peningum.**

**Húsráðandi var handtekinn og færður í fangaklefa. Hann viðurkenndi að eiga efnin en sagði þau til eigin nota. Maðurinn er þrítugur og hefur áður komið við sögu lögreglu vegna fíkniefnamála. - jss**



**ALÞINGI** Forsætisnefnd hefur skipað undirbúningsnefnd fyrir væntanlegt stjórnlagaþing.

Undirbúningur á Alþingi:

# Ráða starfsfólk stjórnlagaþings

**STJÓRNMÁL** Hafinn er undirbúningur stjórnlagaþings og þjóðfundar. Sjö manna stjórnlaganefnd var kjörin á Alþingi 16. júní og nú hefur forsætisnefnd þingsins skipað þriggja manna undirbúningsnefnd stjórnlagaþings. Nefndin á að undirbúa stofnun og starfsemi stjórnlagaþingsins ásamt undirbúningi fyrir þjóðfund. Einnig að undirbúa kynningu á starfsemi þingsins, setja upp vefsíðu, útvega húsnæði og undirbúa ráðningu starfsmanna þingsins. Formaður undirbúningsnefndarinnar er Þorsteinn Magnússon, aðstoðarskrifstofustjóri á Alþingi. **- gar**

Háskólinn mætir andstöðu:

# Íbúar gagnrýna breytt skipulag

**SKIPULAGSMÁL Fjölmargir íbúar í nágrenni Háskóla Íslands hafa sent skipulagsyfirvöldum í Reykjavík athugasemdir vegna breytinga á deiliskipulagi vegna Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. Meðal annars á að skipta lóð Háskólans upp í sjö lóðir fyrir Vísindagarða, Stúdentagarða og spennistöð Orkuveitu Reykjavíkur. Auk þess sem athugasemdir hafa borist frá íbúum í nálægum götum gerir Max Dager, forstjóra Norræna hússins, athugasemdir við nýju skipulagsáformin. - gar**

# Vaxtaóvissa dregur kreppuna á langinn

**Samningsvextir í stað gengistryggingar krónulána gætu komið harkalega niður á bankakerfinu. Sendifulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins segir mikilvægt að Hæstiréttur skeri úr um við hvað eigi að miða við útreikninga á lánunum.**

**EFNAHAGSMÁL** Verði niðurstaða Hæstaréttar sú að miða við samningsvexti á öllum gengistryggðum lánum getur það haft alvarlegar afleiðingar fyrir efnahagslífið, tafið fyrir afnámi gjaldeyrishafta, jafnvel verði að hækka skatta.

„Því lægri sem vextirnir verða þeim mun meira verður áfallið á bankana og ríkissjóð,“ segir Franek Rozwadowski, sendifulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) hér á landi, í samtali við Fréttablaðið. Hann segir tilmælin sem Seðlabankinn og Fjármáleftirlitið lögðu fram í vikunni jákvæð eftir þá óvissu sem skapaðist í kjölfar dóms Hæstaréttar fyrir hálfum mánuði. Hann segir mikilvægt að eyða óvissunni sem fyrst.

Franek segir áhyggjuefni að á meðan óvíst sé við hvað eigi að miða í stað gengistryggingar sé útlit fyrir að endurskipulagning skulda heimila og fyrirtækja landsins tefjist meir en orðið er. Það sama eigi við um afnám gjaldeyrishafta. Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði á vaxtaákvörðunarfundi Seðlabankans í síðustu viku fyrstu skref í afnámi haftanna geta hafist í haust, eigi síðar en í október. Franek vill ekki dagsetja afnám hafta, en segir: „Þetta er skólabókardæmi. Gjaldeyrishöftum er ekki aflétt þegar óvissa ríkir í efnahagsmálum.“

Franek leggur áherslu á að Hæstiréttur skeri eins fljótt og auðið sé úr um hvað taki við af gengistryggðum lánum og hvernig þau beri að skilgreina. Verði niðurstaðan sú að samningsvextir standi og að skilgreining á ólögmæti gengistryggðra lána nái til bíla-, íbúða- og neyslulána auk fyrirtækjaskulda muni það hafa alvarlegar afleiðingar fyrir efnahagslífið.

„Bankarnir geta tekið eitthvað á sig. En þeir munu aldrei ráða við þetta allt,“ segir Franek og bætir við að þótt kröfuhafar muni leggja eitthvað af mörkum til að bæta hag bankanna muni megnið af nýju hlutafé koma frá ríkissjóði. Það verði kostnaðarsamt, ekki síst þegar við bætist að ríkissjóður ábyrgist nú þegar allar innistæður í bankakerfinu. „Þetta gæti leitt til hærri skatta og sársaukafullra aðgerða til að grynnka á skuldum hins opinbera. Við það mun hægja á efnahagsbatanum,“ segir Franek Rozwadowski.

**jonab@frettabladid.is**



**FULLTRÚAR AGS** Taki samningsvextir við af gengistryggingu getur það haft alvarlegar afleiðingar, að sögn Franeks Rozwadowskis, sendifulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hann situr hér á hægri hönd Mark Flanagan, yfirmanni sendinefndar sjóðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## AGS hafði ekkert með tilmælin að gera

AGS hafði ekki haft hönd í bagga þegar Seðlabanki og Fjármálaeftirlitið ákváðu að gefa út tímabundin tilmæli um það við hvaða vexti skuli miða við útreikning á gengistryggðum lánum. „Þetta er hlutverk stofnananna. Við vissum ekki hvað þær ætluðu að gera og sáum tilmælin í fjölmiðlum eins og aðrir,“ segir Franek Rozwadowski.



**ÍSLENSKA LIÐIÐ** Tveir liðsmannanna, Jón Baldursson og Þorlákur Jónsson, voru hluti íslenska liðsins sem varð heimsmeistari árið 1991.

Íslenska landsliðið í bridds:

# Gott gengi hjá íslenska liðinu

**ÍÞRÓTTIR** Íslenska landsliðið í bridds vann tvo leiki og gerði eitt jafntefli á Evrópumótinu í bridds í gær. Ísland vann Portúgal og Ísrael en gerði svo jafntefli við England síðdegis.

Lokaumferðin í mótinu fer fram á morgun en Íslendingar eru í fjórða sæti sem stendur. Ítalir eru efstir með 304 stig og Pólverjar koma þar næstir með 297 en þessar þjóðir eru þær einu sem enn eiga möguleika á sigri. Verði úrslit Íslendingum í hag á morgun, er möguleiki á bronsverðlaunum.

Efstu sex liðin á Evrópumótinu vinna sér inn keppnisrétt á heimsmeistaramótinu sem fram fer í Hollandi að ári og er íslenska liðið langt komið með að tryggja sér sæti á því móti. **- mþl**

## SVARTFJALLALAND

### Actavis opnar skrifstofu

Lyfjafyrirtækið Actavis ætlar að opna nýja skrifstofu í Svartfjallalandi. Með því vilja forsvarsmenn fyrirtækisins í Serbíu og Svartfjallalandi færa íbúum bestu fáanlegu lyf á markaðnum á viðráðanlegu verði.

## NÝ HJÚSKAPARLÖG

### Tíu pör vilja í hjúskap

Tíu pör hafa óskað eftir því að fá samböndum þeirra staðfest sem hjúskap eftir að ný hjúskaparlög tóku gildi. Eru þetta níu pör kvenna og eitt par karla. RÚV greindi frá þessu í gærdag.


Alicante

5. og 7. júlí.

Flugsæti
Verð frá 29.900 kr.

Innifalið í verði: Flug aðra leið til Alicante með flugvallarsköttum.

Flogið allt að þrisvar í viku út október.

Kynntu þér ferðamöguleikana og skráðu þig í netklúbbinn á VITA.is

VITA er lífið

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

ÍSLENSKA/SIA.IS VIT 50782 07/10




# 30% afsláttur
## af öllum garðplöntum

GARÐHEIMAR
*allt í garðinn á einum stað!*

**Stekkjarbakka 6 | sími 540 3300 | www.gardheimar.is**

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvaða gripur rataði heim í hús Davíðs Stefánssonar í vikunni?*

2 *Hver var fyrsta íslenska fyrirsætan til að prýða forsíðu Playboy?*

3 *Hver voru lokaúrslit leiks KR og n-írska liðsins Glentoran?*

SVÖR Á SÍÐU 50

MEXIKÓFLÓI

### Sjálfboðaliðar hunsaðir

107 tilboð frá 44 þjóðum hafa borist um aðstoð vegna olíulekans í Mexíkóflóa samkvæmt landhelgisgæslu Bandaríkjanna. Olíufélagið BP og bandaríska ríkisstjórnin eru vænd um aðgerðaleysi í málinu en 2000 bátar muni vera komnir á staðinn. Þeir geti hins vegar ekki aðhafst fyrr en þau fái heimild frá yfirvöldum.


BRÚÐUHEIMAR
Leiksýning í Borgarnesi á sunnudaginn kl 14:00



Leikbrúðusafn - Brúðuleikhús
Veitingar - Gjafavara
www.bruduheimar.is
Sími 530 5000
BRÚÐUHEIMAR Center for Puppetry Arts


Fimm menn voru í gær ákærðir fyrir smygl á kókaíni og tveir fyrir peningaþvætti að auki:

# Ákærðir fyrir kókaínsmygl og þvætti

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari gaf í gær út ákæru á hendur fimm mönnum fyrir innflutning á rúmlega 1,5 kílóum af kókaíni. Tveir mannanna eru auk fíkniefnabrotsins ákærðir fyrir peningaþvætti í tengslum við sölu á fíkniefnum.

Mennirnir eru ákærðir fyrir að hafa lagt á ráðin um og staðið að innflutningi í tveimur ferðatöskum með efnunum frá Alicante á Spáni til Keflavíkurflugvallar þann 10. apríl 2010. Málið var sent síðastliðinn fimmtudag til embættis ríkissaksóknara.

Fjórir mannanna sitja nú í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Það rennur út yfir þremur þeirra á morgun.

„Samkvæmt ákvæðum sakamálalaga verður að gefa út ákæru í málinu fyrir þann tíma eigi að vera unnt að fá gæsluvarðhald þeirra framlengt," segir Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari. „Ekki er heimilt að úrskurða sakborning til að sæta gæsluvarðhaldi lengur en í þrjá mánuði nema ákæra sé gefin út. Ríkissaksóknari hafði því aðeins tæpa þrjá virka daga til að gefa út ákæru í málinu."



**INNAN HLIÐS** Gæsluvarðhald yfir þremur af fjórum sakborningum sem sitja í gæsluvarðhaldi á Litla-Hrauni rennur út á morgun. Gefa varð út ákæru fyrir þann tíma til þess að ekki yrði að sleppa þeim.

Valtýr segir útgáfu ákærunnar í gær hafa staðið tæpt enda „bagalegt þegar svona stórt mál kemur með stuttum fyrirvara og allir starfsmenn með fullskipaða dagskrá," eins og hann kemst að orði.

Þannig láti nærri að um 350 mál berist embættinu á mánuði þar sem taka þarf ákvörðun eða skoða nánar innan mánaðar. Áður hafði ríkissaksóknari ákært tvo karlmenn og tvær konur fyrir smygl á tæpum 1.8 kílóum af kókaíni, einnig frá Alicante. - jss

# Vilja hækka lífeyrisaldur

**Mannfjöldaspár segja að hlutfall lífeyrisþega muni tvöfaldast á komandi árum. Samtök atvinnulífsins vilja hækka eftirlaunaaldur í samræmi við það. Hagfræðingur segir hækkun geta haft neikvæð áhrif á hagvöxt.**

**EFNAHAGSMÁL** Mannfjöldaspár Samtaka atvinnulífsins (SA) greina frá því að hlutfall Íslendinga yfir 65 ára aldri muni meira en tvöfaldast á næstu 40 árum, að því er kemur fram í riti SA um umbætur í opinberum fjármálum. Hlutfall fólks á vinnualdri, sem er á aldursbilinu 20 til 65 ára, er nú sex á vinnualdri fyrir hvern einn eldri en 65 ára. Gangi spár Hagstofunnar eftir mun hlutfallið falla niður í tvo, hafa lækkað um meira en helming, árið 2050.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, leggur til að brugðist verði við lengri meðalævi með því að hækka lífeyrisaldur til að sporna við skerðingu lífeyris eða hækkun iðngjalda. Hann segir að eldra fólki muni fjölga hlutfallslega mikið á komandi árum og vinnandi fólki muni á sama tíma fækka.

„Hækkun eftirlaunaaldurs úr 67 árum í 68 ár hjá almennum lífeyrissjóðum og Tryggingastofnun og að hækka jafnframt þennan aldur hjá lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna úr 65 í 68 ár myndi koma í veg fyrir skerðingu," segir Vilhjálmur. „Þetta er eitthvað sem þarf virkilega að taka á þegar til framtíðarinnar er horft. Og framtíðin kemur innan skamms."

Gylfi Zoëga, hagfræðingur hjá Háskóla Íslands, segir mun meira máli skipta að horfa á hagvöxtinn í landinu, ekki hversu margir séu á vinnumarkaði hverju sinni.

„Mestu skiptir að skapa umhverfi sem fyrirtæki geta dafnað í og menntakerfi sem býr nemendur undir störf í þessum fyrirtækjum, ekki einblína á fjölda þeirra sem eru á vinnumarkaði," segir Gylfi. „Hækkun eftirlaunaaldurs getur haft þau áhrif að sparnaður almennings dragist saman vegna þess að ekki er þörf á sama lífeyri og áður. Þetta hefði neikvæð áhrif á fjárfestingu og hagvöxt sem gæti vegið upp á móti áhrifum aukinnar vinnumarkaðsþátttöku eldri borgara."

Gylfi segir eldri borgara á Íslandi nú þegar vinna þarft og mikið verk sem sé að taka þátt í umönnun og uppeldi barnabarna sem geri mikla atvinnuþátttöku barnafólks mögulega. Það sé alls ekki víst að þjóðfélagið væri betur sett ef eldri borgarar væru þess í stað í vinnu, kannski við það að sinna sama verkefni.

„Það er samt ekkert sem mælir á móti því að þeir sem vilja vinna eftir sjötugt geri það," segir Gylfi.

sunna@frettabladid.is

### Meðalaldur íslensku þjóðarinnar




Heimild: Hagstofa Íslands

### Ísland vel sett

Henný Hinz, hagfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands (ASÍ), segir lífeyriskerfið hér á landi ekki vera eins háð hlutfalli fólks á vinnualdri eins og hjá öðrum Evrópuþjóðum, þar sem Ísland sé að hluta til með sjóðasöfnunarkerfi.

„Hér stendur hver undir sínum lífeyri sjálfur og það kemur okkur til góða," segir Henný. „Þó er þetta að hluta til þannig að við sem erum að borga skatta í dag erum að borga lífeyrisþegum þeirra framfærslueyri. Nú eru stærri kynslóðir að fara á lífeyri heldur en koma á vinnumarkaðinn, sem þýðir að það eru færri að standa undir lífeyrinum."

Henný segir Ísland þó vera betur sett heldur en þær Evrópuþjóðir þar sem barneignatíðni er lægri, en þó séu þar mun minni kynslóðir að fara á vinnumarkaðinn heldur en áður.

### Um meðalaldur

Meðalaldur er meðaltal af aldri einstaklinga innan tiltekinna hópa (landa, landshluta, starfsgreina). Aldurstölur eru lagðar saman og deilt í útkomuna með fjölda einstaklinga.


Rockwood fellihýsi fyrir Íslenskar aðstæður

Rockwood Premier 2317G 12 fet.



m/ útdraganlegri hlið.

Verð: 2.998.000kr

Rockwood Premier 1904 10 fet.



Verð: 2.698.000kr

Rockwood 191XR OFF ROAD 10 fet.



Verð: 2.798.000kr

Ríkulegur staðalbúnaður í Rockwood fellihýsum

- **Galvaníseruð grind**
- **Evrópskar þrýstibremsur**
- **Upphitaðar 12 cm springdýnur**
- Tjakkar með sandskeifum á öllum hornum
- Góð fjöðrun, fjaðrir sem henta vel á íslenskum vegum
- Útdraganleg trappa við inngang
- Breitt nefhjól (uppblásið gúmmídekk)
- Handbremsa og varadekk m/hlíf
- 50 mm kúlutengi
- 220v tengill (blár skv. reglugerð)
- Útvarp með geislaspilara, hátalarar inni og úti
- Radial dekk / 13" álfelgur
- Vatnsh. öndunardúkur í svefnrými
- Dometic kæliskápur XL 2,5 cubic
- SMEV ryðfrí gaseldavél m/rafstarti
- 2 gaskútar
- Gasviðvörunarkerfi
- Öflug Truma combi 4 miðstöð m/heitu vatni
- Stór loftlúga m/þriggja hraða viftu
- Skyggni (markísa)
- Skyggðir gluggar
- Flugnanet f. gluggum og hurð
- Gardínur f. gluggum og svefnrými
- 2ja feta geymsluhólf
- Stórt farangurshólf
- Voldugir öryggisarmar fyrir þak og tjald
- 3 x 12 volta loftljós og 1 x útiljós
- 1 x færanlegt lesljós með viftu
- 110 amp rafgeymir
- Heitt og kalt vatn, tengt
- Rafmagnsvatnsdæla
- 86 lítra vatnstankur
- Klósett með hengi

Torfæru útgáfan frá Rockwood fyrir þá sem vilja komast lengra.

- **upphækkað á 15" dekkjum**
- **sér styrkt grind og sterkari hjólabúnaður.**

Opnunartími:
Mán - Föst. kl: 10-18
Laug - Sun. kl: 12-16

Útilegu maðurinn®

Fosshāls 5-7 • 110 Reykjavík • Sími 551 5600 • utilegumadurinn.is

ENNEMM / SÍA / NM42843





# Aðeins 25 kr. dagurinn

Farðu á Netið í símanum og fylgstu með fréttum, sendu tölvupóst, uppfærðu Fésbókina eða spjallaðu við vini þína á MSN. Netið í símanum fylgir þér um landið þvert og endilangt.
Dagurinn kostar aðeins 25 kr. / 5 MB

**Kynntu þér 3G áskriftarleiðirnar á siminn.is**

Það er **Síminn**

800 7000 • siminn.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvernig á að nýta óvænt svigrúm í ríkisfjármálum?

# Fresta sköttum og skera meira

Fréttablaðið sagði frá því í gær að tekjur ríkisins á síðasta ári hefðu verið 40 milljörðum króna yfir áætlun. Tekjuskattur hefði skilað mun meiru en áætlað var vegna minni tekjusamdráttar í samfélaginu en gert var ráð fyrir og jafnframt hefði atvinnnuleysið ekki orðið jafnmikið og menn óttuðust.

Það eru að sjálfsögðu góðar fréttir að rekstur okkar sameiginlega sjóðs gangi betur en áformað var. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra nefnir í samtali við blaðið að aðhaldsaðgerðir í ríkisrekstrinum hafi jafnframt tekizt vel og útgjaldamarkmiðin haldið „og vel það“, sem þýðir að niðurskurðurinn í ríkisrekstrinum gekk eftir og gott betur.


SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is




Í frétt Fréttablaðsins í gær kom fram að blaðið hefði heimildir fyrir því að horft væri til þess við fjárlagavinnuna að hærri tekjur síðasta árs þýddu að skera þyrfti minna niður en menn höfðu séð fram á. Ríkisstjórnin varpar þá sjálfsagt öndinni léttar, enda er niðurskurður ríkisútgjalda erfitt og óvinsælt verkefni.

Samt er ástæða til að ríkisstjórnin staldri við og velti fyrir sér næstu skrefum í ríkisfjármálunum. Til að byrja með þarf væntanlega að ganga úr skugga um hvort tekjuaukinn er varanlegur og hægt að gera ráð fyrir honum áfram. Ef niðurstaðan er sú að skattahækkanirnar, sem hafa komið til framkvæmda, skila meiri tekjum en áformað var, er þá ekki ráð að fresta nýjum sköttum, sem þyngja skattbyrði fólks og fyrirtækja, fremur en að hætta við áformaðan niðurskurð?

Staðreyndin er sú, að í tíð ríkisstjórna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og síðar Samfylkingarinnar voru ríkisútgjöldin þanin út með afar óskynsamlegum hætti. Það er vissulega kaldhæðni söguunnar að það skuli koma í hlut fyrstu hreinræktuðu vinstristjórnarinnar að vinda ofan af þeirri vitleysu, svona í ljósi þess að vinstrimenn hafa yfirleitt talað fyrir útþenslu ríkisbáknsins. Verkefnið verður engu að síður ekki umflúið.

Það er óskynsamlegt og óábyrgt að hugsa eins og fyrri ríkisstjórnir gerðu; að á meðan nóg kæmi í kassann þyrfti ekki að hafa svo miklar áhyggjur af gjaldahliðinni.

Enn þarf að taka heilmikið til í gjaldahlið ríkisbúskaparins og helzt að stilla útgjaldastigið af þannig að hægt sé að halda því án áframhaldandi skattpíningar almennings og fyrirtækja.

Þegar eru farin að sjást merki þess að fyrirtæki með alþjóðlega starfsemi hugsi sér til hreyfings vegna óhagstæðs skattaumhverfis, eins og Viðskiptaráð Íslands hefur bent á. Hækkanir á tekjuskatti einstaklinga hafa einnig letjandi áhrif á efnahagslífið og draga úr verðmætasköpun í einkageiranum.

Bakland stjórnarflokkanna er ekki hrifið af niðurskurði ríkisútgjalda. Áframhaldandi skattahækkanir og minni niðurskurður er auðvelda leiðin fyrir ríkisstjórnina, en alveg klárlega röng leið engu að síður.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



HEILSUVERND

Læknamóttaka

Læknamóttaka Heilsuverndar er opin öllum frá kl. 9-12 og kl. 14-18 alla virka daga. Tímapantanir í síma 510 6500 eða á vefsíðum okkar www.hv.is og www.doktor.is undir tenglinum Læknisþjónusta.

Doktor.is

Heilsuvernd • Holtasmára 1 • 201 Kópavogur • Sími 510 6500 • hv@hv.is







AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

# Íhugun flokkanna



ÞORSTEINN PÁLSSON

Um síðustu helgi hélt Sjálfstæðisflokkurinn landsfund sem upphaflega var boðað til í þeim tilgangi einum að kjósa varaformann. Ríkisstjórnarflokkarnir héldu flokksráðs- eða flokksstjórnarfundi. Eftir kosningarnar á dögunum lýstu talsmenn allra flokkanna yfir því að þeir myndu taka þau skilaboð sem úrslitin sýndu til alvarlegrar íhugunar.

Rétt er að meta fundi flokkanna í þessu ljósi. Báru þeir vott um að boðuð íhugun á skilaboðunum hefði átt sér stað? Í því samhengi vakti sérstaka athygli að forystuflokkur ríkisstjórnarinnar sendi engin merki til kjósenda um að hann vildi beita sér fyrir því að leysa þá málefnakreppu sem fjötrað hefur stjórnarsamstarfið og viðreisn efnahagslífsins.

Sá ríkisstjórnarflokkanna sem ábyrgð ber á ríkisfjármálunum taldi ekki nauðsynlegt að skýra þá óvissu sem ríkir um framhald ríkisfjármálaaðgerðanna. Hann taldi heldur ekki þörf á að skýra fyrir kjósendum hvernig málefnaleg stjórnarkreppa á að fæða af sér hagvöxt og stöðugleika í íslensku efnahagslífi.

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins var með afgerandi hætti frábrugðinn fundum ríkisstjórnarflokkanna. Þaðan komu ný og afar skýr skilaboð um afstöðu flokksins til þeirra samninga um mögulega aðild Íslands að Evrópusambandinu sem nú standa fyrir dyrum. Þau afmarka stöðu Sjálfstæðisflokksins með glöggum hætti og varpa ljósi á framtíðarsýn hans.

Evrópumálin voru einnig helsta málið sem framvarðarsveit VG fjallaði um. Segja má að íhugun flokkanna á skilaboðum kosninganna hafi að svo vöxnu snúist um það að skýra hvernig flokkspólitískar línur liggja um það mál. Það ber að virða. Hitt þarf að skoða hvaða áhrif ný staða í þeim efnum hefur á valdatafl stjórnmálanna annars vegar og möguleikana á efnahagslegri viðreisn þjóðarbúsins hins vegar.

## Áhrifin á valdataflið

Sjálfstæðisflokkurinn er nú orðinn afturhaldssamari í Evrópumálum en VG. Það styrkir hann í samkeppninni um óánægjukjósendur VG. Landsbyggðarfylgi VG gæti þannig færst yfir á Sjálfstæðisflokkinn í einhverjum mæli. Á hinn bóginn reynir trúlega ekki að marki á hvort hann heldur þeim hluta kjósenda sinna sem eru nær miðjunni fyrr en dregur að næstu kosningum. VG virðist hins vegar draga fylgi frá vinstri væng Samfylkingarinnar.

Stóru tímamótin í íslenskum stjórnmálum frá málefnalegu sjónarmiði eru þau að Sjálfstæðisflokkurinn segir sig nú frá áhrifum á mikilvægasta tíma þeirra samninga sem senn hefjast um nýtt skref í vestrænni samvinnu landsins. Það hefur aldrei gerst fyrr og veikir að minnsta kosti tímabundið samningsstöðu Íslands.

VG ætlar að endurmeta Evrópumálin á haustfundi. Fari svo að þeir geri afturköllun umsóknarinnar að skilyrði fyrir framhaldi stjórnarsamstarfsins er ekki útilokað að forsætisráðherra kyngi slíkri niðurstöðu og stjórnin sitji áfram. Það myndi hins vegar valda miklum óróa í Samfylkingunni og tæra hana upp í aðdraganda kosninga.

Hér þarf hins vegar að hafa í huga að VG og þeir flokkar sem fóru á undan þeim lengst til vinstri hafa ekki gert utanríkispólitík að fráfararatriði í stjórnarsamstarfi síðan 1946. Þingmenn VG greiða nú til dæmis atkvæði með fjárframlagi Íslands til NATO. Því er allt eins sennilegt að VG ákveði að standa við gefin loforð í stjórnarsáttmálanum.

## Áhrifin á framtíðina

Efnahagslegu áhrifin af hinni hörðu línu Sjálfstæðisflokksins í Evrópumálum koma fram í því að raunhæfir málefnakostir um stjórnarsamstarf eru nú aðeins tveir: Núverandi stjórn eða samstarf Sjálfstæðisflokks og vinstri arms VG; hugsanlega með aðild Heimssýnararms Framsóknarflokksins.

Þetta þýðir að sú málefnalega stjórnarkreppa sem ríkt hefur á Alþingi um skeið verður ekki leyst að öllu óbreyttu. Hugmyndir um breiðari samstjórn á miðju stjórnmálanna virðast vera úr sögunni að minnsta kosti um sinn.

Skilaboð kjósenda í sveitarstjórnarkosningunum voru að vísu ekki skýr. Erfitt er hins vegar að lesa annað úr þeim en einlæga ósk um breiða samstöðu á miðju stjórnmálanna í stað upphrópana og innantómra persónulegra ásakana sem eru kjarni stjórnmálaumræðunnar í dag.

Í þessu ljósi skýtur skökku við að fyrsta fundalota þriggja stjórnmálaflokka til íhugunar á skilaboðum kosninganna skuli leiða til þeirrar niðurstöðu að þeir hafa fjarlægst það sem flestir töldu vera ósk kjósenda. Pólitískur óróleiki sýnist vera síst minni eftir þessa fundi en fyrir þá.

Alvarlegast er þó að þessi staða hindrar eða í besta falli tefur markvissa stefnumótun um viðreisn þjóðarbúsins. Áframhaldandi efnahagsleg stöðnun og óvissa er sú framtíðarsýn sem fundir flokkanna skilja sameiginlega eftir.

Ólíklegt er að þorri kjósenda næst miðju stjórnmálanna sætti sig við þessa lokuðu stöðu til lengdar.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*

## SAFARÍKT Á GRILLIÐ



40% afsláttur

FYLLTAR GRÍSALUNDIR
FERSKAR
**1.799**
kr/kg - áður 2.998



Ný vara

GRILL BBQ
KJÚKLINGABRINGUR
**1.798**
kr/kg - áður 1.998



25% afsláttur

*Ódýrt ... fyrir heimilið!*

LAMBALÆRI
FROSIÐ
**998**
kr/kg - áður 1.331



NEKTARÍNUR
500 GR ASKJA
**199**
kr/pk

## REYNSLUBOLTAR Í GOLFINU

GOLFARAR!
MUNIÐ AÐ VERSLA
GOLFBOLTA FYRIR MEISTARAMÓT
GOLFKLÚBBANA




**48** stk /pk
VATNABOLTAR

**12** stk/pk
VATNABOLTAR

# Ísland og ESB – þjóðarumræða eða þöggun?

Evrópumál



**Árni Þór Sigurðsson**
þingmaður VG og formaður utanríkismálanefndar Alþingis

Samskipti Íslands og Evrópusambandsins og einstakra ríkja innan þess hafa um langt árabil verið mikil. Hvort sem litið er til stjórnmálanna, menningar, sögu, viðskipta eða atvinnulífs. Ísland er Evrópuþjóð og skipar sér almennt á bekk með þeim.

Tuttugu og sjö ríki hafa kosið að vinna náið saman innan Evrópusambandsins, mörg Evrópuríki standa utan bandalagsins, sum þeirra hafa sótt um aðild, önnur eru ekki á þeim buxunum.

### Samþykkt Alþingis

Ísland sótti um aðild að ESB sl. sumar á grundvelli samþykktar Alþingis. Í vinnuferlinu innan Alþingis kom það í hlut utanríkismálanefndar að leggja meginlínur um hagsmuni Íslands í viðræðunum. Í áliti meirihluta nefndarinnar var stjórnvöldum settur ákveðinn rammi og lögð áhersla á að tryggja samfellda upplýsingagjöf frá framkvæmdavaldinu til löggjafans og samstarf þessara aðila ásamt víðtæku samráði við hagsmunaaðila í samfélaginu.

Afstaða þjóðarinnar til Evrópusambandsins hefur lengi verið mæld í gegnum skoðanakannanir. Um langt skeið var meirihluti þjóðarinnar þeirrar skoðunar, ef marka má kannanir, að við ættum að sækja um aðild að ESB og láta reyna á hagsmuni okkar á þeim vettvangi. Það var t.a.m. staðan þegar Alþingi fól ríkisstjórninni að sækja um aðild.

Nú blása aðrir vindar. Framganga Breta og Hollendinga í Icesave-málinu, efnahagslegir erfiðleikar á evrusvæðinu o.fl. eiga vafalaust sinn þátt í þeirri þróun. Þessir vindar geta út af fyrir sig breyst aftur með skömmum fyrirvara. Ef einstakar skoðanakannanir eiga að ráða því hvort við erum með aðildarumsókn á borðinu í Brussel eða ekki, gætum við allt eins lent í þeirri stöðu að sækja um og draga umsókn til baka með jöfnu millibili. Það er ekki fýsilegur kostur og langt í frá trúverðugur fyrir land og þjóð.

### Vinstri græn og Evrópusambandið

Það er öllum ljóst að ESB-umsóknin hefur reynst mínum flokki, Vinstrihreyfingunni grænu framboði, erfið. Helgast það einkum af því að á sama tíma og flokkurinn hefur mótað þá stefnu að hagsmunum Íslands sé betur borgið utan ESB en innan á flokkurinn aðild að ríkisstjórn sem á í aðildarviðræðum á grundvelli samþykktar Alþingis. Hagsmunamati VG hafa m.a. ráðið sjávarútvegs- og landbúnaðarmálin, en einnig ýmsir aðrir þættir, s.s. samþjöppun valds andspænis valddreifingu, viðskiptamúrar, afstaðan til alþjóðahyggju o.fl.

Í aðdraganda að umsókn Íslands bar gjaldmiðilsmálin hátt í umræðunni og margir hafa áreiðanlega horft til evrunnar sem sterks og stöðugs gjaldmiðils til lengri tíma litið og að hún gæti komið í stað hinnar flöktandi og veiku krónu.

Við myndum núverandi ríkisstjórnar var ákveðið að leggja fyrir Alþingi tillögu um umsókn að ESB og láta þannig meirihlutavilja Alþingis ráða för. Flokksráð VG og þingflokkur féllust á þessa málsmeðferð og báðir stjórnarflokkar áskildu sér rétt til að halda uppi sínum málflutningi. Meginatriðið er að Alþingi samþykkti að fara í aðildarviðræður og þá samþykkt á að virða. Þetta mál þarf að útkljá á sómasamlega hátt svo það vofi ekki yfir okkur til langrar framtíðar.

Það er ekki síður hagsmunamál þeirra sem hafa efasemdir um eða eru alfarið andvígir aðild að ESB að málið sé til lykta leitt í þjóðaratkvæðagreiðslu.

> Upplýst umræða og lýðræðisleg ákvörðun þjóðarinnar í kjölfarið er margfalt farsælli til lengri tíma litið en sú einfalda leið að ýta málinu út af borðinu. Slíkt á meira skylt við þöggun og það kemur ekki á óvart að harðlínuöfl í Sjálfstæðisflokknum vilji fara þá leið.

### Þöggum ekki umræðuna

Við Vinstri græn eigum að vera ódeig við að taka þátt í málefnalegri umræðu innan flokks og utan, beita rökum og afla sjónarmiðum okkar fylgis meðal þjóðarinnar, óháð því hvaða afstöðu hver og einn tekur þegar málið verður lagt fyrir þjóðina.

Á landsfundi VG vorið 2009 var stefna flokksins gagnvart ESB-aðild áréttuð en jafnframt samþykkt að flokkurinn vildi stuðla að opinni og lýðræðislegri umræðu um kosti og galla aðildar og að þjóðin ætti að ráða örlögum sínum í þessu efni.

Nú hafa komið fram hugmyndir um að rétt sé að draga ESB umsóknina til baka. Frá mínum bæjardyrum séð er það slæmur kostur. Það myndi að ég tel setja lok á frekari þjóðarumræðu um kosti og galla aðildar og koma í veg fyrir að þjóðin tæki ákvörðun á grundvelli upplýstrar umræðu og málefnalegra röksemda. Upplýst umræða og lýðræðisleg ákvörðun þjóðarinnar í kjölfarið er margfalt farsælli til lengri tíma litið en sú einfalda leið að ýta málinu út af borðinu. Slíkt á meira skylt við þöggun og það kemur ekki á óvart að harðlínuöfl í Sjálfstæðisflokknum vilji fara þá leið.

### Tökumst á í þágu farsællar framtíðar

Það er eðlilegt að tekist sé á um Evrópusambandsaðild hér á landi. Í þeirri glímu verðum við að forðast kreddur, bæði þá að ESB bjargi hér öllu og eins hina að aðild að ESB sé upphaf og endir alls ills. Margvíslegir hagsmunir mæla gegn aðild eins og að ofan greinir en því verður ekki á móti mælt að aðildinni geta einnig fylgt ýmsir kostir, s.s. meiri efnahagslegur stöðugleiki en við búum við í dag, bætt viðskiptaumhverfi, pólitísk samleið með öðrum Evrópuþjóðum, ný og vonandi öflugri byggðastefna o.fl. Enda þótt við þekkjum innviði ESB og stefnu sambandsins í veigamiklum atriðum tel ég brýnt að við hefjum samningaviðræður og freistum þess að ljúka þeim með eins góðri niðurstöðu í okkar veigamestu hagsmunamálum og kostur er.

Grundvallaratvinnugreinar, eins og sjávarútvegur og landbúnaður, eiga að fagna tækifærinu til að takast á um sína hagsmuni og skerpa þannig sýn og röksemdir, og vitaskuld er það ekki svo að í þessum greinum megi hvergi velta völum úr leið. En aðrir málaflokkar, eins og til að mynda byggðamál, umhverfismál, félagsleg réttindi og gjaldmiðilsmál, verða líka að fá gaumgæfilega umfjöllun.

Um leið þurfum við að vinna hörðum höndum að endurmótun íslensks samfélags og koma okkur upp úr þeirri lægð sem við erum í sem þjóð, bæði í efnahagslegum og hugarfarslegum skilningi. Það er nefnilega þýðingarmikið að þegar þjóðin tekur ákvörðun um framtíð sína þá eigi hún val um tvo góða kosti, kosti sem hvor um sig yrðu farsælir fyrir íslenska þjóð. Stjórnmálamenn, hagsmunasamtök, fjölmiðlar og fræðasamfélag bera mikla ábyrgð á því að svo verði.

Það getur enginn óskað sér annars en að framtíðin verði björt og heillarík fyrir samfélag okkar og komandi kynslóðir.


Bodrum - Tyrkland

20. júlí í 11 nætur

frá kr. 94.840

11 nátta ferð - ótrúleg kjör!

Ótrúleg sértilboð

Queen Apartments
Með eða án fæðis

Hotel Bitez Garden Life
"Allt innifalið"

Hotel Eken
"Allt innifalið"



Án fæðis, hálft fæði eða "allt innifalið"

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á allra síðustu sætunum til Bodrum í Tyrklandi 20. júlí í 11 nætur. Í boði er gisting á Queen Apartments, Hotel Bitez Garden Life, í hinum skemmtilega Bitez bæ og hinu vinsæla Hotel Eken í Gümbet. Queen Apartments er gott og notalegt fjölskyldurekið íbúðahótel sem býður góðan aðbúnað. Í boði er að kaupa sérstaklega fæði (morgun- og kvöldverð). Hotel Bitez Garden Life er fallegt og gott hótel sem býður góðan aðbúnað og fjölbreytta þjónustu. Hótelið var endurnýjað á smekklegan hátt fyrir um tveimur árum. Örstutt að ganga á ströndina og í miðbæinn. Á hótelinu er "allt innifalið" sem felur m.a. í sér morgun-, hádegis- og kvöldverð auk innlenda óáfengra og áfengra drykkja. Fyrir ýmsa aðra þjónustu á hótelinu getur þurft að greiða sérstaklega. Hotel Eken var byggt árið 2004 og býður gestum fjölbreytta þjónustu og góðan aðbúnað í fríinu. Bodrum býður þín með einstakan menningararf, stórbrotna náttúrufegurð, töfra Eyjahafsins, frábæran mat og ótrúlega hagstætt verðlag! Gríptu tækifærið og bókaðu frábært frí á hreint ótrúlegum kjörum.

Ath. aðeins örfáar íbúðir og herbergi í boði. Verð getur hækkað án fyrirvara!

Kr. 94.840
- Queen Apartments ***
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með 1 svefnherbergi í 11 nætur. Sértilboð 20. júlí. Aukalega fyrir hálft fæði kr. 2.000 kr. á dag fyrir fullorðna og kr. 1.000 fyrir börn (að 12 ára aldri).

Kr. 127.240
- Hotel Eken ***+ með "öllu inniföldu"
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í fjölskylduherbergi með "öllu inniföldu" í 11 nætur. Sértilboð 20. júlí. Verð m.v. gistingu í tvíbýli með "öllu inniföldu" í 11 nætur kr. 160.480

Kr. 139.740
- Hotel Bitez Garden Life ****
með "öllu inniföldu"
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í fjölskylduherbergi með "öllu inniföldu" í 11 nætur. Sértilboð 20. júlí. Verð m.v. gistingu í tvíbýli með "öllu inniföldu" í 11 nætur kr. 169.280

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


# Virðing Alþingis

Stjórnmál



**Pétur Bjarnason**
sjávarútvegsfræðingur

Bankahrunið hefur margvíslegar neikvæðar afleiðingar fyrir íslenskt þjóðfélag. Ég vil treysta því að úr þeim erfiðleikum öllum sé verið að vinna.

Þó er þar ein undantekning á. Virðing Alþingis, sem því miður var ekki svo beysin fyrir, laskaðist verulega í hruninu. Mér er nær að halda að það vantraust, sem almenningur ber til Alþingis og margra annarra yfirvalda, sé ein af alvarlegustu afleiðingum allra þessara mannlegu hamfara, sem gengið hafa yfir okkur undanfarin misseri. Og enginn virðist bera virðingu Alþingis fyrir brjósti. Að minnsta kosti eru þeir í miklum minnihluta, sem þangað eru kosnir, sem leggja eitthvað á sig til þess að rétta hlut sinnar stofnunar gagnvart almenningi í landinu.

Sá sandkassaleikur, sem stjórnarandstaðan hefur boðið upp á, þrátt fyrir alvarlega stöðu þjóðfélagsins og þær andlýðræðislegu málþófsaðgerðir, sem hún hefur gripið til og þar sem atburðir virðast m.a.s. vera tímasettir eins og stundatafla grunnskólanemenda, vekur viðbjóð alls venjulegs fólks, sem ekki er fyrirfram blindað af forheimskandi flokkshollustu. Ungir og fyrrum „efnilegir" landsfeðurkanditatar hafa orðið uppvísir að því að taka við skipunum um að tala og um hvað á að segja í hverju máli og skiptir þá engu hvaða skoðun viðkomandi þingmaður hefur sjálfur – ef um nokkuð slíkt er að ræða. Og þótt sjónum hér sé frekar beint að stjórnarandstöðunni vegna þess að hún er í þeirri aðstöðu núna að geta skemmt mest fyrir stjórninni (les þjóðinni) og líka vegna þess að staða þjóðarinnar er alvarlegri en áður – m.a. þeim að kenna að verulegu leyti – þá er stjórnarmeirihlutinn lítið betri. Þeir eiga margir, sem mynda hann, ljóta sögu málþófsaðgerða og vinnubrögð á þingi, þar sem stórum og mikilvægum málum er dembt inn á þing á lokadögum þess, án þess að nokkur von sé til þess að þau fái faglega og vandaða umfjöllun. Og margumtalaður sýnileiki í vinnubrögðum er ennþá innihaldslaust hugtak fyrir allt venjulegt fólk.

Nú vill maður trúa því að flestir og jafnvel allir alþingismenn hafi metnað til þess að láta gott af sér leiða og búi yfir hæfileikum til sjálfstæðrar hugsunar, þótt þess sjái alltof lítið stað. Því vil ég skora á þá alla að endurmeta stöðu sína. Átta sig á því að þeirra bíður mikilvægt verkefni að auka virðingu Alþingis og skapa því hærri sess meðal þjóðarinnar. Það kallar á ný og bætt vinnubrögð. Það kallar á að kasta af sér hjarðeðlinu og brjótast undan oki flokksforystu, sem ekki virðist sitja í háum söðli. Það kallar á að þingmenn setji hagsmuni þjóðarinnar í fyrsta sæti. Ekki eitthvað annað.

Ég sé í blöðum að Pétur Blöndal Alþingismaður hugleiðir að segja af sér vegna aðstæðna, sem honum finnast ómögulegar. Ég verð því að láta þá skoðun mína í ljós að virðing Alþingis myndi enn frekar minnka við brotthvarf Péturs. Honum er hjarðeðlið ekki eins í blóð borið og flestum öðrum. Ég vona því að Pétur láti því ekki verða af hótun sinni.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



OFUR TILBOÐ
RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM
1.-4.JÚLÍ
25% AF ALLRI
SMÁVÖRU
OG VIÐ MEINUM ALLRI
SMÁVÖRU!
© ILVA Ísland 2010
SUMARLEIKUR
4. júní - 19. júlí
Komdu í verslun okkar og taktu þátt
í sumarleiknum þar sem þú gætir
unnið sumarhúsgögn í garðinn að
andvirði 240.000,- Dregið verður 21. júlí
VISA Lán
- VAXTALAUST
Bjóðum uppá
vaxtalaust
lán til 6 mánaða
ILVA kaffi
Tortilla m/osti og skinku,
(borið fram með salati).
690,-
ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is - laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30

NÝTT!

# Orlando Florida

2.–10. október




## Óendanleg uppspretta skemmtunar!

Úrval Útsýn býður upp á nýjung í haust og flýgur til Orlando í Bandaríkjunum! Orlando er fjölbreytt borg og einn af vinsælustu áfangastöðum heims fyrir fjölskyldur. Orlando hefur upp á að bjóða þekktustu skemmtigarðar heims, Disney World, Sea World, Universal Studios ásamt mörgum öðrum. Hægt væri að heimsækja nýjan skemmtigarð hvern dag vikunnar og þegar fólk hefur fengið fylli sína af þeim hefur Orlando upp á margt annað að bjóða og má segja að borgin bjóði upp á óendanlega möguleika til skemmtunar! Úrval af frábærum golfvöllum, söfnum og veitingastöðum. Þeir sem njóta þess að versla munu einnig geta svalað þorsta sínum í öllum þeim glæsilegu verslunarmiðstöðvum sem Orlando hefur uppá að bjóða, og ber þá helst að nefna Florida Mall, Premium Outlet og margar fleiri. Í boði verður fjölbreytt úrval gistinga á mjög hagkvæmu verði og staðsetning þeirra flestra gerir bílaleigubílinn óþarfan. Bókaðu núna á urvalutsyn.is og tryggðu þér þitt sæti!




ÚRVAL·ÚTSÝN
Sími 585 4000



**Alamo Vacation Homes**
*Íbúð með 3 svefnherbergjum.*

**VERÐ FRÁ:**
**88.500 kr.**
m.v. 4 fullorðna og 2 börn
**Brottför:** 2. október – 8 nætur



**Staybridge Suites**
*Íbúð með 2 svefnherbergjum og morgunverði.*

**VERÐ FRÁ:**
**97.600 kr.**
m.v. 4 fullorðna og 2 börn
**Brottför:** 2. október – 8 nætur



**Baymont Inn**
*Herbergi með morgunverði.*

**VERÐ FRÁ:**
**86.800 kr.**
m.v. 2 fullorðna og 2 börn
**Brottför:** 2. október – 8 nætur




## Fjölbreytt úrval af skíðaáfangastöðum

Við hjá Úrvali Útsýn höfum verið leiðandi ferðaskrifstofa í áratugi og vitum nákvæmlega hvernig þú vilt hafa skíðaferðina þína. Við bjóðum upp á vinsælustu skíðastaði Íslendinga undanfarin ár, Madonna og Selva í ítölsku Ölpunum, Davos í Sviss og Wagrain, Alpendorf og Flachau í Austurríki. Við munum í vetur fljúga beint til Innsbruck og þaðan er stutt í öll skíðasvæði. Ánægjuleg reynsla viðskiptavina okkar undanfarin ár hefur sannreynt að þeir hafa upp á allt það besta að bjóða. Við sendum þig í skíðaferðina með bros á vör!



### Wagrain – Austurríki
**Hotel Alpina** ★★★★
Herbergi með hálfu fæði.

**VERÐ FRÁ:**
# 149.900 kr.
m.v. 2 fullorðna og 1 barn
**Brottför:** 15. janúar – 7 nætur



### Selva – Ítalía
**Residence Antares** ★★★
Íbúð með einu svefnherbergi.

**VERÐ FRÁ:**
# 99.240 kr.
m.v. 3 fullorðna og 2 börn
**Brottför:** 15. janúar – 7 nætur



### Madonna – Ítalía
**Residence Ambiez** ★★★
Íbúð með einu svefnherbergi.

**VERÐ FRÁ:**
# 91.300 kr.
m.v. 2 fullorðna og 2 börn
**Brottför:** 15. janúar – 7 nætur



### Davos – Sviss
**Club Hotel Davos** ★★★
Herbergi með hálfu fæði.

**VERÐ FRÁ:**
# 144.700 kr.
m.v. 2 fullorðna og 1 barn
**Brottför:** 15. janúar – 7 nætur



# Kaupi ekki röntgenmyndir

**Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir** ætlaði einu sinni að verða **Bogi Ágústsson**. Bogi Ágústsson er viss um að hann hefði orðið vondur leikari. ***Júlía Margrét Alexandersdóttir*** hitti leikkonuna og fréttamanninn sem hafa aldrei komið nakin fram.

## Á RÖKSTÓLUM

*Hafið þið hist áður? Hver er eftirminnilegasta minning ykkar um hvort annað?*

Gulla: Við höfum sést en ekki hist formlega. Það slær ekkert út þegar Bogi skipti um hárgreiðslu, eftir að hafa verið með sömu hárgreiðsluna í tuttugu ár. Nýr Bogi eitt kvöldið var umræðuefnið á öllum heimilum.

Bogi: Einmitt, þegar hárið var stytt og ég fékk topp. Við Gulla höfum sést uppi í sjónvarpi, í sminki og svona. Þannig að við höfum kinkað kolli hvort til annars. Áfengisauglýsingin sem Gulla leikur í er mér ferskust í minni þessa stundina, einfaldlega vegna þess að hún er svo ný.

### Grafarvogur eða Kópavogur

*Þið þekkist þá ekki en allir hafa fyrirframmótaðar hugmyndir að einhverju leyti um náungann. Hvað getið þið ímyndað ykkur um hvort annað?*

**Bogi:** Ég myndi álykta að Gulla hljóti að hafa áhuga á sögu og umhverfi, miðað við að hún starfar sem verkefnisstjóri Viðeyjar. Svo er jú augljóst að hún hefur áhuga á leiklist, því fólk velur sér ekki svo ótryggt ævistarf nema hafa brennandi áhuga. Að því leytinu til myndi ég líka áætla að hún væri ákveðin og takist það sem hún ætlar sér. Hún gæti búið hvar sem er. Það væri tiltölulega örugg ágiskun hjá mér að segja í hundraðogeinum. Konan mín kennir í Austurbæjarskóla og því veit ég að það eru margir leikarar sem búa á því svæði. Þannig að það eru svona ágætis líkur á því allavega.

**Gulla:** Þetta er ansi smart skotið hjá þér. Nema að ég bý í 105 póstnúmeri. Það sem ég ímynda mér um Boga er að hann sé fjölskyldumaður, eigi dálítið af börnum, allavega svona tvö, ef ekki þrjú, og búi í einbýlis- eða raðhúsi í úthverfi. Grafarvogi jafnvel eða í Kópavogi. Ég hef þá tilfinningu að vinnan sé áhugamál númer eitt. Ég sé hann ekki fyrir mér í golfi, laxveiði, hestum eða neinu svona.

**Bogi:** Þetta er allt rétt! Ég á þrjú börn og bý í úthverfi þannig séð – á Seltjarnarnesi. Þess má geta að sagan segir að öfgafullir Vesturbæingar búi þar. Ég hef heldur engan áhuga á golfi eða hestamennsku en ógurlegan áhuga á fréttum og sjónvarpi. Ég er því einn af þeim sem er algjörlega óþolandi að horfa með á sjónvarp. Það er hreinlega ekki hægt. Hins vegar er hægt að fara með mér í leikhús og ég hugsa að við hjónin höfum séð örugglega 70 prósent af þeim sýningum sem voru til sýnis í Borgarleikhúsinu síðasta vetur.

### Botnlangakast ekki íþróttameiðsl

*Lítum yfir fréttir vikunnar. Röntgenmyndir af Marilyn Monroe voru slegnar á metverði á uppboði vestanhafs. Hafið þið oft farið í röntgenmyndatöku? Hvaða röntgenmynd þekkts Íslendings væruð þið reiðubúnust til að kaupa?*

**Gulla:** Ég hef bara farið einu sinni í röntgenmyndatöku, þegar ég var 14 ára eftir körfuboltaleik.

**Bogi:** Röntgenmyndir hafa oft verið teknar af mér í tengslum við íþróttir. Reyndar er það markmið flestra íþróttamanna að hafa það bókfært að hafa aldrei þurft að leggjast inn á spítala nema vegna íþróttameiðsla. Þannig reyndi ég einu sinni að fá lækni til að skrifa upp á það að það væru íþróttameiðsl þegar botnlanginn var tekinn úr mér. Það tókst víst ekki …

**Gulla:** Var ekki röntgenmynd tekin af beinum einhvers af gömlu biskupunum? Væri það ekki voðalega smart innrammað uppi á vegg.

**Bogi:** Jú, ef ég man rétt var Páll Jónsson Skálholtsbiskup grafinn upp á 6. áratug síðustu aldar. Þú ert að tala um beinin hans líklega.

**Gulla:** Ég á ótrúlega smart röntgenmynd af syni mínum sem við sýnum gestum á jólum og öðrum tyllidögum. Hún var tekin þegar hann viðbeinsbrotnaði.

**Bogi:** Mér er alveg sama þótt það sé ekki í boði að segja pass á það hverjum ég myndi vilja eiga röntgenmynd af. Mig langar ekki í röntgenmynd af neinum! Punktur.

### Flottir að ofan

*Flytjum okkur þá úr röntgenklefanum til Búlgaríu. Ásdís Rán Gunnarsdóttir mun prýða forsíðu karlatímaritsins Playboy þar í landi í júlímánuði. Ásdís Rán fer eftir stífu mataræði í tvær vikur fyrir stóra daginn, borðar eggjahvítur og kjúklingabringur. Hafið þið farið í strangt aðhald fyrir eitthvað tilefni? Og mynduð þið einhvern tímann koma nakin fram?*

**Gulla:** Ég held að allir sem hafa verið aðeins yfir kjörþyngd hafi prófað alls kyns kúra. Persónulega hef ég aldrei farið í átak vegna hlutverks heldur hefur það verið þegar mér sjálfri hefur verið nóg boðið. Þó eru til mörg þannig dæmi, til dæmis frægt hvernig Jóhanna Vigdís tók sig í gegn fyrir Chicago. Kjúklingabringur og eggjahvítur virka örugglega fínt ef maður ætlar að fara í Playboy en ég held þetta sé bara spurning um almennt heilbrigð.

**Bogi:** Maður hefur kannski lagt meira á sig en venjulega þegar maður ætlar í eitthvað sérstakt hlaup en ekkert átak þannig lagað. Ég er búinn að vera á sama mataræði alla ævi. Hvað nektina varðar sé ég ekki eftirspurnina eftir því að ég komi nakinn fram. Og sem betur fer þá er það þannig að þegar ég kem fram fyrir alþjóð, er yfirleitt ætlast til þess að ég sé klæddur. Stundum, að vísu, getur maður svindlað. Það sér enginn að maður er í dökkbláum jakka við brúnar flauelsbuxur ef maður er bara að lesa fréttirnar.

**Gulla:** Haha. Ég man einmitt eftir því að hafa séð fréttamann á leið í fréttatíma, allan uppstílaðan fyrir ofan mitti en svo var hann í snjáðum gallabuxum og klossum við. Ég hef þurft að koma fram á nærfötum á sviði, en aldrei alveg nakin. Það er mjög erfitt að koma fram klæðalítill og maður þarf að hafa það á hreinu að nektin þjóni einhverjum tilgangi í sýningunni, því tilgangslaus nekt á leiksviði verður svo skömmustuleg, sérstaklega fyrir áhorfendur.

### Reykti með Aeroflot

*Þota rússneska flugfélagsins Aeroflot þurfti að lenda óvænt á Íslandi á laugardag og losa sig við tvo drukkna farþega sem virtu ekki reykingabann í fluginu og voru með ólæti. Hafið þið séð flugdólg að verki? Ef þið ættuð að útnefna þrjá Íslendinga í að vera verðir háloftanna – hverja mynduð þið velja?*

**Gulla:** Maður hefur séð fulla kallinn í flugi en aldrei þannig að maður hafi fengið óöryggistilfinningu. Aðalfréttin í þessu finnst mér þó að Aeroflot skuli vera alfarið búið að banna reykingar. Ég flaug til Moskvu með Aeroflot fyrir nokkrum árum og þá reykti maður því það var sannarlega í boði! Ég myndi til að byrja með fá Ómar Ragnarsson í að hafa hemil á flugdólgum. Það þekkir enginn betur en hann rétta hegðun í háloftunum.

**Bogi:** Góð hugmynd – eitt það mikilvægasta þegar átt er við flugdólga er að leiða athygli þeirra frá ólátunum með einhverju skemmtilegu, og það gæti Ómar gert. Þá dettur mér líka í hug Jóhannes eftirherma sem gæti auðveldlega sinnt því hlutverki. Ef ekkert af þessu dygði væri gott að hafa einhvern kraftajötunn eins og Magnús Ver til taks.

**Gulla:** Já. Það er líka einn leikstjóri sem er býsna röggsamur og duglegur að halda uppi aga og gerir mjög skýrar og ákveðnar kröfur til allra þeirra sem hann vinnur með. Þórhildur Þorleifsdóttir gæti auðveldlega séð um þá sem færu að haga sér eins og fábjánar. Svo er Íslandsmeistarinn í því að stilla til friðar auðvitað Geir Jón. Maður hefur séð hann róa fólk í ham á einhvern svo gullfallegan hátt með náungakærleik að vopni.

### Bogi yrði góður leikari

*Að lokum. Ef þið ættuð að skipta um hlutverk og þú Bogi, ættir að sjá um verkefnastjórn í Viðey í einn dag, og skipuleggja húllumhæ þar – hvað myndirðu gera? Hvernig fréttir myndir þú vilja flytja Gulla? Hvernig leikari yrðirðu, Bogi?*

**Bogi:** Ég held að ef við ætlum að koma Viðey á framfæri alþjóðlega sé einstakt tækifæri í sambandi við friðarsúluna. Gallinn er hins vegar sá að John Lennon var fæddur 9. október, sem er ekki gott veðurfarslega séð. Það er spurning hvort það væri til dæmis ekki hægt að finna útgáfudag Imagine eða eitthvað sem ber upp á sumardag og tengja það við John Lennon. Saga Viðeyjar er líka nátengd allri Íslandssögunni. Einn þekktasti arkitekt Danmerkur, Nicolai Eigtved, teiknaði Viðeyjarstofu og ég myndi vilja höfða til sagnfræðiáhuga Íslendinga, í bland við útivist. Þannig að ef ég fengi einhverju um þetta ráðið, yrði hætt við að dagskráin yrði með sagnfræðiívafi og svolítið hönnuð fyrir sjálfan mig.

**Gulla:** Þessi hugmynd með Imagine í Viðey er auðvitað bara slegin! Væri ég hins vegar í fréttum myndi ég bara vilja flytja góðar fréttir. Til dæmis flytja fréttina af Kaupmannahafnarsamþykktinni fullkomnaðri. Jafnvel segja frá því að Aung San Suu Kyi hafi verið látin laus. Og vera svo með beinar lýsingar á öllum leikjum frá Bonnar-Bienalnum.

**Bogi:** Hvernig leikari yrði ég? Vondur. Fyrst og fremst. Leikarar hafa ýmsa hæfileika sem ég hef ekki.

**Gulla:** Eins og?

**Bogi:** Þeir þurfa að geta dansað og geta sungið. Og það er ýmislegt svona hvað varðar samhæfingu hreyfinga sem ég er ekki mjög góður í.

**Gulla:** Ég held einmitt að þú hefðir getað orðið svolítið skemmtilegur leikari. Það er þessi gríðarlega forvitni og þörf fyrir rannsóknarvinnu á mannlegu eðli og öllu sem gerist í heiminum. Það er fullt af leikurum sem geta hvorki sungið né dansað. Það er aldrei neitt of seint!



**SAMA MATARÆÐI ALLA ÆVI** Bogi Ágústsson hefur verið á sama mataræði alla ævi. Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir er viss um að kjúklingabringur og eggjahvítur virki ágætlega fyrir þá sem ætla að koma fram í Playboy. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

> Stundum, að vísu, getur maður svindlað. Það sér enginn að maður er í dökkbláum jakka við brúnar flauelsbuxur ef maður er bara að lesa fréttirnar.

# Útsölur!



40%
afsláttur af öllum vörum
herra GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410




BOSS
HUGO BOSS
40%
afsláttur af öllum vörum
HUGO BOSS
HUGO BOSS | KRINGLUNNI 533 4242




50%
afsláttur af öllum vörum
B&S
KONUR
BOSS
HUGO BOSS
HUGO
HUGO BOSS
SAND
RALPH LAUREN
B&S | Kringlunni 553 4141




40%
afsláttur
af öllum vörum
TICKET TO HEAVEN
molo
bisgaard
hummel
POLO RALPH LAUREN
ENGLABÖRNIN
Falleg föt á stelpur og stráka...
Kringlunni sími 552 2201

# Minna menntuð en við héldum

**Brottfall úr framhaldsskólum er óvenjumikið hér á landi og mun færri ungmenni hafa lokið framhaldsnámi hér en í OECD-löndunum. Þjóðin er minna menntuð en hún hélt. Langflest atvinnulaus ungmenni hafa einungis lokið grunnskólanámi. *Kolbeinn Óttarsson Proppé* kynnti sér brotthvarf úr framhaldsskólum og komst að því að Íslendingar standa öðrum þjóðum langt að baki.**

Íslendingar guma gjarnan af menntun þjóðarinnar og til hennar var meðal annars gripið sem eins af úrræðunum út úr kreppunni. Vissulega er fjöldi fólks vel menntaður, en rannsóknir sýna að íslensk ungmenni eru minna menntuð en jafnaldrar þeirra í samanburðarlöndunum.

Á þessu virðast vera fjölmargar skýringar. Þjóðfélagsgerðin er ólík hér þegar kemur að atvinnuþátttöku ungmenna og svo virðist sem hér sé óvenjumikill þrýstingur á nemendur að fara í bóknám. Þá er sveigjanleiki í námi hér mjög mikill og síðast, en fráleitt síst, er framhaldsskólinn lengri hér en víða annars staðar.

### Brotthvarf helst stöðugt

Kristjana Stella Blöndal hefur rannsakað brotthvarf úr framhaldsskólum, meðal annars í samvinnu við Jón Torfa Jónasson og Sigríði Aðalsteinsdóttur. Hún segir Ísland skera sig úr þegar kemur að fjölda þeirra sem hverfa frá námi. Athyglisvert sé einnig að brotthvarfið helst stöðugt hér.

„Hér hafa verið rannsakaðir þrír árgangar með tilliti til brotthvarfs. Jón Torfi skoðaði ´69 árganginn, við tvö skoðuðum ´75 árganginn og Hagstofan gerði sams konar rannsókn á ´83 árganginum. Það merkilega er að á þessu 13 ára tímabili helst brotthvarfið mjög svipað; eða í kringum 40 prósent nemenda. Það er að segja að við 24 ára aldur hafa um 40 prósent þeirra ekki lokið neinu framhaldsskólanámi.

Þetta er í mótsögn við þróunina hjá OECD-löndunum, þar sem brotthvarf fer minnkandi með árunum. Hér helst það hins vegar stöðugt.“

Evrópusambandið setti sér árið 2000 markmið um að árið 2010 yrði brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum ekki meira en 10 prósent. Það er ljóst að Íslendingar eiga langt í land með að ná þeirri tölu. Þó virðist það fara minnkandi, hefur minnkað um 5 prósent frá árinu 2000.

### Menntunar- og atvinnulausir

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir brottfall vera vandamál sem þurfi að taka á. Fólk eigi að geta aflað sér menntunar í lífinu og eiga fleiri tækifæri.

„Vandamálið er að stór hluti sækir sér enga menntun umfram grunnskólann og okkur vantar meira framboð af tækifærum fyrir það fólk. Hér hafa lýðskólar til dæmis aldrei dafnað og fólk verið að einblína um of á menntaskólana, eða svipaða menntun.

Það skiptir svo miklu máli að virkja einstaklingana og að flestir upplifi það að þeir geti aflað sér frekari menntunar í lífinu. Að þeir eigi frekari tækifæri.“

Tölur sýna að yfirgnæfandi meirihluti ungmenna á atvinnuleysisskrá hefur aðeins lokið grunnskólanámi. Í október 2009 átti það við um 67 prósent allra 29 ára og yngri sem voru án atvinnu. Af þeim sem höfðu verið atvinnulausir sex mánuði eða lengur höfðu 72 prósent einungis lokið grunnskólanámi.

Þegar allir á atvinnuleysisskrá eru skoðaðir, frá 16 til 70 ára, kemur í ljós að yfir helmingur, eða 52 prósent, hefur einungis lokið grunnskólanámi.

### Úrræðin ekki nýtt

Á Íslandi fara næstum allir nemendur í framhaldsskóla, eða yfir 90 prósent. Þannig hefur það verið um langt skeið. Líkt og menntamálaráðherra bendir á hefur ekki verið mikið framboð af annars konar námi. Það hefur hins vegar breyst á undanförnum árum og í bæklingi sem dreift er til grunnskólanema er boðið upp á um 80 starfs- og verknámsbrautir.

Flóran er því fjölbreytt, en athygli vekur að brautirnar eru mjög kynskiptar. Annars vegar er um hefðbundnar karlabrautir að ræða eins og raf- og bíliðnir, en hins vegar förðun og hárgreiðslu. Kannanir sýna að meira brottfall er úr verknáminu heldur en bóknámi og er það í takti við það sem gerist í Evrópu.

Katrín Jakobsdóttir segir að vissulega hafi framboð á verknámi aukist. Framhaldsskólarnir séu hins vegar enn mjög bóknámsmiðaðir. Vandamálið sé að fá nemendur til að nýta sér önnur úrræði sem eru í boði. Það hafi ekki gengið sem skyldi.

Hún bendir á listnámsbrautir sem nýjung sem sé að verða æ vinsælli. Í raun eigi nemendur að geta fundið flest við sitt hæfi, en mörg úrræðin séu vannýtt.

### Íslensku aðstæðurnar

Skólakerfið á Íslandi þykir vera mjög sveigjanlegt. Það er kostur, en getur um leið boðið hættunni heim ef nemendum er ekki fylgt eftir. Sveigjanleikinn gerir það að verkum að nemendur skipta gjarnan um brautir og ef þeir eru án handleiðslu hættir þeim frekar til að flosna upp.

Þá er það sérstætt hér að framhaldsskólinn er lengri en víðast hvar annars staðar, tekur fjögur ár. Samtök atvinnulífsins hafa bent á þetta í skýrslu og lagt til að skólinn yrði styttur. Það mundi draga úr brottfalli og auka menntun fólks á vinnumarkaði.

Raunin er hins vegar sú að þeir sem vilja hafa getað klárað stúdentspróf á þremur árum um langa hríð, áfangakerfið hefur boðið upp á það. Stella segir rannsóknir sýna að rúmlega helmingur þeirra sem hættir í námi hafi lokið minna en eins árs námi. Um 80 prósent þeirra sem hverfa á brott hafa lokið minna en tveggja ára námi. Krakkarnir virðast því hætta í upphafi náms, ekki þegar reynt hefur á árin fjögur.

„Þá hefur verið þrýstingur í okkar samfélagi á bóknámið. Það er til dæmis sérstakt hvað margir fara á náttúrufræðibraut hjá okkur, það virðist vera þrýstingur í þá átt. Rannsóknir sýna að meiri líkur eru á að barn flosni upp úr námi ef misræmi er á milli þess sem það vill læra og þess sem foreldrarnir vilja að það læri,“ segir Kristjana Stella.

Þá er það sérstakt hve stór hluti íslenskra ungmenna vinnur mikið. Það þekkist ekki annars staðar í Evrópu. Annars vegar vinna þau mikið með náminu, stundum allt að heila vinnuviku samhliða náminu. Hins vegar hafa þau fengið vinnu þegar þau flosna upp úr náminu. Stella segir að það verði áhugavert að fylgjast með hvernig breyttar aðstæður í efnahagslífinu hafi áhrif á þennan þátt.

### Hefst í grunnskóla

Ólíkt því sem margir gætu haldið þá er námsárangur ekki eina ástæða brotthvarfs. Vissulega hætta fæstir þeirra sem fá hæstu einkunnirnar og fleiri hætta af þeim sem fá lægstu einkunnirnar. Staðreyndin er hins vegar sú að um meðalkúrfu er að ræða og stór hluti þeirra sem stendur sig ágætlega hverfur frá námi.

Kristjana Stella hefur gert rannsóknir á sama hópnum í grunnskóla, 14 og 15 ára gömlum. Í ljós kom að það sem skiptir mestu máli eru þau tengsl sem krakkarnir finna við skólann og námið, ekki endilega einkunnirnar.

„Hjá þeim sem voru með góða einkunn og hættu námi sá ég að þessi tengsl minnkuðu frá 14 til 15 ára aldurs. Hjá þeim sem voru með slakari einkunn en héldu áfram námi höfðu þessi tengsl hins vegar styrkst.“

Skuldbindingin gagnvart náminu virðist því vera breytileg. „Það er hægt að gera ýmislegt til að auka jákvæð tengsl nemenda við skólann og menntunina. Þannig getur góður kennari gert kraftaverk. Tilfinningarnar gagnvart skólanum og náminu virðast því ráða því hvað gerist varðandi áframhald á náminu.“

### Langt ferli

Þetta er í samræmi við rannsóknir erlendis sem sýna að þau börn sem bindast skólanum og náminu á jákvæðan hátt, samþykkja reglur skólans og mikilvægi námsins, hætta síður námi. Krakkarnir þurfa að líta á skólann sem stað sem þau eru þátttakendur í og eru sammála því sem þar gerist. Um ferli er að ræða sem hefst strax hjá foreldrum.

„Þau börn sem búa við mikla viðurkenningu og stuðning foreldra, en á sama tíma reglufestu og kröfur, eru miklu líklegri til að ljúka námi en þau sem gera það ekki.“

Stella segir kjarnann í sínum rannsóknum vera að ferlið, sem endar í því að ungmenni hverfur brott frá námi, hefjist snemma í skólagöngu barnsins. Skuldbinding nemenda gagnvart námi og skóla sé lykillinn í því ferli.

Til að styðja sem best við krakkana þurfi því að auka náms- og starfsfræðslu í grunnskólum. Krakkarnir þurfi að kynnast vinnumarkaðnum og námi framtíðarinnar betur. „Það þarf að kynna þeim umhverfið og hjálpa þeim að skilja heiminn eins og þau hafa þroska og getu til. Ekki að halda bara stutt námskeið í lok grunnskóla.“

Þá sé mikilvægt að lóðsa nemendur í gegnum framhaldskólana og þá möguleika sem þar finnast. Til þess þurfi betri náms- og starfsráðgjöf.

„Það þarf meiri ráðgjöf til að hjálpa krökkunum til að fóta sig í öllum sveigjanleikanum.“



**SAMRÆMD PRÓF** Námsárangur er fráleitt eini þátturinn sem hefur áhrif á brotthvarf úr framhaldsskóla. Um 40 prósent 24 ára ungmenna hafa ekki lokið framhaldsskólanámi hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Menntun ungmenna eftir löndum

**Hlutfall Evrópubúa á aldrinum 20-24 ára sem lokið hafa að minnsta kosti prófi úr framhaldsskóla árin 2000 og 2007:**




HEIMILD: ESB

## Menntun atvinnulausra 29 ára og yngri*




* í október 2009

Heimild: Félags- og tryggingamálaráðuneytið

# Europris

## ÓDÝRT FYRIR ALLA!

MIKIÐ fyrir LÍTIÐ

Coca Cola 69

TILBOÐSPAKKI

**47.990**

**TRAMPÓLÍN, 3,6 M + ÖRYGGISNET**

- Trampólín í stöku, kr 34.990
- Öryggisnet í stöku, kr 21.990

**6990**

**SÓLHLÍF**

- Viðarstöng
- Ummál: 3 metrar, hæð: 2 metrar
- Fótur fyrir sólhlíf, 32 kg: kr 6990, 16 kg: kr 4990

**1290**

**GRÓÐURMOLD**

- 50 ltr

**1990**

**SÓLSTÓLL**

10 MEGAPIXLAR

hp invent

**19.990**

**HP MYNDAVÉL**

- Veski, 1 GB minniskort, hleðslutæki og rafhlöður, kr 7999

300 Bestikk

**2590**

**HNÍFAPÖR**

- 100 hnífar, 100 gafflar og 100 skeiðar

FRÁ **2990**

**KÆLIBOX**

- 24 ltr, kr 2990
- 32 ltr, kr 5990
- Kælikubbur, 250 gr, kr 245
- Kælikubbur, 1 kg, kr 349

50 stk

**499**

**PAPPADISKAR**

- 22 cm

3 ltr

royal Terrasseolje

**1990**

**VIÐARVÖRN**

- 3 ltr

2 kg

GRILL KULL

**299**

**VIÐARKOL**

- 2 kg

**5990**

**RÚLLUSKAUTAR**

- St 34 - 41

www.europris.is

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

# Byrjuðu í gámi í bakgarði

Fornleifafræðingurinn **Hildur Gestsdóttir** hefur búið í ýmsum heimshlutum um árin, Hondúras, Keníu og Bretlandi og heimsótt foreldra sína í Úganda. Nú leitar hún fornminja á Íslandi. Hún tók við styrk AlheimsAuðar fyrir hönd Alnæmisbarna á dögunum. Hildur sagði *Mörtu Maríu Friðriksdóttur* frá starfsemi Alnæmisbarna og frá ferðum sínum um heiminn.

Eins og pabbi segir söguna þá hafði mamma pikkað í hann einn morguninn, vakið hann og sagt: Nú heldurðu að ég sé orðin klikkuð en ég ætla til Úganda og stofna heimili fyrir götustúlkur,“ segir Hildur Gestsdóttir, sem tók við styrk frá góðgerðarsjóði Auðar Capital, AlheimsAuði, fyrir hönd Alnæmisbarna fyrir tveimur vikum. Styrkinn hlutu Alnæmisbörn til að greiða skólagöngu vegna ungra bágstaddra stúlkna á vegum Candle Light Foundation í Úganda og til að halda úti smálánasjóði. Alnæmisbörn styðja við Candle Light Foundation í Úganda.

Erla Halldórsdóttir, móðir Hildar, stofnaði Candle Light Foundation í Úganda árið 2001. Erla og eiginmaður hennar, Gestur Gíslason jarðfræðingur, höfðu búið þar í landi en voru reyndar flutt til Íslands aftur þegar Erla tók sig upp og fór til Úganda og stofnaði samtökin. Fjölskyldan hafði verið á talsverðu flakki, alla tíð frá því að Hildur var sex ára, þegar þau fluttu til Hondúras. „Pabbi er jarðfræðingur og hann var að vinna hjá Sameinuðu þjóðunum við þróunaraðstoðarverkefni í tengslum við jarðhitarannsóknir. Ferðalögin voru bara mitt líf og mér fannst þau æðisleg,“ segir Hildur sem flutti aftur til Íslands eftir dvölina í Hondúras og bjó hér í tvö ár áður en fjölskyldan fór til Afríku, fyrst til Keníu og seinna Úganda þegar Hildur fór í háskóla í Bretlandi. Hún sótti þó foreldrana í Úganda heim í fríum.

### Talaði við götubörn

Innt eftir tilurð stofnunar Candle Light Foundation segir Hildur að mamma hennar hafi stundað nám í félagsfræði og mannfræði í bandarískum háskóla í Keníu og fengið þar BA-gráðu. „Mamma vann að rannsókn þar sem hún talaði við munaðarleysingja sem búa við mismunandi aðstæður. Sem hluta af þessu verkefni talaði hún við götubörn. Hún sá að það er fullt af samtökum sem hjálpa börnum að búa á götunni en það er voðalega lítið gert til að hjálpa þeim að komast af götunni. Upp úr því ákveður hún að gera eitthvað í því og bæta úr.“

Hildur segir að fæstir búi við rafmagn í Úganda þannig að mömmu hennar datt í hug að setja upp vinnustofu þar sem götustelpur byggju til kerti og fengju dagpening fyrir. Erla kynnti sér kertagerð áður en hún hélt til Úganda. „Hún fékk aðstöðu í gámi í bakgarðinum hjá einum af þeim samtökum sem aðstoða börn við að búa á götunni. Svo stækkaði þetta og þær fluttu í einbýlishús og réðu til sín stelpu sem heitir Rosette sem er forstöðukonan enn í dag. Nú gera þær ýmislegt fleira en kertin, til dæmis skartgripi, föt og körfur.“

Flestar stúlknanna sem leita til Candle Light eru á aldrinum sextán til átján ára og hafa misst foreldra sína sem flestir hafa látist úr alnæmi. „Sumar eru alnæmissmitaðar sjálfar og aðrar hafa þurft að selja sig og eru þess vegna alnæmissmitaðar. Sumar eiga börn,“ upplýsir Hildur. „Þetta er staður þar sem þær fá tækifæri til að vera bara stelpur, slúðra og flétta hver aðra. Þær geta skilið fullorðinsábyrgðina eftir heima.“

### Leitaði til vina og vandamanna

Hildur segir að næsta skref samtakanna hafi verið að mennta stelpurnar og koma þeim aftur inn í skólakerfið. „Mamma byrjaði á því að leita til vina og vandamanna hérna heima og fá peninga til að styrkja fjórar stelpur til náms. Hún sá að það þyrfti meiri strúktúr hérna ef hún ætlaði að halda áfram að styrkja stelpur til skólagöngu þannig að hún stofnaði Alnæmisbörn vorið 2004,“ útskýrir Hildur en í samtökunum eru um sjötíu meðlimir í dag.

Stuttu eftir stofnun Alnæmisbarna, í nóvemeber 2004, veiktist Erla skyndilega. Hún var lögð inn á gjörgæslu þar sem hún lá í átta vikur. „Það eru ekki margir sem liggja í átta vikur á gjörgæsludeild. Það kom bara ekki til greina af hennar hálfu að gefast upp enda ekki til í henni.“ Erla lést á aðfangadag 2004 eftir hetjulega baráttu.

Þegar Erla lést hafði stjórn Alnæmisbarna einungis hist tvisvar. Stjórnarmennirnir, sem höfðu ætlað sér að vera stuðningur við Erlu, tóku við keflinu við lát hennar. „Ég sjálf var ekkert inni í þessu þegar mamma dó en tók sæti hennar í stjórninni. Í febrúar 2005 fór ég út og hitti Rosette til að láta hana vita að við ætluðum að halda Candle Light gangandi,“ segir Hildur og heldur áfram: „Ég verð að viðurkenna að í upphafi átti ég erfitt með að sleppa þessu. Svo slepptum við aðeins af þessu hendinni og þegar Rosette áttaði sig á því að hún stjórnaði tók þetta á flug. Hún hefur gert Candle Light að sínu og það er orðið miklu stærra,“ segir Hildur og bætir við að pabbi hennar sitji í stjórn Candle Light en hún sjálf er varaformaður Alnæmisbarna. Fyrir nokkrum vikum var starfsemi Candle Light viðurkennd af menntamálaráðuneyti Úganda sem verkmenntaskóli.

> Það eru ekki margir sem liggja í átta vikur á gjörgæsludeild. Það kom bara ekki til greina af hennar hálfu að gefast upp enda ekki til í henni

### Stelpur í eigin rekstri

Hildur segir þó að starfið hafi að sjálfsögðu orðið talsvert erfiðara eftir að kreppan skall á með hruni krónunnar. „Styrkurinn sem við fengum frá AlheimsAuði fer að hluta til í að borga skólagöngu stelpnanna. Við erum með styrktaraðila sem borga skólagöngu þeirra. Þegar gengið hrundi varð miklu dýrara að borga sömu upphæðina. Við höfum ekki getað bætt neinni stelpu við síðan.“

Hluti styrksins, tvö hundruð þúsund krónur, mun fara í að tvöfalda smálánasjóð Candle Light. „Í Úganda er algengt að fólk fái ekki vinnu heldur þarf það að búa hana til sjálft. Stelpurnar geta sótt um að fá lán, um þúsund krónur, til að hefja rekstur, þá kaupa þær sér saumavél, hárgreiðslugræjur eða þess háttar. Nokkur hundruð stelpur hafa fengið tækifæri til að hefja sinn eigin rekstur í gegnum þennan sjóð.“



**HEFUR BÚIÐ VÍÐA** Hildur Gestsdóttir segir ferðalögin hafa verið æðisleg. MYND/ÚR EINKASAFNI



**GLEÐI** Þetta er staður þar sem þær fá tækifæri til að vera bara stelpur, slúðra og flétta hver aðra.“ MYNDIR/GESTUR GÍSLASON



**ATHAFNASÖM** Erla Halldórsdóttir stofnaði Candle Light Foundation í Úganda.



**VIÐURKENNT** Samtökin voru fyrir nokkrum vikum viðurkennd af menntamálaráðuneyti Úganda.



**FRÆDST** Erla hafði kynnt sér kertagerð áður en hún hélt til Úganda.



**SAMKOMUSTAÐUR** Sumar stelpnanna eiga börn.


Frítt
í sund
fyrir krakka!
Sundsamlega skemmtilegt!
Ókeypis í sund í sumar fyrir börn og unglinga að 18 ára aldri
ALLSKONAR FYRIR ALLA!
ÍTR
Laugarnar í Reykjavík
www.itr.is • sími 411 5000



**Seljavellir** Ásýnd Seljavalla hefur breyst talsvert á þeim mánuði sem liðinn er frá gosinu. Mikil aska liggur yfir öllu en grænt grasið hefur náð að stinga sér upp úr. Næstu misseri verða ábúendum án efa erfið, vegna öskufoks.



# *Svæði mikilla svipting*a



Ásýnd svæðisins við Eyjafjallajökul hefur breyst mikið síðustu vikur og gróðurinn víða stungið sér upp. Ekki er þó allt sem sýnist. Þegar vind hreyfir fer askan af stað og niðamyrkur verður um hábjartan dag. Það er ljóst að næstu misseri verða ábúendum á jörðunum undir Eyjafjöllum erfið enda gríðarlegt magn af ösku sem þekur bæði láglendi og ekki síður í fjöllum fyrir ofan bæina á svæðinu. Ljósmyndari Fréttablaðsins, *Pjetur Sigurðsson*, heimsótti í vikunni nokkra af þeim stöðum sem myndaðir voru þegar gosið stóð sem hæst og má sjá á þeim hversu ásýnd svæðisins hefur breyst á þessum tíma.



**Þjóðvegur 1** Mikið öskufall var undir Eyjafjöllunum þegar vindátt var óhagstæð og niðamyrkur var á svæðinu þegar ástandið var sem verst.





**Oftar en einu** Oftar en einu sinni komu sjálfboðaliðar og aðstoðuðu heimilisfólk við að hreinsa nærumhverfi sitt. Hér eru meðlimir úr jeppaklúbbnum 4x4 að hreinsa garðinn við Seljavelli. Á neðri myndinni má sjá tíkina Nellý í garðinum, þar sem gróður hefur aðeins náð sér á strik, en eins og sjá má er enn mikil aska sem veldur heimilisfólki miklum vandræðum.

FRAMHALD Á SÍÐU 24




# VIÐ ELSKUM FÓTBOLTA

10.990 (fullt verð 13.990)



**NIKE CTR 360 LIBRETTO FG**
Fótboltaskór úr leðri. Herrastærðir.

1.990



**PRO TOUCH FORCE 30 HS**
Fótboltalegghlífar.

5.490 (fullt verð 6.780)



TILBOÐ STUTTBUXUR OG BOLUR

3.490



**NIKE TOTAL 90 PITCH**
Fótbolti.

3.490



**ADIDAS 2010 GLIDER**
HM-boltinn 2010. Stærðir: 3, 4 og 5.

3.290

**ADIDAS PES TEE TESTA**
Stuttermabolur með öndun. Litir: Hvítur, svartur, rauður.

3.490

**ADIDAS PARMA SHORT**
Stuttbuxur úr polyester. Litir: Bláar, hvítar, rauðar.

2.990



**PRO TOUCH BERLIN**
Sundtöfflur / inniskór, stillanlegir yfir ristina. Dömu- og herrastærðir.

13.990



**NIKE TOTAL 90 SHOOT III L-FG**
Fótboltaskór úr leðri. Herrastærðir.

7.990 (fullt verð 9.990)



**ADIDAS PUNTERO V TRX TF**
Gervigrasskór. Herrastærðir.

13.990 (fullt verð 16.990)



**ADIDAS ADICORE III**
Fótboltaskór úr leðri. Stærðir 37 1/3 - 46 2/3.

INTERSPORT

AKUREYRI SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 LINDIR SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
SELFOSSI SÍMI 856 4610 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 SMÁRALIND SÍMI 585 7240 OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





**Skógafoss** Skógafoss fór ekki varhluta af gosinu og var hann á tímabili kolmórauður. Nú hefur hann náð sinni fyrri fegurð og ferðamenn streyma að sem fyrr til að berja fossinn augum.

FRAMHALD AF SÍÐU 22



**Raufarfell** Það var nöturlegt um að litast við bæinn Raufarfell meðan á gosinu stóð. Nú rúmlega mánuði síðar er hlíðin orðin græn en askan er þó ekki langt undan

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Þorvaldseyri** Unnið var mikið hreinsunarstarf í garðinum við bæinn Þorvaldseyri, en í dag er garðurinn orðinn nokkuð blómlegur.





# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## SPARAÐU MEÐ BÓNUS *OPNUM KL.10.00*

*TILBÚIÐ Á PÖNNUNA*



**498**
KR. KG
BÓNUS GRILL KJÚKLINGALEGGIR

SS GRILL LAMBAFILLET GRAND ORANGE



**30%**
AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 4168 KR.KG
**2918 kr.kg.**



FRYSTIVARA
**998**
KR. KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
**FROSIÐ LAMBALÆRI**
*HAUSTSLÁTRUN 2010*

**30%**
AFSLÁTTUR
KJARNAFÆÐI FERSKT
***KRYDDAÐ HEIÐALAMB***
**1398 KR.KG**
*MERKT VERÐ 1998 KR.KG.*



**898**
KR. KG
**ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR**
AF NÝSLÁTRUÐU



**359**
KR. 600g



**98**
KR. PK
BÓNUS FLATKÖKUR 5 STK



**Sérskorið ferskt lambalæri**
Efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt á lærinu og minna bein !

**1259**
KR. KG
**BÓNUS FERSKT LAMBALÆRI**
FRÁBÆRAR UPPSKRIFTIR Á MATREIÐSLU Á LAMBALÆRI Á www.bonus.is



**459**
KR. 1200g
**ÚRVALS FROSNIR ÁVEXTIR Í HEILSUDRYKKINN**



**298**
KR. PK
BÚRFELLS TAÐREYKT HANGIÁLEGG
143g /11 SNEIÐAR



**565**
KR. KG
**KJÖRFUGL *FERSKUR* HEILL KJÚKLINGUR**
MERKT VERÐ 664 KR.KG ***15% AFSLÁTTUR***



**1259**
KR. KG
DANSKAR GRÍSALUNDIR *FROSNAR*

## BÓNUS *BRAUÐSALAT*



**159**
KR. DS
BÓNUS BRAUÐSALAT 200G



## SÆLGÆTISBARINN
***ENGINN AFSLÁTTUR***
BARA LÁGT VERÐ
ALLA DAGA
**898 KR.KG.**



**98**
KR. STK



**2698**
KR. KG
FRYSTIVARA
**KS FROSIÐ LAMBAFILLET**

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18







# Ævintýralegar eyjasiglingar

Fátt er meira spennandi í huga ungra sem aldinna en sigling út í eyjar. Framandlegt getur verið að stíga á ey þar sem aðeins lundar og aðrir fuglar búa en ekki er verra að hitta fyrir hreinræktaða eyjaskeggja. Fréttablaðið leit yfir nokkrar eyjaferðir.




## 1. ÍSAFJARÐARDJÚP

### Vigur

Að sigla út í Vigur, næststærstu eyjuna í Ísafjarðardjúpi, er hálfpartinn eins og að heimsækja heimili en eyjan er í einkaeign. Margir hafa lýst ferð út í Vigur sem svo að „tíminn standi kyrr“ og afslappað andrúmsloftið og fas íbúa þar er fljótt að smitast. Dagsferðir eru farnar út í eyjuna frá Ísafirði og heildarlengd ferða er um 3-4 klukkustundir. Í bland við stórfenglega náttúrufegurð, ótrúlegt fuglalíf, kýr, krúttleg gömul hús og kletta er einu kornmyllu landsins að finna í eyjunni. Rúsínan í pylsuendanum er svo bakkelsi úr fórum ábúenda, sem gestir gæða sér á í Viktoríuhúsi. Vert er að hafa í huga að þar sem Vigur er jú líka heimili eru myndatökur inn um glugga húsanna ekki góð hugmynd.

## 2. BREIÐAFJÖRÐUR

### Flatey

Gönguferð um Flatey getur verið svipuð upplifun og að ganga inn í 19. aldar leikmynd. Háreist timburhús, klædd marglitu bárujárni, með litlum persónulegum görðum, tún og lítill kirkjugarður. Eyjan er stærst eyja á Breiðafirði. Ferjan Baldur siglir allt árið yfir Breiðafjörð frá Stykkishólmi til Brjánslækjar, með viðkomu í Flatey. Þá siglir Björn Samúelsson á Reykhólum með ferðamenn í Flatey á Breiðafirði, með bátnum Súlunni sem tekur 19 farþega, á vegum Eyjasiglinga. Siglt er frá Stað á Reykjanesi.

## 3. KOLLAFJÖRÐUR

### Viðey

Viðey í Kollafirði er rétt utan við Reykjavík og áætlunarferðir frá Gömlu höfninni, Ægisgarði, eru farnar út í eyjuna árið um kring, alla daga á sumrin og á laugardögum og sunnudögum yfir vetrartímann. Viðey er paradís áhugafólks um sögu því segja má að eyjan sé samofin Íslandssögunni. Í Viðey var rekið klaustur í meira en 300 ár. Um tíma var þar 100 manna þorp sem fór í eyði 1943. Nú er eyjan hluti af heimssögunni með tilkomu Friðarsúlunnar í minningu Johns Lennon.

## 4. SKAGAFJÖRÐUR

### Drangey

Eitt þekktasta kennileiti Skagafjarðar er líklega Drangey. Ekki er siglt út í eyjuna eftir skipulagðri áætlun en sem dæmi má nefna fyrirtækið Drangeyjarferðir sem siglir með fólk þangað frá Reykjum, eftir eftirspurn. Eyjan á sinn stað í hjörtum margra, enda var Grettir Ásmundarson, ein ástsælasta hetja Íslands, drepinn þar samkvæmt sögunni. Uppgangan sjálf í eyjuna er sögð mögnuð, en hún er aðeins kleif á einum stað, þar sem kallast Uppganga. Guðmundur biskup góði var fenginn til að vígja eyjuna eftir tíð slys þar og í Uppgöngu er einmitt að finna Gvendaraltari, þar sem gestir fara með Faðirvorið áður en lengra er haldið. Sé farið varlega á þó enginn að vera í hættu. Notalegur skáli er í eynni sem hægt er að gista í.



## 5. EYJAFJÖRÐUR

### Hrísey

Samgöngur til Hríseyjar á Eyjafirði koma ferðalöngum ljómandi vel. Ferjan Sævar gengur á milli Hríseyjar og Árskógssands nokkrum sinnum á dag og tekur ferðin aðeins um 15 mínútur hvora leið. Hrísey er næststærsta eyjan við Ísland og lítið þorp er að finna á henni syðst. Margt má finna sér til dundurs á eyjunni. Gönguferðir, fuglaskoðun en fuglalíf þar er einstakt. Ekki má gleyma að benda ferðamönnum á að fá sér nautasteik þegar komið er út í eyjuna en þar má finna ljómandi nautgripablendinga af Limosine-, Aberdeen Angus- og Galloway-kyni.

## 6. AUSTURLAND

### Papey

Papey er stærsta eyjan fyrir Austurlandi og tilheyrir Djúpavogshreppi. Eyjan er hreinasta náttúruundur. Boðið er upp á daglegar ferðir út í eyjuna frá Djúpavogi yfir sumartímann þar sem lagt er í hann frá smábátahöfninni klukkan eitt eftir hádegi og komið til baka síðdegis. Siglt er umhverfis eyjuna, fugl og selur skoðaður, og gengið um eyjuna sjálfa. Perla eyjarinnar er minnsta og elsta timburkirkja á Íslandi, en auk hennar má þar finna vita frá 1922, uppgröft Kristjáns Eldjárn á bæ frá 10. öld og nokkrar rústir er kallast Papatættur, en þó hafa ekki fundist nein merki um búsetu Papa í eyjunni.

## 7. NORÐURLAND

### Grímsey

Grímsey er nyrsti mannabústaður Íslands og tilheyrir í dag Akureyri. Eyjan er ein fárra sem hægt er að fljúga til og ferjuferðir eru frá Dalvík, þrisvar sinnum í viku. Með Grímseyjarför getur fólk í leiðinni farið norður fyrir norðurheimskautsbauginn, sem gengur í gegnum eyjuna og oft kemur fólk langt að til þess eins. Í Grímsey er það nokkurn veginn skilyrði að ferðamenn gæði sér á saltfiski, sem er víst afbragð, og versli í Búðinni, sem er einkarekin skemmtileg verslun.



## 8. SUÐURLAND

### Vestmannaeyjar

Líkt og Grímsey má heimsækja Vestmannaeyjar með flugi eða ferju. Þegar þangað er svo komið er hægt að velja á milli fjölbreyttra gistimöguleika sem og veitinga- og skemmtistaða enda íbúafjöldi yfir 4.000. Boðið er upp á alls kyns skoðunarferðir í Eyjum og lundinn er í aðalhlutverki þar sem stærstu lundabyggð heims má finna á staðnum, enda unir hann sér vel á 15 eyjum og 30 skerjum og dröngum.

## Ýmis aukaleg eyjaviska fyrir fróðleiksþyrsta ferðalanga

**Vissir þú að …**

…bóndi eyjarinnar Vigur er af sama ættlegg og búið hefur á eynni síðan árið 1884 – svokallaðri Vigurætt.

…í Vigur má þar finna óvenjufallegan brunn en íbúar í Vigur eru ekki háðir meginlandinu um drykkjarvatn.

…að byggð í Flatey hefur haldist þar í eitt þúsund ár, þökk sé búsældarlegu svæði. Engum varð kalt í Flatey undir þykkum dúnsöngum úr dúni eyjanna í kring og því er talið að ástin og rómantíkin hafa allt tíð verið óvenjublómleg í Flatey–- þar sem allir höfðu nóg að bíta og alltaf var hlýtt.

…að Viðeyjarstofu teiknaði þekktasti arkitekt Danmerkur, sá sami og teiknaði til að mynda konungshöllina í Kaupmannahöfn.

…í Viðey, á haustin, má tína kúmen sem vex þar, nú eða valhumal, sem einnig vex þar og er talinn allra meina bót.

…sigið er eftir eggjum í Drangey og áður fyrr var fuglinn einnig veiddur á fleka sem lagðir voru á sjóinn. Slíkar fuglaflekaveiðar lögðust af árið 1966.

…lausaganga katta og hunda er bönnuð í Hrísey. Það útskýrir kannski sérstaklega hversu blómlegt fuglalíf er í eynni.

…mannlífið í Grímsey er afar blómlegt og Grímseyingar eru taldir glaðlyndari en hinn venjulegi Íslendingur.

…þeir sem langar að gista í Papey geta tekið með sér tjald og húkkað sér ferð til baka með næstu ferð ferjunnar sem gengur þangað daglega.

…Eina sædýrasafn Íslands er að finna í Vestmannaeyjum. Lifandi sýning um eldgosið 1973 er á Byggðasafninu þar.

## Safnaðu síðunum!

Yfir háanna-ferðatímann í sumar birtir helgarblað Fréttablaðsins Íslandskort með upplýsingum fyrir ferðalanga. Um síðustu helgi var það vegvísir að nokkrum dýrindis veitingahúsum víðs vegar um land og í dag leiðarvísir að barnvænum stöðum víða um land. Á næstu vikum má svo búast við svipuðum vísum að ýmsum perlum sem vert er að muna eftir á ferðalaginu.

fjölskyldan
[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA ]
júlí 2010

## Hafsjór af fróðleik

**Meðgöngubókin er uppfull af fróðleik sem kemur sér vel fyrir verðandi foreldra.**

SÍÐA 2






## Á faraldsfæti

**Vala Mörk og Guðjón Svansson ferðuðust með syni sína um Suður-Ameríku.**

SÍÐA 6



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Gæðastundir með stöng í hendi

Að veiða með börnum er dýrmætur fjársjóður í kistu minninganna fyrir uppalendur. Slíkar stundir sameina fjölskyldur í skjóli íslenskrar náttúru þar sem allra veðra er von en verkefni eru ærin og uppskeran ógleymanleg. Sæmundur Valdimarsson fór með sex manna fjölskyldu til veiða í Djúpavatni.

Að vera saman að veiðum í hvernig veðri sem er styrkir fjölskyldutengslin og eflir samkenndina. Í fyrra var grenjandi rigning allan tímann og pollafötin orðin gegndrepa af vatni en allir skemmtu sér stórkostlega," segir Sæmundur Valdimarsson tölvunarfræðingur sem eina dýrðarhelgi seint í júní fór með sína heittelskuðu Moniku Skarphéðinsdóttur og fjögur börn til veiða í Djúpavatni á Reykjanesi, en veiðiferð á þann fagra leynistað er árviss viðburður hjá fjölskyldunni.

„Veiðimennska kennir börnum að vera sjálfstæð; þau læra að kasta út sjálf, draga inn og losa fisk af önglinum, sem allt eru óskaplega skemmtileg verkefni um leið og veiðiskapurinn er þroskandi," segir Sæmundur sem fer víða í veiðiferðir með fjölskylduna á sumrin.

„Áhugi krakkanna eykst með hverju skiptinu sem farið er og ósvikin eftirvænting fyrir hverri ferð. Bjarki sem nú er 5 ára er veiðimaður af lífi og sál með eigin kaststöng og veiðihjól sem ekki er einu sinni barnvænt en kastar eins og hershöfðingi, og nú er Valdimar 10 ára að upplifa sitt fyrsta sumar með flugustöng, meðan stelpurnar, Anja Mist 8 ára og Elísabet Elfa 6 ára, eru útfarnir veiðimenn og nú farnar að beita sjálfar. Næst er svo

FRAMHALD Á SÍÐU 4



FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ
Á AKRANESI 2. - 4. JÚLÍ
Nánar á www.irskirdagar.is



**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir**
skrifar

# Ekki benda á skrýtna karlinn

Fátt er eins vel til þess fallið að skapa vandræðaleg og ógleymanleg augnablik í lífi foreldra og hreinskilni og framhleypni lítilla barna. Eins og í flestum fjölskyldum eru til mýmargar sögur af mér og bróður mínum í æsku, þar sem við létum foreldra okkar engjast um með slíkri hegðun. Bróðir minn var og er mikið blíðmenni og oftast með það á hreinu hvað má og hvað má ekki segja á almannafæri. „Það má alls ekki benda á svona litla og skrýtna karla," sagði hann einu sinni hátt og skýrt við mömmu okkar, um leið og hann benti á lítinn og skrýtinn karl.

Ég var meira í því að segja leikskólakennurunum í Danmörku, þar sem við bjuggum, lygasögur. Mig langaði í dýragarðinn og í Legoland um hverja helgi, sem var ekki alltaf í boði, með kornunga námsmenn sem foreldra. En ímyndunaraflið kemur sterkt inn þegar viljinn nær ekki sínu fram að ganga, svo ég sagði fóstrunum iðulega frá ævintýralegum ferðum fjölskyldunnar um helgar. Þegar mamma kom að sækja mig tóku fóstrurnar oft á móti henni með bros á vör og spurðu: „Ooo, var ekki dejligt hjá ykkur um helgina í Legolandi?"

Ég hef í gegnum tíðina velst um af hlátri yfir þessum sögum og skemmt mér við að ímynda mér viðbrögð foreldra minna við þessar ómögulegu aðstæður. En nú er komið að þeim, ömmunni og afanum, að hlæja og okkur systkinunum að engjast. Við eigum nefnilega bæði lítil börn á miðju þriðja árinu sem eru komin með fínasta tak á tungumálinu.

Mér finnst ekkert skemmtilegra en að spjalla við strákinn minn og lendi oft í því að gapa af undrun yfir því hvað hann er orðinn lunkinn við að koma hugsunum sínum í orð. Þetta nýfengna frelsi, að vera búinn að mastera talfærin og upplifa að fólk skilji, gerir það að verkum að hann hefur breyst í afkastamikla orðaframleiðsluvél. Talar stanslaust, frá því hann sest upp í rúminu á morgnana þangað til hann lognast út af á kvöldin. Og hann talar upp úr svefni líka.

Og auðvitað talar hann líka stundum um eitthvað sem er fullkomlega óviðeigandi að færa í orð. „Mamma! Af hverju er þessi kona með svona stóra bumbu? Svona stóra, stóra risabumbu?" sagði hann í sturtuklefanum í sundi um daginn. Hjá mér varð fátt um móðurleg svör. Ég roðnaði, setti höfuðið undir bununa og lét mig dreyma um að konan hefði geymt heyrnartækin sín í búningsklefanum.

Ég veit þetta er bara byrjunin á ballinu. Næstu árin á ég eftir að lenda reglulega í aðstæðum þar sem ég vildi óska að ég gæti sveipað um mig huliðsskikkju eða hreinlega gufað upp. Eitt er þó gott. Minningar verða til sem aldrei gleymast. Sundlaug Vesturbæjar, þennan sumardag árið 2010, verður að eilífu greypt í mitt minni.

**Fjölskyldan** kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. Ritstjórn: Sigríður Björg Tómasdóttir Hönnun: Silja Ástþórsdóttir Forsíðumynd: Vilhelm Gunnarsson Pennar: Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Marta María Friðriksdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir, Sunna Valgerðardóttir og Þórdís Lilja Gunnarsdóttir Ljósmyndir: Fréttablaðið Auglýsingar: Benedikt Jónsson benediktj@365.is

SUMAR 9




Marsipan & Hansakaupmenn
12. - 19. ágúst

Stralsund er ótrúlega fögur borg með heildstæðan miðaldarblæ og er saga Stralsund samofin sögu hansakaupmannanna. Ferðin hefst á flugi til Berlínar og er haldið þaðan til Stralsund þar sem gist er í 3 nætur. Förum í dagsferð til drottningar hansaborgara, Lübeck, skoðum hið fræga borgarhlið, förum á safn og smökkum á marsipani sem Lübeck er fræg fyrir. Leiðin liggur síðan til Rostock þar sem er áhugavert miðaldasafn og endum á eyjunni Rügen sem er þekkt fyrir náttúrufegurð. Gistum í 4 nætur í bænum Sellin og njótum strandmenningarinnar. Farið verður í skoðunarferð um Jasmund þjóðgarðinn, til Putbus sem er miðstöð menningar á Rügen og skoðum veiðihöllina Göhren. Komum einnig á Usedom eyjuna, förum í gönguferð yfir til Swinoujscie í Póllandi og siglum um Müritz-vatnasvæðið. Ferðin endar í höfuðborginni Berlín þar sem farið verður í skoðunarferð áður en flogið er heim á leið.

**Fararstjóri: Kristín Jóhannsdóttir**
**Verð:** 164.400 kr. á mann í tvíbýli **Örfá sæti laus!**
**Innifalið:** Flug, skattar, hótelgisting, allar skoðunarferðir með rútu, hálft fæði og íslensk fararstjórn.

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR



**Samheldin** Fjölskylda Sigríðar hittist sennilega oftar en flestar aðrar fjölskyldur, enda vinna allir í henni í sama fyrirtæki. Frá vinstri: Arthúr, Gauti Rafn, Ólafur, Agnes, Ólöf María, Sigríður, Arnar Guðni og Bernharður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Man ekki eftir að við höfum rifist

**Sigríður Ólafsdóttir er hluti af samheldinni fjölskyldu sem vinnur saman og rífst aldrei. Maðurinn hennar hefur unnið hjá fjölskyldufyrirtækinu síðan hann var fimmtán ára, en heima við er umræðuefnið frekar fótbolti en vinnan.**

Samheldni í fjölskyldum er mismikil. Fjölskylda Sigríðar Ólafsdóttur hittist sennilega oftar en flestar aðrar, enda vinna allir í henni saman í fjölskyldufyrirtækinu Tæknibæ. Auk foreldra hennar vinna þar bræðurnir tveir og eiginmaður hennar. Börnin hennar tvö eru enn á leikskólaaldri þannig að þau eru ekki farin að hjálpa til en koma oft í heimsóknir. „Fyrirtækið var stofnað þegar ég var sex ára en þegar verslunin var stofnuð byrjaði ég að hjálpa til þá á unglingsaldri," segir Sigríður sem er þrítug.



Sigríður er menntaður viðskiptafræðingur og vann um skeið í áhættustýringu hjá Kaupþingi. „En það á betur við mig að vera í fjölskyldubisness, vera í rekstri og sjá afrakstur vinnunnar strax," segir Sigríður, sem sér um fjármálin en stekkur í önnur verk þegar þarf eins og aðrir starfsmenn. „Það er svolítið skemmtilegt hvað við höfum fundið okkar sess í fyrirtækinu fjölskyldan. Eldri yngri bróðir minn Arthúr, sér til dæmis um vefsíðuna og vefverslunina en hann lærði hugbúnaðarverkfræði. Gauti Rafn sá yngsti í hópnum er svo mest í versluninni og sölumennsku. Hann er 22 ára og hefur lokið fyrsta árinu í verkfræðinni," segir Sigríður.

Foreldrar Sigríðar, þau Ólafur Arason og Agnes Arthúrsdóttir, stofnuðu fyrirtækið og þó að þau hafi dregið sig út úr daglegum rekstri vinnur faðir hennar fyrir fyrirtækið en mikið heima. Maðurinn hennar, Bernharður Guðmundsson, hefur hins vegar einna lengstan starfsaldur starfsmanna, enda hefur hann unnið þar síðan hann var fimmtán ára.

Þrátt fyrir að fjölskyldan lifi og hrærist í Tæknibæ þá tekst þeim að forðast að tala um vinnuna þegar þau hittast í matarboðum. Sama má segja um Sigríði og Bernharð. „Við kúplum okkur út heima og tölum þeim mun meira um aðaláhugamálið, fótbolta," segir Sigríður en þau hjónin spiluðu bæði með Stjörnunni í yngri flokkum. „Nú búum við í Kópavogi sem er alvarlegt mál nú þegar sá aldur nálgast að krakkarnir fara að æfa," segir Sigríður og hlær, en Breiðablik er hverfisfélagið.

Sigríður segir ýmsa kosti fylgja því að vinna með fjölskyldunni og segir þau alltaf hafa verið samrýmd. „Mamma man varla eftir því að við höfum rifist systkinin," segir Sigríður sem tókst að smita bræður sína af hlaupabakteríu á síðasta ári. „Við fórum saman til Berlínar og hlupum þar maraþon. Það var kannski ekki svo rosalegt afrek fyrir mig þar sem ég hef alltaf verið í góðu formi, þeir hins vegar hafa ekki verið jafn mikið í íþróttum þannig að þetta var meiriháttar afrek fyrir þá. Ég veit eiginlega ekki hvernig mér tókst að plata þá út í þetta." *- sbt*

## BÓKIN

**Meðgangan viku fyrir viku** Margar konur sem eiga von á barni hafa gaman að því að eiga bók sem fylgir þeim í gegnum meðgönguna stig fyrir stig. Lengi hefur vantað slíka bók á íslensku en nú hefur verið bætt úr því, með útgáfu Meðgöngubókarinnar hjá Sögu útgáfu. Í henni er að finna miklar og fróðlegar upplýsingar fyrir verðandi foreldra og svör við velflestum þeim spurningum sem kunna að vakna á meðgöngunni, bæði hjá móður og föður. Í henni eru hagnýt ráð er varða allar hliðar meðgöngunnar, foreldrahlutverkið, tilfinningaleg íhugunarefni og hvernig annast á nýburann eftir fæðingu.

Sérstaklega er skemmtilegt og fróðlegt að skoða myndirnar í bókinni, sem sýna hvernig bumban stækkar og barnið þroskast, viku fyrir viku. Bókin er skrifuð af teymi sérfræðinga, ljósmæðra, lækna og annarra sérfræðinga. Hún er þýdd og staðfærð af Eddu Ýr Þórsdóttur, hjúkrunar- og lýðheilsufræðingi, sem jafnframt starfar við ungbarnaeftirlit.






# Ódýrt að skipta yfir í Smellugas Olís

**Nýi þrýstijafnarinn er þér að kostnaðarlausu og við tökum gamla kútinn upp í.**

**Dæmi 1**
Þú skilar inn tómum 9 kg stálkút með gamla kerfinu, kaupir 11 kg stálkút með Smellugasi Olís og færð 25% afslátt af innihaldi.

= **4.813 kr.** með 25% afslætti af innihaldi

**Dæmi 2**
Þú skilar inn tómum 11 kg stálkút með gamla kerfinu, kaupir 11 kg stálkút með Smellugasi Olís og færð 25% afslátt af innihaldi.

= **1.603 kr.** með 25% afslætti af innihaldi

**Dæmi 3**
Þú skilar inn tómum 10 kg plastkút með gamla kerfinu, kaupir 10 kg plastkút með Smellugasi Olís og færð 25% afslátt af innihaldi.

= **931 kr.** með 25% afslætti af innihaldi

Olís hefur innleitt Smellugas, nýtt og einfaldara kerfi við gasnotkun. Þrýstijafnarann þarf ekki lengur að skrúfa á stútinn – honum er einfaldlega smellt á.

**Ef þú þarft aðstoð við að koma nýja þrýstijafnaranum fyrir geturðu pantað heimaþjónustu.**

**Nánari upplýsingar fást á smellugas.is, í síma 515 1100 og á næstu Olís-stöð.**






smellugas.is

Smellugas

olís

# veiðiferð

*er góð skemmtun..*



**VÖRN** Sólhattur eða derhúfa ætti að sitja á hverjum kolli þegar sólin skín glatt. Börn eru oft þunnhærð svo sólin á greiða leið að hársverðinum og þau geta einnig brunnið þar sem hárinu er skipt. Ungbörn ætti að verja fyrir beinu sólarljósi og ávallt skal bera sterka sólarvörn á stálpaðri krakka.

**Flugveiðiskóli barnanna** Fluguveiðiskóli fyrir börn og unglinga hefur verið settur á fót í gamla Elliðavatnsbænum. Þar verða fluguveiðinámskeið haldin nú í júlí, þar sem farið verður yfir fluguköst, fluguhnýtingar, öryggi í veiði, búnað, atferli fiska, meðhöndlun og eldun afla.

Námskeiðin eru ýmist þriggja eða fimm daga, og eru fyrir börn og unglinga á aldrinum 10 til 17 ára.

Næstu námskeið eru 14. til 16. júlí. Nánari upplýsingar á www.veidiheimur.is.










FRAMHALD AF FORSÍÐU

að kenna smáfólkinu hnútana og að græja upp stangirnar,“ segir Sæmundur sem smitaðist af veiðibakteríunni þegar hann kynntist fluguveiði fyrir fimmtán árum, en í æsku fór hann fremur áhugalaus til veiða með föður sínum.

„Það kom ekki fyrr en með auknum þroska að ég fór að kunna að meta veiðiskapinn, en þar spilar þolinmæði líka stórt hlutverk. Ég hafði ekki eirð í mér til að hanga yfir flotholti, en í fluguveiði hefur maður meira fyrir veiðinni sem krefst meiri nákvæmni og verður fínlegri þegar kastað er á mismunandi staði, lesið í strauminn, skipt um flugur og taumurinn þyngdur eða léttur,“ segir Sæmundur sem styrkir enn feðgaböndin með því að fara til veiða með föður sínum yfir sumartímann.

„Miðað við lítið úthald mitt í veiðiskap æskunnar hreinlega dáist ég að úthaldi barnanna okkar Moniku við veiðar. Þau eru að allan tímann og rétt taka sér pásu til að leika sér smástund, en það dugar skammt því fiskurinn kallar, sem þau svo setja í bala og skíra krúttlegum nöfnum,“ segir Sæmundur um aflann sem er mikill í Djúpavatni og fjölskyldan snæðir með bestu lyst að veiðidegi loknum.

„Það er einfaldlega dásamlegt fyrir fjölskyldur að eiga stundir saman þar sem ekkert er símasamband og enginn til að trufla tímann. Við Djúpavatn er afar friðsælt og fagurt, og paradís fyrir börnin, aðgrunnt og fullt af litlum tittum sem þau geta dregið inn sjálf og engin vonbrigði vís þar sem allt snýst um að fá hann.“ *- þlg*



**Sæmundur og fjölskylda að veiðum í Djúpavatni.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Veiðifélag fyrir alla í fjölskyldunni



- Stangveiðifélag Hafnarfjarðar hefur umsjá með þremur vötnum sem öll eru tilvalin til veiða fyrir fjölskyldufólk.
- Hlíðarvatn í Selvogi er eitt gjöfulasta bleikjuveiðisvæði landsins og þar eru einhver veiðileyfi enn laus í sumar.
- Djúpavatn á Reykjanesi er sannkölluð fjölskylduparadís þar sem leyfishafi fær hús og vatnið út af fyrir sig. Þar er dásamlegt að vera með börn; aðgrunn sandfjara er við húsið og góð veiðivon. Enn eru nokkrir dagar lausir í september.
- Í Kleifarvatni í landi Krýsuvíkur hefur verið góð veiði síðastliðin ár, en þar ræktar félagið upp fiskistofna. Þar geta veiðimenn átt von á því að setja í þann stóra, og á hverju sumri hafa fengist þar fiskar á bilinu 12 til 17 pund.
- Veiðileyfi eru seld á www.leyfi.is, þar sem hægt er að nálgast ítarlegar upplýsingar um veiðisvæðin. Í Kleifarvatn er einnig hægt að kaupa leyfi á þjónustustöð N1 við Lækjargötu í Hafnarfirði. Þeir sem ganga í félagið og sækja um veiðileyfi fá forgang og enn betra verð. SVH heldur uppi öflugu félagsstarfi fyrir veiðimenn á veturna og starfrækir einnig unglingastarf, krökkum að kostnaðarlausu, þar sem kennt er að hnýta flugur og fleira sem tilheyrir veiðiskap. Heimasíða er www.svh.is.




**ÖNNUR UMFERÐ** Íslandsmeistaramótsins í motocrossi fer fram á keppnissvæði Vélhjólaíþróttaklúbbsins á Álfsnesi í dag. Nánari upplýsingar á wwww.motocross.





FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

# ;ALLT HEILSA

**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is
**sími 512 5473**

**Henný Árnadóttir**
henny@365.is
**sími 512 5427**

**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is
**sími 512 5447**

**Þriðjudaga**




Samúel C. Lefever með gamlan eplakassa, merktan Ríkisháskólanum í Kansas, en í þennan kassa tíndi Samúel fullþroska epli fylkisins í sjarmerandi aukavinnu á háskólaárunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Bandarískur fáni á fjalli

**Á morgun er þjóðhátíðardagur Bandaríkjanna og þá gæti þjóðfáni þeirrar miklu þjóðar blakt á toppi Mælifellshnúks, þegar íslensk-ameríski lektorinn Samúel C. Lefever hugsar vestur um haf og heim.**

„Ég hóf helgarfríið á Hólmavík þar sem ég söng fyrsta bassa með Raddbandafélagi Reykjavíkur, en við stigum á stokk með Svavari Knúti á Hamingjudögum,“ segir Samúel C. Lefever, lektor við Háskóla Íslands, inntur eftir dagskrá helgarinnar.

„Eftir góðan nætursvefn á Ströndum brunaði ég áfram norður í Skagafjörð þar sem ég ætla að eyða afgangi helgarinnar með góðum vinum og fyrrverandi sveitungum mínum á skagfirskum sveitabæ,“ upplýsir Samúel sem bjó í skagfirskri sveit í fimm ár.

„Ég kann afskaplega vel við mig í sveit því sjálfur ólst ég upp á sveitabæ í Kansas-fylki. Íslenskt sveitalíf er þó mjög frábrugðið því sem ég þekki úr minni heimasveit vestra; bæði landslag, veðurfar og mannlíf. Heima í Ameríku vorum við töluvert einangruð sökum fámennis og dagarnir afar fábreyttir, en hér er miklum mun meira um að vera,“ segir Samúel sem nýtur þess að ríða út í mekkahéraði íslenskra hestamanna og segir það bónus verði hægt að fara á hestbak um helgina, en helsta markmið þeirra vina sé að ganga á Mælifellshnúk á sunnudag, sem er einmitt þjóðhátíðardagur Bandaríkjamanna.

„Kannski ég taki með gamla þjóðfánann til að tylla á hnúkinn að göngu lokinni, en allt frá því ég flutti til Íslands fyrir þrjátíu árum hef ég ekki haldið 4. júlí hátíðlegan. Hátíðahöld Bandaríkjamanna eru miklu hófstilltari en Íslendinga á þjóðhátíðardaginn, sem sennilega skýrist af stærðarmun landanna. Bernskuminningarnar hafa þó að geyma skrúðgöngu í sveitaþorpinu heima og flugeldasýningu um kvöldið, og á tímabili tók ég þátt í skrúðgöngunni með skólahljómsveitinni. Ég held að hátíðahöld þar séu enn með svipuðu sniði, en vinsælt er að nota þennan frídag til endurfunda gamalla skólafélaga og eru þá haldin nemendamót, ekki síst ef daginn ber upp á helgi,“ segir Samúel og bætir við að þjóðerniskennd Bandaríkjamanna birtist í fána þeirra sem víðast hvar er dreginn að húni á þjóðhátíðardaginn, og margir haldi litla fjölskylduveislu með sínum nánustu, þótt sú hefð komist ekki í hálfkvist við Þakkargjörðarhátíðina sem er stærst fjölskylduhátíða vestra.

„Eftir ferðalög með Íslendingum á erlendri grundu hef ég séð að hjarta þeirra dvelur hjá fósturjörðinni á 17. júní og séu margir samankomnir halda þeir daginn hátíðlegan hvar sem þeir eru staddir. Bandaríkjamenn eru allt öðruvísi, en vissulega hugsa ég heim til fjölskyldunnar þótt ég éti ekki vatnsmelónur eða grilli hamborgara þann daginn,“ segir Samúel og hlær dátt.

„En ef ég væri heima í Kansas er ég viss um að ég gerði eitthvað sérstakt í tilefni dagsins, grillaði með fjölskyldunni og færi jafnvel aftur á gömlu, góðu flugeldasýninguna.“

*thordis@frettabladid.is*



Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
LINNETSSTIGUR 2 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS



Dúnmjúkar brúðargjafir
**Úrval brúðargjafa á tilboði**
Sængurfatnaðurinn er ofinn úr gæða bómullardamask.
Yfir 30 tegundir af sængurfatnaði til brúðargjafa.
**Íslensk hönnun á góðu verði.**
Lín DESIGN
Lín Design - gamla sjónvarpshúsið Laugavegi 176 - Sími 533 2220 - www.lindesign.is

# HELGIN

**LEIÐSÖGN** verður um sumarsýningar Gerðarsafns á morgun klukkan 15. Þar eru nú sýningarnar Gerður og Gurdjieff og svo Lífshlaup Kjarvals og fleiri úrvalsverk í einkasafni Þorvaldar og Ingibjargar.

















# Herramanns grillmatur

**Í tilefni þjóðhátíðardags Bandaríkjamanna á morgun er ekki úr vegi að benda á nýstárlegt hráefni á grillið, en þar í landi er hefð fyrir að grilla heilan kalkún á útigrilli og engin furða; útkoman er gómsæt.**

„Það er gömul hefð í Bandaríkjunum að grilla kalkún og langflestir sem grilla hann á útigrilli á Þakkargjörðarhátíðinni. Þessu hafa Íslendingar verið að missa af, en aðferðin er auðveld og útkoman ljúffeng, enda kalkúnn kjörinn grillmatur," segir Jón Magnús Jónsson, kalkúnabóndi á Reykjum, sá eini í lýðveldinu.

„Kalkúnn tekur mun skemmri tíma í eldamennsku á grilli en í ofni, því grillið lokar honum betur og hitinn er þar meiri. Það eina sem þarf að passa vel upp á er að fylgjast með hvenær hann er tilbúinn með kjötmæli," segir Jón Magnús og staðfestir að hollara gerist kjötmeti ekki en kalkúnn.

„Í kalkún eru engin aukaefni, heldur er hann hrein og fersk afurð. Grillaður verður hann allt önnur upplifun, aðeins villtari eftir að hafa eldast yfir opnum eldi og ákaflega bragðgóður," segir Jón Magnús sem sjálfur er duglegur að grilla kalkún og með honum ferskt grænmeti af ýmsu tagi.

„Það er sérstaklega gaman að grilla kalkún ofan í matargesti og smitar út frá sér, enda rignir yfir okkur uppskriftum sem við reynum að setja inn á vefinn okkar og margir eru farnir að prófa. Því er mikil grillvakning með kalkúninn sem reyndar passar hvar sem er, hvort sem það er í sumarbústaðnum, hvunndags eða í veislum."



Jón Magnús Jónsson kalkúnabóndi með girnilegan, heilan kalkún á grillinu, en útkoman býður upp á léttara meðlæti en við ofneldun á jólum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Heill kalkúnn er seldur frosinn, en það má taka úr honum mesta frostið við stofuhita yfir nótt og láta hann svo þiðna áfram í kæli.

„Fimm kílóa kalkúnn keyptur í dag er tilbúinn á grillið á morgun, en 10 kílóa fuglar þurfa lengri tíma í þiðnun. Þá eru sumir farnir að setja kalkún í pækil yfir nótt en þá sýgur hann í sig vökva sem styttir eldunartíma á hærri hita. Kominn beint úr pokanum þarf hann hins vegar eldun við lágan hita á löngum tíma."

Sjá fleiri freistandi uppskriftir á www.kalkunn.is.

*thordis@frettabladid.is*

## ÚTIGRILLAÐUR KALKÚNN MEÐ APPELSÍNU OG STEINSELJU

**fyrir átta**

1 stk. kalkúnn, 4-4,5 k
1 stór appelsína
búnt af steinselju
1 hvítlaukur
salt og pipar
krydd að eigin smekk

*Hitið grillið að hálfu í 150°C. Ef brennarar eru þrír er gott að slökkva á miðbrennaranum en hafa hina á hálfum hita.*

*Kryddið og smyrjið kalkúninn eftir smekk. Skerið appelsínu í báta, saxið steinselju og hvítlauk, og setjið í fuglinn.*

*Setjið kalkúninn á heilan álbakka (ekki grillbakka með rifum) og ekkert yfir. Lokið grillinu svo ekki tapist hiti. Gott er að snúa fuglinum tvisvar um 180° meðan grillað er, svo hann*



*verði jafnt grillaður. Grilltími er um klukkustund og 15 mínútur, eða þar til kjarnhiti nær 70°C, alls ekki meira. Grill eru misjöfn og því nauðsynlegt að hafa kjöthitamæli.*

*Að grilltíma loknum er gott að pakka fuglinum í álpappír og setja jafnvel handklæði yfir til einangrunar og láta svo standa í 20 mínútur, áður en hann er borinn fram.*

*Berið fram með grilluðu grænmeti.*



Appelsína, steinselja og hvítlaukur gefa kalkúnakjöti lostvekjandi bragð.

## LEIÐRÉTT UPPSKRIFT FRÁ ÞVÍ Á FÖSTUDAG

Sítrónuformkaka með bláberjum **10-12 SNEIÐAR**



1½ bolli hveiti
½ bolli smjör
1 bolli sykur
2 egg
1 tsk. lyftiduft
1/8 tsk. salt
2 tsk. rifinn sítrónubörkur
½ til ¾ bolli mjólk
1½ bolli bláber, helst frosin

**Yfir kökuna**
4 msk. sítrónusafi
4 msk. sykur

*Þeytið smjör og sykur saman þar til það er orðið létt og ljóst og bætið eggjunum við einu og einu í einu og þeytið vel á milli.*

*Bætið hveiti, lyftidufti, salti og rifnum sítrónuberki út í ásamt ½ bolla af mjólk. Bætið aðeins meiri mjólk í ef þetta virðist vera of þykkt.*

*Blandið bláberjunum varlega við með sleif.*

*Sett í formkökuform og bakað við 185° C í 50 til 70 mínútur.*

*Um leið og kakan kemur úr ofninum stingið þá í hana með prjóni og hellið sítrónu og sykurblöndunni yfir.*






SUMARGLEÐI BYLGJUNNAR
Á HÖFN UM HELGINA
Bylgjan þakkar frábærar móttökur í Garði um síðustu helgi.
Næst er það Humarhátíðin á Höfn í Hornafirði um helgina.
HEMMI GUNN OG SVANSÍ
Á laugardaginn höldum við Sumargleði Bylgjunnar með Hemma Gunn og Svansí sem taka á móti ótal gestum og halda uppi fjöri. Dregið í Ævintýraeyju Olís og fjölmargt fleira á dagskrá. Vertu með Bylgjunni og Olís um helgina.
FRÁBÆRIR SKEMMTIKRAFTAR
Ingó og Veðurguðirnir,
Áhöfnin á Halastjörnunni
og fleiri og fleiri.
FRÁBÆR SKEMMTUN FYRIR ALLA
Humarveisla, Go-kart, götuhátíð, ótal tónlistarviðburðir, fjölskyldudansleikur, íþróttamót, grill og kvöldvaka.
NÆSTU VIÐKOMUSTAÐIR
9. – 10. júlí
Ísafjörður
16. – 17. júlí
Sumargleði Bylgjunar á Flúðum
23. – 25. Júlí
Franskir dagar á Fáskrúðsfirði
olís
BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!
Fiton/SÍA

# Sýnum forystu með fordæmi

**„Engin aðferð er áhrifaríkari en gott fordæmi"** Ingvar Kamprad stofnandi IKEA

IKEA er ekki bara venjulegur vinnustaður! Við bjóðum upp á öruggt starfsumhverfi fyrir skapandi fólk, þar sem möguleiki er á að þróast og vaxa í starfi.



Þú getur skoðað laus störf á heimasíðunni okkar **www.IKEA.is** og sent inn umsókn.

IKEA

© Inter IKEA Systems B.V. 2010

---

DNG

# Slippurinn

AKUREYRI

## RAFEINDAVIRKJI

**Slippurinn Akureyri óskar eftir að ráða Rafeindavirkja. Æskilegt að viðkomandi sé tæknimenntaður. Starfið felst í framleiðslu, þjónustu og þróun DNG handfæravindunnar.**

**Umsóknir berist fyrir 15. júlí á netfangið : slipp@slipp.is. Nánari upplýsingar í síma : 460 2900**

Slippurinn Akureyri ehf. – Naustatanga 2 – 600 Akureyri

---



# Framreiðslunemar og vaktstjóri

**Nú er tækifærið!** Vilt þú læra listina að framreiða með margverðlaunuðum meisturum? Veitingahús Perlunnar leitar að framreiðslunemum.

Einnig vantar vaktstjóra í kaffiteríuna sem getur hafið störf í ágúst

**Sendið umsóknir til perlan@perlan.is.**

---

SEÐLABANKI ÍSLANDS

# Hagfræðingur á hagfræðisviði Seðlabanka Íslands

**Seðlabanki Íslands auglýsir laust til umsóknar tvö störf hagfræðinga á hagfræðisviði. Hagfræðisvið annast rannsóknir og greiningu á þróun efnahags- og peningamála, gerir þjóðhags- og verðbólguspár og tekur þátt í mótun stefnunnar í peningamálum. Hagfræðisvið hefur m.a. umsjón með útgáfu ársfjórðungsritsins Peningamála og ensku útgáfu þess Monetary Bulletin.**

**Verkefni hagfræðinganna verða m.a.:**

- Að fylgjast með framvindu efnahagsmála, greina gögn og skrifa um niðurstöður
- Almennar rannsóknir, einkum á sviði peninga- og þjóðhagfræði
- Þátttaka í gerð verðbólgu- og þjóðhagsspáa bankans og framþróun líkana til spágerðar
- Tilfallandi verkefni og ráðgjöf á ábyrgðarsviðum Seðlabankans

Áskilið er a.m.k. meistarapróf í hagfræði og lögð er áhersla á að umsækjandi hafi gott vald á aðferðum til hagrannsókna og notkun hugbúnaðar til tölfræðigreiningar og hagmælinga. Umsækjandi þarf að hafa gott vald á mæltu og rituðu máli, bæði íslensku og ensku, og hæfileika til að setja fram fræðilegt efni á skýran hátt. Umsækjandi þarf að hafa góða samskiptahæfileika og vera reiðubúinn til hópvinnu af ýmsu tagi.

Upplýsingar um starfið veitir Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur, í síma 569 9600. Umsóknum skal skilað fyrir 19. júlí 2010 til rekstrarstjóra Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík.

---

DÓMSMÁLA- OG MANNRÉTTINDARÁÐUNEYTIÐ

## Laust er til umsóknar starf tengiliðar vegna vistheimila

**Lög nr. 47/2010** mæla fyrir um greiðslu sanngirnisbóta úr ríkissjóði til þeirra sem urðu fyrir varanlegum skaða af illri meðferð eða ofbeldi á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, nr. 26/2007. Dómsmála- og mannréttindaráðherra fer með yfirstjórn og framkvæmd laganna.

**Starf tengiliðar** felst í að koma með virkum hætti á framfæri upplýsingum til þeirra sem kunna að eiga bótarétt samkvæmt lögunum. Hann skal m.a. leiðbeina þeim sem til hans leita um framsetningu bótakrafna í kjölfar innköllunar sýslumanns. Þá skal hann aðstoða fyrrverandi vistmenn sem eiga um sárt að binda í kjölfar vistunar við að sækja sér þjónustu sem ríki og sveitarfélög bjóða upp á, svo sem varðandi endurhæfingu og menntun.

**Umsækjandi** skal hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi, próf í lögfræði eða sambærileg menntun æskileg. Æskilegt er að umsækjandi hafi þekkingu á gerð og meðferð bótakrafna, þekkingu á sviði barnaverndarmála og opinberrar stjórnsýslu. Umsækjandi skal jafnframt búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum, vera sjálfstæður í vinnubrögðum og æskilegt er að hann hafi þekkingu á þeirri félagslegu aðstoð sem opinberir aðilar veita.

**Ráðið verður í starfið** frá og með 1. september 2010. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 47/2010 getur ráðherra eftir 1. janúar 2013 lagt niður starf tengiliðs að fenginni tillögu úrskurðarnefndar um sanngirnisbætur.

**Laun** taka mið af kjarasamningi ríkisins við Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins. Um fullt starf er að ræða og ráðgert er að starfsstöð tengiliðar verði hjá opinberri stofnun á grundvelli þjónustusamnings.

**Umsóknir berist dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,** Skuggasundi 3, 150 Reykjavík, eigi síðar en 22. júlí.

**Athygli er vakin á því að umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað og eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.**

**Þórunn J. Hafstein,** settur ráðuneytissjóri, veitir nánari upplýsingar í síma 545-9000.

STRÁ MRI WORLDWIDE

# Framkvæmdastjóri
## Rekstrar- og upplýsingatæknisviðs Íslandsbanka

Íslandsbanki óskar að ráða framkvæmdastjóra Rekstrar- og upplýsingatæknisviðs. Undir sviðið falla deildirnar Hugbúnaðalausnir, Útibúaþjónusta, Viðskiptaver, Rekstrarþjónusta og Gæðamál. Framkvæmdastjórinn vinnur þvert á fyrirtækið með öllum sviðum bankans, heyrir undir bankastjóra og á sæti í framkvæmdastjórn bankans.

**Ábyrgðarsvið:**

- Rekstur Hugbúnaðarlausna, Útibúaþjónustu, Viðskiptavers, Rekstrarþjónustu og Gæðamála
- Stefnumótun, markmiðasetning og mótun á starfsumhverfi
- Tryggir hagkvæman rekstur á öllum sviðum bankans
- Leiðir og mótar sterka liðsheild

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Umfangsmikil rekstrar- og stjórnunarreynsla
- Þekking og reynsla af ferlastjórnun
- Þekking og reynsla af upplýsingatækni
- Starfsreynsla hjá fjármálafyrirtæki æskileg
- Leiðtogahæfni
- Stefnumiðuð sýn
- Framtakssemi

Íslandsbanki býður alhliða bankaþjónustu fyrir einstaklinga, fyrirtæki og fagfjárfesta. Hjá bankanum starfa um 930 starfsmenn. Utan Íslands byggir Íslandsbanki fyrst og fremst á þeirri sérþekkingu og viðskiptasamböndum sem bankinn býr yfir í sjávarútvegi og jarðhita.

Íslandsbanki sækist eftir starfsfólki sem býr yfir yfirburðaþekkingu og reynslu, er jákvætt, faglegt og framsýnt og leitar ávallt bestu lausna fyrir viðskiptavini bankans.

Nánari upplýsingar veitir Hafsteinn Bragason, mannauðsstjóri, netfang: hafsteinn.bragason@islandsbanki.is, sími 440 4267.

Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá fyrir 11. júlí næstkomandi. Tengiliður á mannauðssviði er Elísabet Helgadóttir, sími 440 4865, netfang: elisabet.helgadottir@islandsbanki.is.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
sími 440 4000

Íslandsbanki

HEILSUSTOFNUN NLFÍ
GRÆNUMÖRK 10 • 810 HVERAGERÐI

## Yfirlæknir óskast við Heilsustofnun NLFÍ

**Laust er til umsóknar 100% starf yfirlæknis við Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði.**

Starfið er laust frá 1. október.

Nánari upplýsingar fást hjá Ólafi Sigurðssyni framkvæmdastjóra í síma 483 0300.

HNLFÍ er annars vegar almenn og sérhæfð endurhæfingarstofnun og hins vegar veitir hún hvíldar- og hressingardvöl. Stofnunin fylgir kenningum náttúrulækningamanna, að auka og efla þátt hugtakanna heilbrigði og heilsuvernd í umræðu og verkum en forðast kennisetningar sem ekki standast vísindalega gagnrýni.

Umsóknarfrestur er til 18. júlí 2010. Umsóknir með ferilskrá sendist til: HNLFÍ - starfsmannastjóri, Grænumörk 10, 810 Hveragerði eða aldis@hnlfi.is.

Öllum umsóknum verður svarað.

## Þjónustusvið Bílabúðar Benna óskar eftir starfsmanni á smurstöð

- Við hjá Bílabúð Benna höfum opnað nýtt þjónustuverkstæði að Tangarhöfða 8. Ein af nýjungunum er nýtt og fullkomið smurverkstæði með aðstöðu fyrir smáviðgerðir. **Nú óskum eftir traustum aðila til þess að sinna þessu mikilvæga þjónustustarfi.**
- Starfsmaður þarf að vera vanur olíuskiptum og geta séð um smáviðgerðir á bifreiðum. Reynsla æskileg.
- Umsóknir berist til Bílabúðar Benna, Vagnhöfða 23, 110 Reykjavík eða á tölvupóstfangið benni@benni.is fyrir föstudaginn 9. júlí.

Bílabúð Benna
Stofnað 1975

Bílabúð Benna ehf er 35 ára þjónustufyrirtæki bílaáhugamannsins. Fyrirtækið flytur inn og selur vara- og fylgihluti í allar tegundir bifreiða. Bílabúð Benna ehf er umboðsaðili nýrra bíla frá Porsche, Chevrolet og SsangYong.

Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23 - 110 Reykjavík - 590 2000
www.benni.is - benni@benni.is

# Íslenska kalkþörungafélagið – Bíldudal
# Tæknistjóri

**565744**
**Íslenska Kalkþörungafélagið óskar eftir að ráða tæknistjóra til starfa í verksmiðju fyrirtækisins á Bíldudal.**

Tæknistjóri starfar náið með framkvæmdastjóra við skipulagningu og samræmingu á viðhaldsvinnu. Viðkomandi hefur umsjón með varahlutalager og sér um viðhald og viðgerðir á vélasamstæðum og vinnuvélum fyrirtækisins. Hann hefur einnig eftirlit með viðhaldsvinnu og viðgerðum verktaka.

- Leitað er að einstaklingi með góða tækni- og tölvukunnáttu, reynslu af því að vinna við vélaviðgerðir og stýrt viðhald. Grunnþekking á iðntölvustýringum er æskileg. Viðkomandi þarf að vera menntaður vélvirki og/eða vélstjóri. Enskukunnátta er skilyrði.
- Krafist er færni í mannlegum samskiptum, jákvæðni, umburðarlyndis, frumkvæðis, sjálfstæði í vinnubrögðum og vilja til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.
- Íslenska Kalkþörungafélagið er dótturfélag írska fyrirtækisins Celtic Sea Minerals sem hefur starfrækt verksmiðju á Bíldudal frá árinu 2007. Starfsemi fyrirtækisins felst í þurrkun og mölun á kalkþörungum. Hjá fyrirtækinu starfa 13 manns.

UPPLÝSINGAR EINGÖNGU VEITTAR HJÁ VINNA.IS

vinna.is
S: 511 1144

Capacent Ráðningar

# FRAMKVÆMDASTJÓRI

UNDIRBÚNINGSNEFND STJÓRNLAGAÞINGS

**Undirbúningsnefnd stjórnlagaþings óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra.**

**Undirbúningsnefnd starfar skv. lögum nr. 90/2010 um stjórnlagaþing og hlutverk hennar er að:**

- Undirbúa stofnun og starfsemi þingsins ásamt undirbúningi þjóðfundar
- Undirbúa kynningu á starfsemi þingsins og setja upp vefsíðu þess, útvega húsnæði og undirbúa ráðningu starfsmanna þingsins
- Hefja gagnaöflun til undirbúnings fyrir tillögugerð stjórnlagaþings

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af veigamikilli verkefnastjórnun eða önnur sambærileg reynsla
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Gott vald á íslensku máli ásamt kunnáttu í ensku og einu Norðurlandamáli
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar og öguð vinnubögð

Um er að ræða tímabundna ráðningu og er miðað við að framkvæmdastjórinn taki til starfa 1. ágúst nk. eða sem allra fyrst og að ráðning hans standi til loka febrúar 2011, en stjórnlagaþing hefur störf 15. febrúar það ár. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi FSA.

Umsjón með ráðningunni hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Þorbjörg Guðjónsdóttir (thorbjorg.gudjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 17. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# HÓPSTJÓRI LÖGFRÆÐIRÁÐGJAFAR

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármálaeftirlitið (FME) er sjálfstæð eftirlitsstofnun með sérstaka stjórn. Hlutverk FME er að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur og í samræmi við eðlilega viðskiptahætti. Eftirlitsskyldir aðilar stofnunarinnar eru m.a. viðskiptabankarnir, sparisjóðir, lána- og verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlar, lífeyrissjóðir, rekstrar- og vátryggingafélög, kauphallir o.fl. Nánari upplýsingar um stofnunina má nálgast á www.fme.is

**FME leitar að öflugum lögfræðingi á lánasvið með góða þekkingu á stjórnsýslu. Viðkomandi þarf að vinna jöfnum höndum að verkefnum er lúta að starfssemi FME og á sviði opinbers eftirlits. Hópstjóri lögfræðiráðgjafar er staðgengill sviðsstjóra.**

**Starfssvið**

- Ábyrgð á rekstri lögfræðieiningar á lánasviði
- Þátttaka í mótun eftirlits með fjármálafyrirtækjum
- Verkefnastýring
- Eftirlit með starfsháttum, starfsheimildum, fjárfestingum og skuldbindingum
- Aðkoma að rannsóknum á fjármálamarkaði
- Ráðgjöf og leiðbeiningar til starfsmanna
- Erlend og innlend nefndarstörf
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- **Meistara- eða embættispróf í lögfræði**
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af stjórnsýslu
- Reynsla af fjármálamarkaði æskileg
- A.m.k. 5 ára starfsreynsla af lögfræðistörfum
- Stjórnunarreynsla og hæfni til að leiðbeina og stýra verkefnum
- Þekking og reynsla af rekstri
- Góð samskiptahæfni
- Traust og vönduð vinnubrögð sem og sjálfstæði í vinnu
- Mjög gott vald á íslensku og ensku auk færni til að tjá sig í ræðu og riti

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 17. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.**
**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð.
Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Vínbúðin Skeifunni

# Starfsmaður óskast í Vínbúðina í Skeifunni

**Starfssvið**
· Sala og þjónusta við viðskiptavini

**Hæfniskröfur**
· Reynsla af verslunarstörfum æskileg
· Frumkvæði og metnaður, góð framkoma og rík þjónustulund eru eiginleikar sem leitað er að

Okkar gildi eru LIPURÐ - ÞEKKING - ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu munu taka mið af þessum gildum.

**Nánari upplýsingar veitir**
Brynhildur Halldórsdóttir
brynhildur@hagvangur.is
Kristín Guðmundsdóttir
kristin@hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 18. júlí nk.
Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**

HAGVANGUR

ÁTVR er framsækið og ábyrgt fyrirtæki sem leggur áherslu á að veita öllum viðskiptavinum sínum góða þjónustu. Fyrirtækið vill búa starfsfólki sínu skapandi og lifandi starfsumhverfi sem virkjar þann kraft sem í því býr og laða til sín hæft fólk sem býr yfir frumkvæði og þjónustulund.

VÍNBÚÐIN
vinbudin.is

# *Framkvæmdastjóri* Eignabjargs

Eignabjarg ehf. er dótturfélag Arion banka hf. og ber félagið ábyrgð á umsýslu og ráðstöfun þeirra eignarhluta sem Arion banki hefur leyst til sín. Markmið Eignabjargs er að hámarka verðmæti eigna félagsins, stuðla að rekstrarlegu sjálfstæði, opnu og gagnsæju söluferli.

Stjórn Eignabjargs óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra félagsins.

*Starfssvið*
- Ábyrgð á umsýslu og ráðstöfun eignarhluta
- Stefnumótun í samráði við stjórn
- Eftirfylgni stefnumótunar og eigandastefnu
- Daglegur rekstur félagsins
- Upplýsinga- og skýrslugjöf til stjórnar
- Samskipti við stjórnendur fyrirtækja í eigu Eignabjargs, fjárfesta, ráðgjafa og eftirlitsaðila
- Stjórnarseta

*Menntunar- og hæfniskröfur*
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Reynsla af samningagerð
- Frumkvæði, fagmennska, sjálfstæði, samskiptahæfni og metnaður í vinnubrögðum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þórir Þorvarðarson, ráðningastjóri hjá Hagvangi, s. 520 4700, netfang thorir@hagvangur.is.

*Umsóknarfrestur er til og með 18. júlí 2010.*
*Umsókn og fylgigögn sendist á thorir@hagvangur.is, merkt „Eignabjarg".*
*Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.*
*www.eignabjarg.is*

EIGNABJARG

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

FRÉTTABLAÐIÐ www.visir.is/posthusid – sími 585 8330



## Leikskólakennarar athugið!

**Laus staða leikskólakennara við Víkurskóla, Vík í Mýrdal.**

Gott húsnæði í boði og spennandi uppbygging framundan á fallegum og fjölskylduvænum stað.
**Umsóknir berist undirrituðum á netfangið skolastjori@vik.is**

Magnús Sæmundsson skólastjóri Víkurskóla.

Bíla...Áttan
SMIÐJUVEGI 30
587 1400
Verslun · Dekkjaverkstæði
Smurstöð · Bílaverkstæði

## Bifvélavirki óskast !

Bíla Áttan leitar að bifvélavirkja á verkstæði. Áhugasamir geta haft samband við Jóhannes í síma 892 5200.



## Slökkvilið Akureyrar

**Eldvarnaeftirlitsmaður hjá Slökkviliði Akureyrar**

Hjá slökkviliði Akureyrar er laust til umsóknar starf eldvarnaeftirlitsmanns.

**Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar: www.akureyri.is**

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

GEÐHJÁLP

## Geðhjálp auglýsir eftir starfsmanni í 50% stöðu tímabundið.

Auglýst er eftir einstaklingi með reynslu og þekkingu af geðröskunum barna og unglinga til starfa hjá Geðhjálp. Um er að ræða verkefnatengda tímabundna ráðningu í hálft starf með möguleika á framlengingu. Auk reynslu af geðröskunum þarf viðkomandi að hafa þekkingu og reynslu af barnaverndarmálum og háskólamenntun sem nýtist í starfi. Umsóknarfrestur er til 14. júlí. Allar nánari upplýsingar um starfið má nálgast hjá Geðhjálp á netfanginu gedhjalp@gedhjalp.is eða í síma 570 1700. Umsóknir skal jafnframt senda á gedhjalp@gedhjalp.is.

TE & KAFFI

## Leitum að liðsauka í þjónustudeild

Te & Kaffi óskar eftir þjónustumanni á verkstæði fyrirtækisins. Starf þetta felur m.a. í sér viðgerðarþjónustu á verkstæði við kaffivélar, reglubundið eftirlit hjá viðskiptavinum og útköll vegna bilana.

**Hæfniskröfur:**
- Haldgóð starfsreynsla við viðgerðir og bilanagreiningu.
- Samskiptahæfni og jákvætt hugarfar.
- Áhugi á að kynnast samspili tækjabúnaðar og framleiðslu á hágæðakaffi.

Um framtíðarstarf er að ræða og æskilegt að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.
Umsóknir sendist á gudmundur@teogkaffi.is

Hringiðan Internetþjónusta

# Kerfisstjóri

**óskast til starfa við Internetþjónustu.**

Æskileg menntun og reynsla:

MCSA,MCSE eða sambærileg próf

Reynsla af rekstri á Linux, Windows 2003 & 2008 þjóna
Reynsla af rekstri á IIS og Apache vefþjónum
Reynsla af rekstri tölvupóstþjóna (Exchange ofl.)
Reynsla og þekking á rekstri DNS þjóna og gagnagrunna
Reynsla af Microsoft og VMWare sýndarþjónum
Kunnátta á ASPX og PHP er æskileg

Góðir samskiptahæfileikar og hæfni í íslensku og ensku
Æskileg reynsla af kerfissumsjón

Áhugasamir sendi umsókn á: atvinna@vortex.is

Hringiðan ehf. er ein elsta internetþjónusta á Ísland. Hringiðan ehf. leitar að metnaðarfullum einstaklingi með mikinn áhuga á tölvum og upplýsingatækni til að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu fyrirtækisins.

www.hringidan.is

---

Adecco Norge AS is a part of Adecco Group and a leader in providing HR solutions in Norway. We are represented by over 70 offices and departments all over Norway. Adecco Bygg & Industri is dedicated to offer employment within various sectors including construction, industry and engineering.

# New opportunities in Norway?

Adecco Bygg & Industri is looking for skilled and experienced carpenters, formwork carpenters and heavy machinery operators for various jobs in Norway.

- Have you completed education in any of the above professions?
- Do you have at least 3 years experience in your profession?
- Do you have good command of English or Norwegian?
- Are you outgoing and willing to take up new challenges?

**Then do not hesitate and send your application now!**

For more information about our offer call our Recruitment Department at +47 23290007.

To apply send your CV to **bygg.industri@adecco.no** today!

Adecco Bygg & Industri
better work, better life
**adecco.no**

---

# Leikskólinn Kátaborg Grímsnesi

**auglýsir eftirfarandi störf laus til umsóknar.**

Um er að ræða:

**◆100% stöðu leikskólakennara á deild með þriggja til fjögurra ára nemendur.**

**Hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun eða sambærileg menntun og reynsla af leikskólastarfi.
- Jákvæðni, ábyrgð, stundvísi, áhugi, fagleg hugsun og vinnubrögð, frumkvæði.
- Góð íslenskukunnátta. Hreint sakavottorð. Æskilegt að viðkomandi búi í sveitarfélaginu

**Launakjör** eru skv. launasamningi FL og Sambands íslenskra sveitafélaga. Til greina kemur aðstoð vegna flutnings og hjálp við útvegun húsnæðis. Ef ekki fást leikskólakennarar til starfa koma aðrir umsækjendur til greina.

**◆Starfsmann í bítibúr, uppvask og fl. og afleysingar á deild, 75 % stöðu.**

**Krafist er:**
- Jákvæðni, ábyrgðar, stundvísi, áhuga, vilja til að tileinka sér faglega hugsun og vinnubrögð, frumkvæði og reynslu af starfi í leikskóla.
- Góð íslenskukunnátta. Hreint sakavottorð. Æskilegt að viðkomandi búi í sveitarfélaginu

**Launakjör** eru skv. launasamningi FOSS og Sambands íslenskra sveitafélaga.

**Umsóknarfrestur** er til 23.júlí næstkomandi.

Umsóknir ásamt ferilskrá berist leikskólanum Kátuborg að Borgarbraut 22, 801 Selfoss, eða á netfangið: kataborg@gogg.is Ekki þarf sérstakt eyðublað.

Nánari upplýsingar gefa skólastjóri síma 486 4492 og/ eða kataborg@gogg.is og sveitarstjóri í síma 486 4400 Einnig er bent á vefinn http://**www.gogg.is**

Hallveig Ingimars, skólastjóri.

---

# Lyfjatæknir

**Rima Apótek óskar að ráða lyfjatækni eða starfsmann með reynslu af afgreiðslu í apóteki**

**Starfið felst** m.a. í afgreiðslu, sölu og þjónustu við viðskiptavini.

**Við leitum að** heiðarlegum og traustum einstaklingi með gott viðmót og ríka þjónustulund.

**Nánari upplýsingar veitir:**
Kristín Guðmundsdóttir,
kristin@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 11. júlí nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

---

FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Embætti umboðsmanns skuldara auglýsir eftirtalin störf laus til umsóknar

### Yfirlögfræðingur

**Meðal verkefna** eru lögfræðiráðgjöf til starfsmanna varðandi úrvinnslu erinda, mótun verkefna umboðsmanns skuldara, ábyrgð á því að starfsemi stofnunarinnar sé í samræmi við lög og reglur, samningagerð og lögfræðileg ráðgjöf við yfirstjórn.

**Hæfniskröfur** eru embættispróf eða meistarapróf í lögfræði og að minnsta kosti 5-7 ára starfsreynsla á sviði lögfræði. Áhersla er lögð á skipulögð og fagleg vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði í starfi auk hæfni í mannlegum samskiptum.

### Rekstrarstjóri

**Helstu verkefni** eru umsýsla fjármála, gerð og eftirfylgni rekstraráætlana og umsjón með starfsmanna- og launamálum. Rekstrarstjóri hefur jafnframt umsjón með árangursstjórnun og gæðamálum auk þess að taka þátt í stefnumótun ásamt öðrum þeim verkefnum sem lúta að rekstri stofnunarinnar.

**Hæfniskröfur** eru háskólamenntun á sviði viðskiptafræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi, þekking og reynsla af fjármálum, stjórnun og rekstri. Reynsla af starfsmanna- og launamálum, sem og reynsla og/eða þekking á upplýsingakerfum ríkisins á sviði fjármála- og starfsmannamála. Mikilvægt er að viðkomandi hafi þekkingu á opinberum rekstri og stjórnsýslu. Áhersla er lögð á fagleg vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði í starfi auk hæfni í mannlegum samskiptum.

### Sérfræðingur á sviði kynningar- og fræðslumála

**Meðal verkefna** eru kynningar- og markaðsmál, almannatengsl, umsjón með innri og ytri vef, auk þess umsjón með fræðslu til almennings og starfsmanna.

**Hæfniskröfur** eru háskólamenntun sem nýtist í starfi, reynsla af fjölmiðlun, markaðsmálum eða fræðslustörfum, góð íslenskukunnátta auk reynslu af vefumsjón. Áhersla er lögð á skipulögð og fagleg vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

### Sérfræðingur á sviði upplýsingatækni og rafrænnar stjórnsýslu

**Meðal verkefna** eru tölvu- og upplýsingatæknimál, rafræn stjórnsýsla, mótun verkferla, m.a. með hliðsjón af nýtingu upplýsingatækni og ráðgjöf til starfsmanna.

**Hæfniskröfur** eru háskólamenntun sem nýtist í starfi, reynsla af upplýsingatækni og rafrænni stjórnsýslu, sem og af mótun verkferla auk reynslu af verkefna- og gæðastjórnun. Áhersla er lögð á skipulögð og fagleg vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði í starfi auk hæfni í mannlegum samskiptum.

**Umsóknir** ásamt upplýsingum um menntun, prófgögn og fyrri störf skulu berast til STRÁ MRI, netfangið: stra@stra.is eigi síðar en 19. júlí nk. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um störfin. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. **Guðný Harðardóttir, hjá STRÁ MRI,** veitir nánari upplýsingar um störfin í síma 588 3031, sjá nánar **www.stra.is**.

Jón Steindór er fæddur á Akureyri 1958 og er þar uppalinn, sonur hjónanna Sigurveigar Jónsdóttur leikkonu og Valdimars Pálssonar bólstrara. Hann útskrifaðist frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1978 og lauk prófi í lögfræði við Háskóla Íslands 1985. Áður hafði hann kynnst eiginkonu sinni Gerði Bjarnadóttur kennara og á með henni þrjár uppkomnar dætur, Gunni, Höllu og Hildi. Eftir útskrift starfaði Jón Steindór um tíma hjá fjármálaráðuneytinu og síðan hjá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Eftir það vann hann hjá Félagi íslenskra iðnrekenda og hefur tekið þátt í margvíslegum störfum á vegum þess. Jón Steindór hefur unnið í þágu SI síðustu 16 ár og fannst tímabært að skipta um vettvang.

„Ég hef náttúrulega ekki verið mikið á ferðinni síðustu ár, hjá samtökunum hef ég starfað sem aðstoðarframkvæmdastjóri frá stofnun 1994 og framkvæmdastjóri síðustu þrjú ár. Áður starfaði ég hjá Félagi íslenskra iðrekenda, sem er eitt þeirra félaga sem rann inn í Samtök iðnaðarins. Mér fannst því tímbært að snúa mér að öðru og hleypa einhverjum ferskum að, það er skynsamlegt að hætta þegar vel gengur en halda ekki áfram þar til maður er orðinn útbrunninn og láta það bitna á samtökunum,“ segir Jón Steindór og brosir, þótt alvara búi að baki hverju orði.

Hann segist í gegnum starf sitt hafa orðið vitni að miklum sviptingum í iðnaði á Íslandi. „Ég tek við á hátindi uppsveiflunnar árið 2007, þótt undirstöðurnar hafi síðan ekki reynst mjög traustar og þegar ég hætti núna erum við nærri því að vera á botninum. Margt bendir þó til að allt sé smám saman á uppleið og á heildina litið hafa atvinnulífið og iðnaðurinn þróast mikið síðustu tíu ár. Nýjar iðngreinar hafa sprottið upp og nýsköpun og menntun fengið aukið vægi. Svo erum við í viðræðum um aðild að Evrópusambandinu en ég er sannfærður um að hún hefði góð áhrif á starfsumhverfi iðnaðar og hagsæld Íslendinga til langrar framtíðar.“

Jón Steindór segir sína framtíð hins vegar óráðna. „Þetta hefur verið sprettur þannig að ég ætla að taka því rólega í sumar og í framhaldinu mun ég skoða hvað mig langar til að gera. Það getur verið að ég snúi mér að einhverju allt öðru, einn kosturinn við þetta starf er að maður hefur kynnst mörgum og ólíkum hlutum, sem ætti að nýtast vel á margvíslegum vettvangi,“ segir hann bjartsýnn. **roald@frettabladid.is**

*Útför ástkærrar sambýliskonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu, systur og frænku,*

**Ragnhildar Ingólfsdóttur,**

sem lést sunnudaginn 13. júní, fór fram í Vengkirkju á Jótlandi 17. júní síðastliðinn. Minningarathöfn á Íslandi verður auglýst síðar.

**Peter W. Petersen**
**Sædís Ragnhildardóttir Jesper Mikkelsen**
**Martina Agrillo Lukas Benedikt Mikkelsen**
**systkini og fjölskyldur hinnar látnu.**



*Ástkær faðir minn og afi okkar,*

**Daði Daníelsson**

Dvalarheimilinu Höfða,
(síðast Stillholti 19 Akranesi),

lést á Dvalarheimilinu Höfða 15. júní. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.
Fyrir hönd fjölskyldunnar,

**Elín Ingibjörg Daðadóttir.**

†



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, tengdasonar og afa,*

**Gunnars Geirssonar**
tæknifræðings, Sóltúni 9.

**Jytte Hjaltested**
**Sigríður Gunnarsdóttir** **Stefán Hallgrímsson**
**Haraldur Gunnarsson** **Ingibjörg Gísladóttir**
**Hildur Gunnarsdóttir** **Ásgeir Valur Snorrason**
**Guðmundur Gunnarsson**
**Björn Hjaltested Gunnarsson** **Hildur S. Aðalsteinsdóttir**
**Grethe Hjaltested**
**og barnabörn.**

†



*Sonur minn, bróðir okkar og mágur,*

**dr. Kjartan G. Ottósson**
prófessor við Háskólann í Osló,

sem lést mánudaginn 28. júní, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 6. júlí kl. 11.

**Gyða Jónsdóttir**
**Óttar Ottósson**
**Helga Ottósdóttir** **Stefán S. Guðjónsson**
**Geirlaug Ottósdóttir** **Grímur Guðmundsson**
**Theodór Ottósson** **Árný Elíasdóttir**
**Helga Ehlers** **Reinhard Wolf**

†



*Ástkær eiginkona mín, móðir, amma og langamma,*

**Margrét Júlíusdóttir**
frá Bjarnastöðum,

lést á Sjúkrahúsi Akraness þriðjudaginn 29. júní. Útförin fer fram frá Reykholtskirkju þriðjudaginn 6. júlí kl. 14.00.

**Guðmundur Jónsson**
**Hrefna Halldórsdóttir** **David L. Bell**
**Jófríður Guðmundsdóttir** **Davíð G. Sverrisson**
**Arndís Guðmundsdóttir** **Sigurður R. Gunnarsson**
**Hrafnhildur Guðmundsdóttir** **Jóhannes Kristleifsson**
**börn og barnabörn.**

†



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og virðingu við minningu elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Jóns Ragnars Björgvinssonar**
*garðyrkjufræðings, Rjúpnasölum 8, Kópavogi,*

sem lést 11. júní sl. Sérstakar þakkir til starfsfólks gjörgæsludeildar Landspítalans í Fossvogi og séra Gunnars R Matthíassonar fyrir ómetanlegan stuðning.

**Elsa Hildur Óskarsdóttir**
**Björgvin Jónsson** **Guðlaug Hrönn Björgvinsdóttir**
**Óskar Jónsson** **Þóra Hrönn Óðinsdóttir**
**Laufey Jónsdóttir**
**Sigríður Jónsdóttir** **Þórður Helgi Jónsson**
**og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

†



*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gísli Bessason**
frá Kýrholti í Skagafirði, til heimilis að Kjarnalundi á Akureyri,

lést á heimili sínu 1. júlí. Jarðsett verður mánudaginn 12. júlí kl. 13.30 frá Akureyrarkirkju.

**Bessi Gíslason** **Una Þóra Steinþórsdóttir**
**Guðrún Gísladóttir** **Jóhannes Mikaelsson**
**Elinborg Gísladóttir** **Hörður Ágústsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður G. Gíslason**
Hrauni, Grindavík,

lést á hjúkrunardeild Víðihlíð miðvikudaginn 30. júní. Útförin fer fram í Grindavíkurkirkju föstudaginn 9. júlí kl. 14. Þeir sem vilja minnast hans er bent á Björgunarsveitina Þorbjörn eða Grindavíkurkirkju.

**Hrefna Ragnarsdóttir**
**Gísli G. Sigurðsson** **Margrét Hinriksdóttir**
**Hörður Sigurðsson** **Valgerður Valmundsdóttir**
**Margrét Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Kjartan Guðjónsson**
listmálari,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund miðvikudaginn 30. júní. Útförin auglýst síðar.

**Sigurður Kjartansson** **Hólmfríður Erla Finnsdóttir**
**Bjarni Kjartansson** **Lilja Grétarsdóttir**
**Gunnar Hrafnsson** **Sólveig Baldursdóttir**
**og barnabörn**

†



*Elskuleg mamma okkar, tengdamamma og amma,*

**Klara Björnsdóttir,**

lést miðvikudaginn 30. júní að Hornbrekku Ólafsfirði. Útförin fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju fimmtudaginn 8. júlí kl. 14.

**Bjarkey, Helga, Ásgeir, tengdabörn og barnabörn.**

†



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þórlín Dagmar Guðnadóttir,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi hinn 12. júní sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Skúli Hafsteinn Gíslason** **Kristjana Guðbjörg Ágústsdóttir**
**Kolbeinn Ingi Gíslason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Innilegar þakkir til allra sem auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Halls Sigurbjörnssonar**
fv. skattstjóra, Grundargerði 3d, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sjúkrahússins á Akureyri fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

**Aðalheiður Gunnarsdóttir**
**Sigurbjörn Hallsson** **Ane Thomsen**
**Margrét Hallsdóttir** **Kristinn Einarsson**
**Gunnar Hallsson**
**Friðrik Haukur Hallsson** **Angelika Woldt-Hallsson**
**Þórarinn Óli Hallsson** **Karin Rova**
**Hallur Heiðar Hallsson**
**Hlynur Hallsson** **Kristín Þóra Kjartansdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**

†



*Elskulegur faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Skúli Helgason**
prentari, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi miðvikudaginn 30. júní. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Elísabet Skúladóttir** **Rafn Sigurjónsson**
**Sólveig Lóa Magnúsdóttir** **Ingi Þór Thorarensen**
**Guðbjörg Eva Rafnsdóttir**
**Berglind Ösp Rafnsdóttir**
**Sigríður Jóna Rafnsdóttir**
**og barnabörn.**

†



*Innilegar þakkir fyrir þann hlýhug og vináttu sem okkur hefur verið sýnd vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Hjalta Bjarnasonar**
bifreiðastjóra frá Sólvangi, Árskógsströnd.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki á dvalarheimilinu Hlíð og lyflækningadeild FSA fyrir persónulega og hlýja umönnun. Guð blessi ykkur öll

**Jóhanna Gíslína Vigfúsdóttir**
**Bjarni H. Hjaltason** **Anna G. Sigurðardóttir**
**Bjarki V. Hjaltason** **Dýrleif K. Steindórsdóttir**
**Elín Hjaltadóttir** **Þórarinn Kristjánsson**
**Reynir Gísli Hjaltason** **Helga Ó. Finnbogadóttir**
**Vignir Hjaltason** **Edda B. Kristinsdóttir**
**Vigdís E. Hjaltadóttir** **Guðmundur Þ. Jónsson**
**og aðrir aðstandendur.**

†



*Innilegar þakkir fyrir hlýhug og samúð, blóm og minningargjafir við andlát og útför okkar ástkæru*

**Emmu Árnadóttur**

sem lést sunnudaginn 13. júní. Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki Dvalarheimilisins Höfða á Akranesi fyrir góða umönnun og aðhlynningu.

**Ágústa G. Garðarsdóttir** **Henry Stefánsson**
**Árni Ingi Garðarsson** **Ástríður S. Valbjörnsdóttir**
**Edda K. Lystrup** **Arne Lystrup**
**Ásdís Þr. Garðarsdóttir** **Björn Guðmundsson**
**Hafdís Garðarsdóttir** **Rúnar Ásgeirsson**
**Hörður Garðarsson** **Þóranna Kjartansdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**






# Karamellurnar

**BAKÞANKAR**
**Atla Fannars Bjarkasonar**



Sykur er ógeðslegur og síðustu vikur hef ég reynt að borða minna af honum. Ég borða voðalega lítið nammi, þannig að ég þarf ekki að hafa áhyggjur af því að skera niður neyslu á Lindubuffi og fílakaramellum. Ég er hins vegar búinn að vera háður gosdrykkjum lengi. Eina sem ég lét mig dreyma um sem barn var að eiga ísskáp fullan af litlum gosdósum en það endurspeglar grátlegt metnaðarleysi mitt gagnvart því sem hefur raunverulega merkingu í lífinu. Ég þurfti því *aðeins* að ráðast í kvalarfullan og hugsanlega lífshættulegan niðurskurð á kóki.

**ÉG** þoli ekki öfgar. Þess vegna ákvað ég að það væri ekki tímabært að hætta alveg að drekka gos. Eftir að hafa legið yfir málinu klukkustundum saman, reiknað út áhættuþætti, kostnað og hugsanlegan ávinning ákvað ég að hætta að drekka kók með mat. Á virkum dögum. Í staðinn drekk ég vatn og horfi dreymandi á jökulkaldar kókdósir sadistanna sem vinna með mér, en þeim þykir fátt skemmtilegra en að stilla dósunum upp þannig að ég sjái að þær séu kaldar. Og girnilegar. Ómótstæðilegar.

**LÍKAMI** minn hefur gert þetta litla verkefni að mannýgri þrautargöngu. Áður en átakið hófst mundi ég ekki eftir að hafa keypt mér súkkulaði árum saman. Í dag byrja ég að hugsa um lostafullt kynlíf með hópi súkkulaðihjúpaðra karamella með lakkrís í stað augna aðeins tveimur mínútum eftir að ég klára hádegismatinn. Ég reyni að halda einbeitingu á meðan karamellurnar baða mig í blíðu sinni og ég ranka ekki við mér fyrr en sælgætissjálfsalinn á neðri hæðinni þakkar mér fyrir viðskiptin. Þar með lýkur kvölinni tímabundið.

**EFTIR** kvöldmat tekur sama við. Ég hef verið latur við eldamennsku upp á síðkastið og kem því yfirleitt með tilbúinn mat heim. Eftir að ég klára hann og þamba síðasta vatnssopann byrja karamellurnar að ásækja mig. Þær velta mér upp úr kurluðum lakkrís á meðan þær mata mig á alls kyns framandi sælgæti. Þetta er nýtt fyrir mér. Ég er að upplifa tilfinningar sem ég þekki ekki og það er gera útaf við mig.

**EINU** sinni var ég frjáls. Ég drakk kók með hverri máltíð og hló af sælgætisfíkn fólks. Nammibarir voru í mínum huga samkomustaðir barna og óléttra kvenna. Svona eins og innisundlaugar. Ég gat farið út í sjoppu og horft yfirlætislega á sælgætisúrvalið sem, þrátt fyrir litadýrð og fögur fyrirheit, freistaði mín ekki. En í dag er öldin önnur. Ég er hættur að drekka gos og hef misst stjórn á líkama mínum.

**NIÐURSTAÐAN** er sú að kók hefur stjórnað lífi mínu síðustu ár. Nú þegar líkaminn hefur tekið við stjórninni er allt komið í rugl. Guð hjálpi mér.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Overli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Kirkman/Scott





**SKÍRÐI LADY GAGA** Nýbakaður faðir skírði dóttur sína í höfuðið á söngkonunni.

# Lady Gaga fær sína fyrstu nöfnu

Söngkonan Lady Gaga hefur nú fengið sína fyrstu nöfnu. Það var faðirinn, Ian Clark, sem skírði nýfædda dóttir sína í höfuðið á söngkonunni á dögunum eftir að hafa grínast með það við fjögurra ára gamla stjúpdóttur sína.

Þrátt fyrir að móðir barnsins hafi harðneitað því fór Ian með nafnið alla leið og fékk dóttirin nafnið Meggie Maisie Lady Gaga.

„Ég trúi því ekki að hann hafi gert þetta. Konurnar sem sáu um skráninguna spurðu hann þrisvar sinnum hvort það væri eitthvað sem hann vildi breyta við skráninguna," sagði móðirin.

Ian sagði að þegar hann hafi spurt hvað barnið ætti að heita hafi Maddie litla stungið upp á því að skíra í höfuðið á uppáhaldssöngkonu sinni. Hann segir að honum hafi þótt hugmyndin ágæt.

„Ég er viss um að henni á eftir að finnast þetta fyndið þegar hún verður eldri," sagði Ian.

Þess má geta að fjölskyldan er strax farin að gera ráðstafanir til að breyta nafni dótturinnar þegar hún verður 18 ára.


## Árbók Ferðafélags Íslands
er komin út!

FÍ

Árbók Ferðafélags Íslands fjallar að þessu sinni um eitt fegursta svæði Íslands, Friðland að Fjallabaki. Bókin fæst á skrifstofu félagsins, Mörkinni 6 og kostar 7900 kr.

Félagsmenn fá bókina senda, sér að kostnaðarlausu, um leið og heimsendir gíróseðlar vegna félagsgjalda hafa verið greiddir.

Kynnið ykkur kosti félagsaðildar og þau fjölmörgu fríðindi sem henni fylgja á heimasíðu félagsins.

Friðland að Fjallabaki

www.fi.is

KVARTMÍLU KLÚBBURINN

## 2. umferð Íslandsmótsins í kvartmílu

sunnudaginn 4. júlí
á kvartmílubrautinni
í Kapelluhrauni

Svæðið opnað kl. 11
Keppni hefst kl. 14

PIPAR\TBWA · SÍA

**Keppt verður í eftirfarandi flokkum:**

**Bílar:**
- RS – rally sport
- OS – ofur sport
- TS – true street, drag radial
- TD – true street, DOT
- HS – heavy street
- DS – door slammer
- OF – opinn flokkur
- Bracket

**Hjól:**
Standard-flokkur
Modified
Opinn flokkur

**Aðgangseyrir 1.000 kr.**
*Frítt fyrir 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum.*

www.kvartmila.is

Skeljungur BJB Aukin þjónusta www.bjb.is KRÓNAN Bílabúð Benna



Powerstrets flíspeysa

5863743-47

8.999

7.999

Powerstrets flíspeysa

sva/beige/rauð
5863725-5863727



RÚMGOTT
STÓRT
FORTJALD

**Arizona tjald**
**4 manna**
Innra lag: öndunarefni úr Polyamid
Ytra lag: 190T polyester
Stærð með fortjaldi 130x210x240sm
PU 1500mm
5869200

8.900
~~10.795~~

# FRÁBÆRT VERÐ
# Í HÚSASMIÐJUNNI



**Jotun pallaolía 3 ltr.**
Vinsælasta pallaolían á Íslandi.
7049123-33-37

Vinsælasta **pallaolía** á Íslandi

3 ltr.
2.990

25.490

**Rafmagnssláttuvél B&D**
35 ltr. safnara, 1200 W.
Miðlæg hæðarstilling.
34 sm sláttubreidd
5085134
BLACK & DECKER





JAKKI
4.999

**Regn og vindsett m/öndun**
dömu til í gráu og rauðu, herra til grá og blá, (barnastærðir rautt og grátt jakki 3999 buxur 3999)
5868030-5868088

BUXUR
3.999

13.490
~~16.990~~

Hægt að lyfta bekkjum - haldast hreinir og þurrir



**Garðborð með áföstum bekkjum180 cm**
Vnr.600242

**Sandkassi með loki**
150 x150cm
Vnr.600249

11.990
~~14.990~~



**100 bör, 1300W**
**5 metra slanga**

**Háþrýstidæla**
Nilfisk C.100
Vnr. 5254240
NILFISK



13.995
~~15.995~~

25% afsláttur af öllum stunguskóflum

Verð Frá
1.599



Timburmiðstöð Grafarholti: opið til 18:00 alla daga
Verslun Skútuvogi: opið til 21:00 alla daga

Gildir til 4. júlí

Gildir ekki af öðrum tilboðum og að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.




# TAX FREE!
## Pallaefni

**TAX FREE AF ÖLLU FÚAVÖRÐU TIMBRI FYRIR SÓLPALLINN**

**GILDIR EINNIG AF LERKI, SKJÓLVEGGJUM OG VATNSKLÆÐNINGU!**

Timbur-
miðstöðin
**Grafarholti**
opið til 18:00
alla daga

Látum verkin tala!

Sjá afgreiðslutíma um land allt www.husa.is

**HÚSASMIÐJAN**

## > STUTTAR BUXUR

Stuttbuxur er heitasta flíkin í sumar! Ofurfyrirsætan **Kate Moss** sást nýverið í svörtum leðurstuttbuxum sem hún klæddist við hvíta skyrtu. Fyrirsætan **Gieselle Bunchen** er einnig mikill aðdáandi stuttbuxna og klæðist gjarnan snjáðum gallastuttbuxum. Einnig þykja mynstraðar stuttbuxum sérlega flottar á ströndina á meðan glimmer eða satín stuttbuxur henta betur sem kvöldklæðnaður.



# stíll

utlit@frettabladid.is

## OKKUR LANGAR Í …




**Skemmtilegt, hvítt tölvuúr** í anda níunda áratugarins. Fæst á vefsíðunni www.asos.com.



**Röndóttar sokkabuxur** frá Sneaky Fox við sumarkjólinn sem fást í versluninni GK Reykjavík.



**Flott sinnepsgult veski** með doppum. Sumarlegt og kvenlegt og fæst í Zöru.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
### SARA MCMAHON

# *Smekkleg smekkleysa*

Ný tískustefna ruddist fram á sjónarsviðið vorið 2009 og virðist þessi stefna lifa ágætu lífi ári síðar. Þessi tískustefna hefur verið nefnd „Bad taste fashion“ sem útleggst sem „Smekklaus tíska“ á okkar ástkæra og ilhýra móðurmáli.



Þessi stefna er þó ekki alveg ný af nálinni því hún var meðal annars vinsæl á níunda áratug síðustu aldar þar sem tískudrósir blönduðu saman ýmsum straumum og stefnum í einn magnaðan hrærigraut. Nútíma hönnuðir hafa verið að sækja sér innblástur hingað og þangað og þykir útkoman vægast sagt ósmekkleg, nema nú er þetta smekkleg smekkleysa. Söngkonurnar Lady Gaga og M.I.A eru á meðal þeirra sem hafa tileinkað sér þessa smekklausu tísku auk bresku fyrirsætunnar Agyness Dyen. Þar sem smekkur fólks er mismunandi ber mönnum ekki saman um hvort stefnan sé skemmtilega lífleg eða hroðaleg tískumistök. Sumum þykir stefnan vera sem ferskur blær inn í hinn stílhreina tískuheim á meðan öðrum þykir hún vera sjónræn móðgun. Menn geta þó verið sammála um að það þurfi ákveðna týpu og nokkuð af hugrekki til að geta klætt sig samkvæmt þessari smekklausu stefnu þannig að vel fari.

Vilji fólk prófa sig áfram í smekkleysinu skal hafa augun opin fyrir alls kyns mynstruðum flíkum, sterkum litum, stórum öxlum og fyrirferðarmiklum fylgihlutum líkt og stórum beltum, hálsmenum og armböndum. Það er þó eins með smekkleysuna og flestar aðrar tískustefnur að „minna er meira“ og því skal varast að hlaða á sig of miklu hlébarðamynstri og öðrum mynstruðum, axlastórum flíkum. Sé þessari einföldu reglu fylgt eftir getur smekklausa tískustefnan verið afskaplega hressandi og skemmtileg og gefur fólki tækifæri til að láta sköpunargleðina ráða för.


ERTU AÐ FARA Í SUMARFRÍ?

Þú getur afpantað Fréttablaðið á meðan þú ert að heiman.
Hafðu samband í grænt númer 800-1177 eða sendu póst á netfangið dreifing@posthusid.is

Póst húsið

Pósthúsið ehf. annast dreifingu Fréttablaðsins, nánari upplýsingar á www.visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft…




**ÞVÍ STÆRRA, ÞVÍ BETRA** Þessi íburðarmikli kjóll var einn af mörgum á sýningu Dior. Hann minnir á kjólana sem kvikmyndastjörnurnar klæddust fyrr á tímum.

NORDICPHOTOS/GETTY

## BLÚNDUR OG RÓMANTÍK FRÁ DIOR:

# RÓMANTÍK á tískupöllunum

Fyrsta línan frá Dior, New Look, var frumsýnd árið 1947 og innihélt kjóla með þröng mitti og stór og mikil pils. Þetta þótti nýjung miðað við „flapper“ tískuna sem hafði verið allsráðandi lengi vel. Breski hönnuðurinn John Galliano hefur verið yfirhönnuður Dior frá árinu 1997.



**TIGNARLEGT** Þessi fallegi kjóll verður svolítið meira töff þegar maður klæðist háum leðurhönskum við hann.



**FRÁ TOPPI TIL TÁAR** Galliano hefur sagt að fólk skuli klæða sig frá toppi til táar og að hattar séu nauðsynlegir til að fullkomna hvert dress.





**PÍFUR OG FÍNERÍ** Fyrirsæta klæðist léttu pilsi og fallegum jakka við.

**Flott sólgleraugu fyrir útileigurnar í sumar.**




**Sætan, bleikan varalit** frá Bobbi Brown. Bleikt þykir flott í sumar.






**SKRAUTLEGT** Flíkurnar frá Dior voru hver annarri skrautlegri og var mikið um falleg smáatriði í mynstrinu.



**FLOTTUR FÝR** John Galliano þykir einn sá flottasti í bransanum í dag.

**SÖGULEG RÓMANTÍK** Þessi gullfallegi kjóll minnir einna helst á eitthvað úr sögum Jane Austen.






## >KATY ROKSELUR

Nýjasta smáskífulag **Katy Perry**, California Girls, hefur selst í 300.000 eintökum á viku fjórar vikur í röð á netinu. Lagið hefur verið keypt alls 2,1 milljón sinnum, en aðeins lagið Right Around með Flo Rida hefur selst hraðar á Netinu.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Patti minntist Hróarskelduslyssins

Tíu ár eru síðan örlagaríka júníkvöldið á Hróarskelduhátíðinni átti sér stað og níu ungmenni tróðust undir á Pearl Jam-tónleikum. Tónlistarhátíðin, sem haldin er þessa helgina í Danmörku, ber merki þessara tímamóta og á fimmtudagskvöldið hélt söngkonan og pönkarinn Patti Smith minningarstund fyrir gesti hátíðarinnar.

Slysið er það hrikalegasta í sögu hátíðarinnar sem er haldin í 39. skiptið í ár. Atburðarásin í aðdraganda slyssins var dramatísk og setti sitt spor á tónleikagesti og tónleikahald komandi ára.

Það var tilfinningaþrungin stund þegar Patti Smith steig á svið með níu rósir í fanginu, ein fyrir hvern látinn, og kastaði niður sviðið og hrópaði „þeir látnu lifa áfram í huga ykkar. Lifi Hróarskelda!“

Á hátíðinni stíga tvær íslenskar hljómsveitir á svið, FM Belfast og Sólstafir, en aðalnúmerin eru meðal annars hljómsveitirnar Muse og Gorillaz.



**MINNINGARSTUND** Patti Smith dreifði rósum til að minnast ungmennanna níu sem létu lífið í troðningi á Hróarskelduhátíðinni fyrir tíu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

StorirStrakar.is
Viðarrima 25 · 112 Reykjavík
Sigríður Marteinsdóttir
sigga@storirstrakar.is
Sími 699 7885

Himnaríki og Reykjavik By Day & Night kynna í Iðnó
Cellophane
Margrómaður gamanleikur Eftir Björk Jakobsdóttur
“Eiginmaður, krakkar, vinna, sjóðandi kynlíf og enginn tími!”
“Þórunn Lárusdóttir brillerar í hlutverkinu”

TAKMARKAÐ MIÐAFRAMBOÐ
Bókið miða á midi.is / booknow.is / sími: 666 1234
Verkið er sýnt á ensku í Iðnó fimmtudaga og sunnudaga kl. 20:00

Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.

www.markisur.com • www.markisur.is
Veðrið verður ekkert vandamál

Hrein Fjárfesting ehf
REX Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

# SYKURTÚTTUR OG GYÐINGAHATUR

**Mel Gibson hefur náð ótrúlegum hæðum á ferli sínum sem leikari og leikstjóri. Síðustu ár hafa hins vegar verið honum erfið vegna drykkjuskapar og kynþáttahaturs sem hann hefur orðið uppvís að. Síðasta vika var afar slæm í lífi leikarans en ný gögn sýna að kynþáttahatur hans hefur náð nýjum hæðum. Fréttablaðið stiklar á stóru um feril Gibsons til dagsins í dag.**



**SJÚKUR MAÐUR** Mel Gibson sagðist vera með geðhvarfasýki í viðtali árið 2002. Miðað við hegðun síðustu ára virðist hann hafa rétt fyrir sér.



**12. apríl 1979**
Ástralska hasarmyndin Mad Max er frumsýnd í Ástralíu og slær strax í gegn. Ungur og óþekktur Mel Gibson leikur aðalhlutverkið og eftir nokkrar framhaldsmyndir beinir hann sjónum sínum að Hollywood.

**6. mars 1987**
Lethal Weapon er frumsýnd og Gibson slær í gegn sem löggan Martin Riggs.

**19. desember 1990**
Gibson fær lof fyrir frammistöðu sína sem danski prinsinn Hamlet í mynd Franco Zeffirelli.



**24. maí 1995**
Gibson reynir fyrir sér sem leikstjóri í annað sinn. Stórmyndin Braveheart slær í gegn hjá gagnrýnendum og áhorfendum.

**25. mars 1996**
Braveheart fær fimm Óskarsverðlaun, meðal annars sem besta myndin og fyrir bestu leikstjórn.

**1. janúar 2002**
Gibson segir í viðtali að hann hafi verið greindur með geðhvarfasýki.



**25. febrúar 2004**
Mel Gibson sendir frá sér hina gríðarlega umdeildu Passion of the Christ. Myndin er afar blóðug og Gibson er gagnrýndur fyrir að upphefja ofbeldið og ala á gyðingahatri. Myndin þénar meira en 370 milljónir dollara í Bandaríkjunum þrátt fyrir að vera ekki á ensku.

**28. júlí 2006**
Gibson er stöðvaður fyrir hraðakstur á hraðbraut í Malibu. Hann er látinn blása og þá kemur í ljós að hann er ölvaður. Lögreglan finnur einnig opna tekílaflösku við hliðina á bílstjórasætinu í bíl hans. Hann brjálast svo þegar hann er handtekinn og kennir gyðingum um ófarir sínar og öll stríð í heiminum. Loks kallar hann lögreglukonu „sykurtúttur“.

**13. október 2006**
Gibson biðst afsökunar í viðtali við Diane Sawyer og kallar ummæli sín „heimskulegt röfl fyllibyttu“.

**13. apríl 2009**
Robyn Gibson, eiginkona Mel, sækir um skilnað eftir tæplega 30 ára hjónaband. Þau eiga saman sjö börn.

**28. apríl 2009**
Gibson mætir á frumsýningu með nýju kærustunni, hinni rússnesku Oksönu Grigorievu. Mánuði síðar er tilkynnt að þau eigi von á barni. Mánuðum síðar fæðist dóttir þeirra Lucia.

**14. apríl 2010**
Gibson og Grigorieva hætta saman. Stuttu síðar fer allt í rugl og þau sækja um nálgunarbann hvort á annað. Hún sakar hann um heimilisofbeldi en hann segir þau einfaldlega hafa rifist.



**1. júlí 2010**
Fréttasíðan Radaronline segist hafa undir höndum upptöku af Gibson öskra á Grigorievu. Ummælin eru afar ógeðfelld og Gibson segir hana meðal annars líta út eins og sveitt svín og að ef henni verði nauðgað af „negrahjörð“ geti hún sjálfri sér um kennt. Þá hótar hann að kveikja í húsi þeirra. Nú velta menn fyrir sér hvað Gibson geri til að reyna að endurheimta orðspor sitt í Hollywood.

# Raunveruleikaþáttur um frúna

Aðþrengda eiginkonan Eva Longoria er að fara út í raunveruleikaþáttabransann, eða að minnsta kosti veitingastaðurinn hennar. Longoria er eigandi veitingastaðarins Beso í Hollywood og eru nú þættir í vinnslu um starfsmenn staðarins. Longoria ætlar þó ekki að koma mikið við sögu sjálf en hún segist vera gift og gömul núna, ekki efni í raunveruleikaþátt. Þættirnir munu verða sýndir á VH1 síðar á þessu ári.

Eva Longoria er stödd þessa dagana í Kaliforníu við tökur á myndinni Without Men þar sem hún leikur við hlið leikarans Christians Slater.



**EVA LONGORIA** Gerir raunveruleikaþætti um veitingastað sinn í Hollywood. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Þorir ekki í lýtaaðgerðir

Leikkonan Daryl Hannah neitar því að hafa lagst undir hnífinn og líkir fólki sem farið hefur í lýtaaðgerðir við brúður. „Það eru margir í Los Angeles sem hafa lagst undir hnífinn og þeir líta allir út eins og brúður. Fyrir nokkru voru teknar af mér myndir þar sem ég er að baða mig í sjónum og ég virka svolítið bólgin í andlitinu og þá fór af stað orðrómur um að ég hafi farið í lýtaaðgerð. Ég missti nokkur verkefni vegna þessa og ég ætlaði í mál við tímaritið sem birti fyrst söguna, en mér var ráðlagt frá því,“ sagði leikkonan.

Hún viðurkennir þó að stundum hafi hugsunin um að láta lagfæra eitthvað læðst að henni, en segist vera of mikil gunga til að þora því. „Stundum lít ég í spegilinn og hugsa: „Guð minn góður“, en ég er of mikill heigull til að leggjast undir hnífinn nema ég væri í bráðri lífshættu. Ég hef þurft að gangast undir ýmsar aðgerðir og hef meðal annars bakbrotnað þrisvar sinnum og ég held ég kunni að meta líkama minn betur eftir þá reynslu.“



**OF MIKIL GUNGA** Leikkonan Daryl Hannah segist vera of mikil gunga til að fara í lýtaaðgerð. NORDICPHOTOS/GETTY



**KINGS OF LEON** Prófuðu nýtt efni á tónleikum í vikunni þrátt fyrir að hafa ekki leyfi.

# Ögruðu með nýju lagi

**Hljómsveitin Kings of Leon ögraði útgáfufyrirtæki sínu allverulega á tónleikum nú í vikunni.**

**Rokkararnir notuðu tækifærið þegar þeir spiluðu fyrir 60.000 æsta aðdáendur til að prufa nýtt efni.**

**„Síðan við hittum ykkur síðast höfum við eytt tímanum í að búa til nýja plötu fyrir ykkur. Við lögðum mikla vinnu í hana,“ sagði söngvarinn, Caleb Followill, við aðdáendur sína. „Ég er ekki viss um að þeir vilji að við spilum nýju lögin fyrir ykkur en til fjandans með það – við ætlum að gera það!“**



**ALLT ER ÞEGAR ÞRENNT ER** Svo virðist sem orðatiltækið eigi ekki við í þessu tilviki.

# Frasier skilur í þriðja sinn

**Camilla Grammer sem er þriðja eiginkona leikarans Kelsey Grammer, sem er betur þekktur sem Frasier, hefur nú sótt um skilnað. Þrátt fyrir að vera þriðja hjónaband leikarans virðist það ekki ætla að ganga upp líkt og orðatiltækið segir.**

**Camilla fer fram á sameiginlegt löglegt forræði yfir börnunum þeirra tveimur. Jafnframt fer hún fram á það að aðalheimili barnanna verði hjá henni.**

**Camilla og Kelsey hafa verið gift síðan 1997. Hún segir óleysanlegan ágreining vera ástæðu skilnaðarins. Að auki fer hún bæði fram á maka- og barnameðlag frá leikaranum.**



# Paris ofurpakkar fyrir HM

Hótelerfinginn Paris Hilton er á leiðinni til Suður-Afríku til að fylgjast með heimsmeistaramótinu í knattspyrnu. 11 dagar eru eftir af keppninni en Hilton hefur pakkað í 12 ferðatöskur til að taka með sér. Hún birti nýlega mynd af sér á Twitter sitjandi ofan á öllum töskunum og hrósaði happi yfir að vera bara með 12 töskur. Hún segir á Twitter að hún hlakki til að horfa á fótbolta og fara í safarí. Paris flaug með einkaflugvél til Jóhannesarborgar og þurfti því litlar áhyggjur að hafa af yfirvigt.

Ekki fylgir sögunni hvaðan þessi fótboltaáhugi kemur, en Paris var á síðasta ári orðuð við fótboltakappann Cristiano Ronaldo, leikmann Portúgals. Portúgalar eru þó dottnir úr keppni og hún því ekki að fara til að horfa á hann.



**12 TÖSKUR FYRIR 11 DAGA** Paris þarf eina tösku fyrir hvern dag á meðan hún horfir á HM í Suður-Afríku. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Helgi Björns og Reiðmenn vindanna koma í hlaðið

**Helgi Björnsson og Reiðmenn vindanna hafa sent frá sér aðra plötu sína. Platan inniheldur tólf gömul lög sem hljómsveitin gefur nýjan blæ. Fyrri plata Reiðmannanna seldist í um 7.000 eintökum og er því mikil spenna fyrir nýju plötunni.**



**VINSÆL HESTATÓNLIST** Fyrri plata Helga og Reiðmannanna seldist í um 7.000 eintökum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Það leggst mjög vel í mig að platan sé komin út. Það er alltaf mikill áfangi þegar maður kemur út plötu. Þegar maður fer í stúdíó þá er það eins og getnaður eða góðar samfarir. Síðan er það eins og fæðingin þegar þetta kemur fyrir sjónir annarra,“ segir Helgi Björnsson söngvari.

Helgi Björnsson gaf nú í vikunni út plötuna Þú komst í hlaðið með hljómsveitinni Reiðmenn vindanna. Diskurinn inniheldur tólf eldri lög sem fá nú nýjan blæ í meðförum Reiðmannanna. „Sum þessara laga hafa aldrei verið sungin nema þá af kórum eða einsöngvurum. En við setjum þau í aðeins meiri popp/rokk búning og gefum þeim meira grúv,“ segir Helgi, ánægður með árangurinn. „Vinnan á bak við plötuna var mjög skemmtileg. Enda var ég með skemmtilegan hóp með mér.“

Fyrri plata reiðmannanna, sem gefin var út fyrir tveimur árum, sló heldur betur í gegn og seldist í um 7.000 eintökum. Það gefur því auga leið að mikil eftirvænting hefur verið eftir þessari plötu.

Helgi er nú kominn til landsins til að fylgja Reiðmönnunum á Írska daga um helgina. Einnig verða þeir á hestamannamóti sem haldið verður í Skagafirði um verslunarmannahelgina. linda@frettabladid.is


NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| KILLERS | kl. 1 - 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | 12 |
| KILLERS LÚXUS | kl. 1 - 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 1 - 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | L |
| THE A-TEAM | kl. 2.30 - 5.20 - 8 - 10.30 | 12 |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 1 - 3 - 5.30 - 8 - (10.25 sun) | 12 |
| HÚGÓ 3 | kl. 1 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| KILLERS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 3.20 - 5.40 - (8 lau) - 10.20 | 12 |
| ROBIN HOOD | kl. 9 | 12 |
| SNABBA CASH | kl. 3.30 - 6 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| KILLERS | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 6 - 8 | L |
| THE A-TEAM | kl. 10 | 12 |
| HÚGÓ 3 | kl. 4 | L |

facebook.com/smarabio

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




600 kr í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| KILLERS | 2, 4, 6, 8 og 10 | 12 |
| GROWN UPS | 1.50, 5.50, 8 og 10.10 | 10 |
| THE A-TEAM | 5.40, 8 og 10.20 | 12 |
| STREET DANCE-3D | 4 | 7 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ | 2 og 4 | L |

SAMBÍÓIN

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

HEIMSFRUMSÝNING Á EINNI VINSÆLUSTU MYND SUMARSINS




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| TWILIGHT kl. 1 - 3:30 - 6 - 8 - 8:30 - 10:40 - 11 | 12 |
| TWILIGHT SAGA kl. 2:30 - 5:20 - 8 - 10:40 | |
| NIGHTMARE ON ELM STREET kl. 8 - 10:50 | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 3D ísl. Tali kl. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali kl. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| SEX AND THE CITY 2 kl. 2 - 5 - 8 | 12 |
| THE LOSERS kl. 10:40 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA kl. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 10 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | |
|---|---|
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali kl. 3 - 5:50 | L |
| GET HIM TO THE GREEK kl. 8 | 12 |
| THE LOSERS kl. 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | |
|---|---|
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET kl. 3:20 - 5:40 - 10:50 | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 3D ísl. Tali kl. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| TOY STORY 3 3D ensku Tali kl. 1 - 8 - 10:20 | L |
| SEX AND THE CITY 2 kl. 8 | 12 |
| TEMJA DREKANN SINN 3D ísl. Tali kl. 1:20 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE kl. 5:30 - 8 - 10:35 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3 3D ísl tal kl. 1.20 - 3:30 | L |
| TOY STORY 3 ensku tal kl. 1.20 - 3:30 | L |
| PRINCE OF PERSIA kl 6 | 10 |
| SEX AND THE CITY 2 kl. 9 | 12 |

SPARBÍÓ




ÁLFABAKKI KL. 1 | SELFOSS KL. 3 | KEFLAVÍK KL. 3 | ÁLFABAKKI KL. 1 Í 3D, KL 1 Í 2D | KRINGLAN KL. 1 Í 3D ÍSL OG ENSKU | AKUREYRI KL. 1.20 Í 3D OG 2D | SELF OG KEFL KL. 3 Í 2D

Sími: 553 2075 LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus Ódýrt í bíó




LAUGARÁSBÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

TILBOÐSVERÐ Í BÍÓ

SMÁRABÍÓ BORGARBÍÓ HÁSKÓLABÍÓ





NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI
RISA
MARKAÐUR
Í LAUGARDALSHÖLLINNI
Íslensk tónlist - erlend tónlist
TÓNLIST
klassík - jazz - DVD tónlist
Tónlist frá 299 kr.
GRETTIR
KR. 499
KR. 499
KR. 499
KR. 499
KR. 499
KR. 499
KR. 999
KR. 999
KR. 999
KARDEMOMMUBÆRINN
KR. 999
KR. 999
KR. 1499
100
KR. 1499
KR. 1499
HAUKUR MORTHENS
KR. 1499
KR. 1499
TINA!
KR. 1299
KR. 499
DR HOOK HITS AND HISTORY
KR. 1299
KR. 1299
Þúsundir titla í boði
BÆKUR
DVD MYNDIR
DVD myndir frá 399 kr.
Endurminningar Gylfa Ægissonar
SÖKNUÐUR
Ævisaga Vilhjálms Vilhjálmssonar
KR. 599
KR. 599
LADDI
KR. 999
STRUMPARNIR
KR. 1299
BRÚÐGUMINN
KR. 999
GOSI
KR. 999
ALVIN OG ÍKORNARNIR
KR. 999
THE SOUND OF MUSIC
KR. 999
Nóg af bílastæðum
OPIÐ 11 - 19 ALLA DAGA VIKUNNAR

## > Hannes stefnir á Þýskaland

Hannes Þ. Sigurðsson vill losna frá sænska B-deildarliðinu GIF Sundsvall. Þetta sagði hann í samtali við Fréttablaðið í gær. „AIK hefur sýnt áhuga og einhver fleiri lið en ég vil komast frá Skandinavíu. Ég reikna með að eitthvað gerist á næstu dögum og vikum,“ sagði Hannes sem hefur helst áhuga á að komast að í þýska boltanum. „Ég vonast til að það gangi í gegn en við erum líka með félög frá öðrum löndum í skoðun.“



# sport

sport@frettabladid.is

**HANNES Þ. SIGURÐSSON:** SPILAÐI Í EITT OG HÁLFT ÁR UNDIR STJÓRN ROY HODGSON

## *Hárrétt hjá Liverpool að ráða Roy Hodgson*



Roy Hodgson var í vikunni ráðinn knattspyrnustjóri Liverpool en hann hefur á löngum ferli sínum víða komið við. Hann var þjálfari Viking í Noregi frá 2004 til 2005 en þá lék Hannes Þ. Sigurðsson með liðinu.

„Það kom mér ekkert á óvart að maður með hans getu og kunnáttu skuli hafa verið ráðinn til Liverpool,“ sagði Hannes í samtali við Fréttablaðið. „Það kom mér frekar á óvart að hann hafi ekki fengið svona stórt verkefni áður. Hann er einfaldlega í þessum gæðaflokki.“

Hannes segir að Hodgson sé fyrst og fremst afar skipulagður þjálfari. „Hann er með mjög fínar hugmyndir um hvernig eigi að spila og fylgir því eftir. Það er allt upp á 100 prósent hjá honum og allir leikmenn vita hvert þeirra hlutverk er upp á hár.“

Hodgson var síðast þjálfari Fulham þar sem hann kom liðinu til að mynda í úrslitaleik Evrópudeildar UEFA. „Árangurinn hjá Fulham talar sínu máli. Hann hafði ekki mannskap til að ná svona langt en gerði það á gríðarlega öguðum leik. Leikmenn bera mjög mikla virðingu fyrir honum og eru tilbúnir að gera hvað sem er fyrir hann.“

Sjálfur fékk Hannes mikið að spila undir stjórn Hodgson. „Við náðum mjög vel saman og ég tel að ég hafi lært hvað mest af honum af öllum þeim þjálfurum sem ég hef verið með.“

Hannes er sjálfur Liverpool-maður en hann spilaði um tíma með Stoke. „Ég hef nú mest fylgst með Stoke síðustu ár enda orðinn þreyttur á Liverpool. En ég held að það breytist núna fyrst Hodgson er kominn. Mér finnst hann rétti maðurinn til að snúa gengi liðsins við og að það hafi verið hárrétt hjá Liverpool að ráða hann. Hodgson er mikill nagli og veit upp á hár hvað hann er að gera. Hann er skemmtilegur karakter, hógvær og kurteis en þegar þess gerist þörf lætur hann í sér heyra.“

1. deild karla í gær:

## Þrjú stig Fjölnis

**FÓTBOLTI** Bjarni Gunnarsson, sautján ára varamaður Fjölnis, tryggði liðinu þrjú stig gegn Fjarðabyggð í gær. Bjarni skoraði þegar ein mínúta var til leiksloka en fram að því hafði fremur lítið gerst í leiknum. Leiknum var frestað á fimmtudag vegna veðurs þar sem flauta þurfti leikinn af. **- hþh**

pepsi deildin

**Sunnudaginn 4. júlí**

| | |
|---|---|
| **Stjarnan - ÍBV** *Stjörnuvöllur* | kl. 16:00 |
| **KR - Grindavík** *KR-völlur* | kl. 19:15 |
| **Keflavík - FH** *Sparisjóðsv. Keflavík* | kl. 19:15 |

**Mánudaginn 5. júlí**

| | |
|---|---|
| **Selfoss - Breiðablik** *Selfossvöllur* | kl. 19:15 |
| **Haukar - Fylkir** *Vodafonevöllurinn* | kl. 19:15 |
| **Fram– Valur** *Laugardalsvöllur* | kl. 20:00 |

# Eyjamenn eru svolítið sérstakir

**Tryggvi Guðmundsson er ein af ástæðum þess að ÍBV hefur komið allra liða mest á óvart í Pepsi-deildinni í sumar. Hann sér ekki eftir því að hafa komið til Eyja. Hann segir gömlu Eyjastemninguna vera til staðar.**

**FÓTBOLTI** Eftir níu umferðir í Pepsi-deild karla er ÍBV aðeins stigi á eftir toppliði Keflavíkur. ÍBV hefur ekki verið þekkt fyrir að byrja mót með miklum látum en nú er breyting á.

Árangur Eyjaliðsins er ekki síst athyglisverður fyrir þær sakir að liðið hefur aðeins leikið þrjá heimaleiki í sumar. ÍBV mætir Stjörnunni á „teppinu“ á sunnudag og síðan fær liðið heila fimm heimaleiki í röð sem er líklega einstakt.

„Ég get ekki sagt að ég hafi átt von á því að við yrðum þetta öflugir. Innst inni leyfði ég mér samt að vona. Planið var samt að gera eitthvað af viti í sumar og blanda sér í toppbaráttuna. Það er ein ástæðan fyrir því að ég var meðal annars fenginn til liðsins. Heimir sagði í viðtali um daginn að við ætluðum okkur Evrópusæti. Þá hlógu margir en við stefnum ótrauðir á að vera áfram í toppbaráttu,“ sagði Tryggvi Guðmundsson, leikmaður ÍBV, en hann segir Eyjaliðið vera sterkara en margir telja.



**FYRIRLIÐINN** Tryggvi hefur haft mjög jákvæð áhrif á Eyjaliðið á skömmum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég vil meina að við séum með bestu vörnina á Íslandi í dag í Garner, Rasmus, Eiði og James Hurst. Albert er síðan búinn að vera frábær í markinu. Hann hefur átt margar „sigurvörslur“. Hann hefur kannski varið úr dauðafæri og svo förum við upp og skorum,“ sagði Tryggvi og segir stemninguna í liðinu vera svipaða og þegar hann spilaði á síðustu öld með félaginu.

„Það er mikil samvinna og samkennd í þessu liði. Virkilega góð stemning enda erum við Eyjamenn og við erum svolítið sérstakir. Stemningin er ekki ósvipuð.“

Tryggvi segir það hafa skipt máli að reynslumenn á borð við hann og Finn Ólafsson séu í liðinu. Þeir geti haldið bolta og hjálpað liðinu við að komast upp völlinn.

„Andri og Finnur eru gríðarlegir vinnuhestar og svo eru strákarnir frammi fljótir. Það vantaði reynslu í liðið en það er meiri reynsla í þessu liði í ár en í fyrra. Svo hafa menn stigið upp og eru að spila betur en í fyrra.“

Tryggvi hefur hrifist mjög af Heimi Hallgrímssyni, þjálfara liðsins.

„Hann er ótrúlega jákvæður og skemmtilegur þjálfari. Hann er einn skipulagðasti og besti þjálfari sem ég hef haft. Ég vissi að hann væri mjög duglegur og nú fæ ég að upplifa það sjálfur. Það er magnað að fylgjast með honum vinna. Hann er líka duglegur að tala við menn og gefa þeim viðbrögð. Ég hef saknað þess hér á Íslandi en það var mikið um slíka vinnu í Noregi,“ sagði Tryggvi sem bíður spenntur eftir því að fá fimm heimaleiki í röð.

„Það blundaði alltaf í mér að koma heim og loka hringnum. Ég sá fram á meiri bekkjarsetu hjá FH en fékk tækifæri til að vera lykilmaður hér. Ég sé ekki eftir því að hafa tekið því tækifæri.“

**henry@frettabladid.is**








**GÓÐUR** Hurst hefur spilað mjög vel í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Góðar fréttir fyrir ÍBV:

## Hurst spilar með ÍBV út ágúst

**FÓTBOLTI** James Hurst mun spila með ÍBV út ágúst eftir stutta dvöl á Englandi. Hurst hélt að hann hefði spilað sinn síðasta leik fyrir ÍBV eftir leikinn gegn Selfossi og snei því aftur á heimaslóðir.

Hann er samningsbundinn Portsmouth og stefnan hans var að hefja æfingar með félaginu og reyna að koma sér í liðið sem mun spila í 1. deildinni á Englandi á komandi tímabili.

Þau plön eru líklega úr sögunni enn sem komið er því félagið hafði frumkvæðið að því að senda hann aftur til ÍBV.

Hurst hefur slegið í gegn í sumar og verið einn allra besti leikmaður Pepsi-deildarinnar. Hann verður með ÍBV í leiknum gegn Stjörnunni í Garðabænum á morgun. **- hþh**



**ÁFRAM Í VESTINU** Guðmundur ætlar ekki að skipta Guardiola-vestinu út fyrir Selfoss-treyju. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Guðmundur Benediktsson:

# Ætlar ekki að spila í sumar

**FÓTBOLTI** Sú saga fór af stað um daginn að Guðmundur Benediktsson, þjálfari Selfoss, væri búinn að rífa fram skóna og ætlaði sér að spila með Selfyssingum. Hann segir það ekki vera rétt.

„Þessi saga á ekki við rök að styðjast. Ég reyndar tók þátt í lok einnar æfingar um daginn og það er allt og sumt. Það stendur ekki til að ég fari að spila fótbolta á nýjan leik,“ sagði Guðmundur sem viðurkennir þó að það kitli alltaf að spila fótbolta.

„Sá fiðringur fer seint. Lappirnar á mér leyfa ekki að ég spili mikinn fótbolta,“ sagði Guðmundur en má þá slá því föstu að knattspyrnuferli hans sé formlega lokið?

„Það má eiginlega segja það. Þótt fyrr hefði verið hefðu einhverjir líklegast sagt,“ sagði Guðmundur léttur og bætti við: „Annars á maður aldrei að segja aldrei. Fyrir tíu árum hélt ég að þetta væri búið. Kannski spila ég fótbolta næsta sumar. Maður veit aldrei.“

Eftir góða byrjun á Íslandsmótinu hefur hallað verulega undan fæti hjá Selfyssingum og því töldu margir líklegt að hann myndi reyna að spila. Liðið þyrfti á hans kröftum að halda innan vallar sem utan. Selfyssingar verða að láta sér nægja þjálfarakrafta hans að þessu sinni. - hbg

Jackson áfram með Lakers:

# Síðasta árið hjá Phil Jackson

**KÖRFUBOLTI Phil Jackson hefur ákveðið að þjálfa LA Lakers eitt ár í viðbót en það verður síðasta árið sem hann þjálfar. Hann mun hætta afskiptum af körfubolta eftir næsta ár.**

**Þetta verður tuttugasta árið sem Jackson þjálfar en hann hefur unnið ellefu NBA-titla sem þjálfari. Takist honum að stýra Lakers aftur til sigurs verður það í fjórða sinn á hans ferli sem lið undir hans stjórn vinnur þrjá titla í röð.**

**„Það er kominn tími til að setja saman lið sem getur unnið titilinn aftur. Þetta verður mitt lokaár og vonandi verður það frábært,“ sagði Jackson.** - hbg


Nýtt og skemmtilegt í Skífunni


CD
Eminem · *Recovery*
Glæný plata frá meistara Eminem sem fór beint á toppinn í Bandaríkjunum. Dr. Dre sér um upptökustjórn.


CD
Alexander Rybak
*No Boundaries*
Ný plata frá norsku Eurovision-stjörnunni.


CD+DVD
Miley Cyrus
*Can't Be Tamed*
Ein vinsælasta poppstjarna veraldar með nýja plötu. Platan er einnig fáanleg með DVD diski.


3 CD
Meira veistu hver ég var...
Siggi Hlö setur saman ódauðlega partý-diskó-80's stemningu fyrir þig!


CD
Helgi Björnsson
*Þú komst í hlaðið*
Helgi Björns og Reiðmenn vindanna fylgja eftir geysi-vinsælli plötu sinni frá 2008.


CD
Glee The Music Volume 3
Ný lög úr þáttunum vinsælu. Beautiful, Physical, Total Eclipse Of The Heart, One, Safety Dance, Poker Face, Bad Romance o.fl.


CD
Glee · Power Of Madonna
Glee hópurinn tekur sígild Madonnu lög. Express Yourself, Borderline, Vogue, Like A Virgin, Like A Prayer og fleiri.


CD
Hitaveitan · Ýmsir
Hér er á ferðinni plata með 14 sjóðheitum sumarlögum með heitustu flytjendum landsins.


2DVD / BLU RAY
U2 · 360°
*At The Rosebowl*
Hér eru samankomnir 97 þús. aðdáendur á tónleikum á heims-tónleikaferð sem enn er í gangi.


DVD
Crazy Heart
Jeff Bridges hlaut Óskars-verðlaun í þessari vönduðu mynd sem hefur rakað til sín verðlaunum og tilnefningum.


PS3
Tiger Woods PGA Tour 11
Nú geta leikmenn keppt um Ryder bikarinn í þessum nýjasta Tiger Woods golfleik.


PS3
Transformers
War for Cybertron
Finndu út hvernig stríðið milli Autobots og Decepticons var áður en þeir komu til jarðarinnar.

TRYGGÐU ÞÉR BESTA VERÐIÐ
A 2 fyrir 1.200 kr. eða 799 kr. stakur
B 2 fyrir 2.300 kr. eða 1.499 kr. stakur
C 2 fyrir 3.400 kr. eða 1.999 kr. stakur
D 2 fyrir 4.500 kr. eða 2.599 kr. stakur

S·K·Í·F·A·N
KRINGLAN · 591-5320 · WWW.SKIFAN.IS



Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330





TAKTU FLOTTAR MYNDIR Á FRÁBÆRAR MYNDAVÉLAR FRÁ OLYMPUS SAMSUNG CASIO

SAMSUNG
EC-ES60
12.2 milljón pixlar
2,5"skjár · 3x Optical Zoom
DIS
(Digital Image Stabilization)
Face detection
Verð: 22.900 kr.



SAMSUNG
HMX-U10
Háskerpu vídeó upptökuvél & ljósmyndavél
Full HD Video upptaka (1920 x 1080 @30p)
2" LCD snerti skjár / 10 milljón pixla ljósmyndun (Full HD)
34 x Optical Zoom
Verð: 39.900 kr.



SAMSUNG
SMX-F30LP
Hágæða vídeó upptökuvél
Vídeó upptaka (720 x 480 @60i )
2,7" LCD snertiskjár í Full HD upplausn
34 x Optical Zoom / Notar SD/SDHC kort
Verð: 44.900 kr.



ORMSSON
ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR: www.ormsson.is
VERSLANIR UM LAND ALLT

Coca-Cola FAGNAÐU Á ÞINN HÁTT!

## ÚRSLIT

*HM 2010 - 8 liða úrslit:*

**Brasilía-Holland** **1-2**
1-0 Robinho (10.), 1-1 Felipe Melo, sjálfsmark (53.), 1-2 Wesley Sneijder (68.).
Rautt spjald: Felipe Melo (68., Brasilíu).
**Úrugvæ-Gana** **1-1 (4-2)**
0-1 Sulley Muntari (45.+2.), 1-1 Diego Forlan (55.).
**Vítakeppnin:**
1-0: Diego Forlan skorar fyrir Úrugvæ.
1-1: Asamoah Gyan skorar fyrir Gana.
2-1: Mauricio Victorino skorar Úrugvæ.
2-2: Stephen Appiah skorar fyrir Gana.
3-2: Andrés Scotti skorar fyrir Úrugvæ.
3-2: John Mensah klúðrar, Néstor Muslera ver.
3-2: Maximiliano Pereira skýtur himinhátt yfir.
3-2: Dominic Adiyiah klúðrar, Muslera ver.
4-2: Sebastian Abreu skorar fyrir Úrugvæ.

*Leikir dagsins:*

| | |
|---|---|
| Argentína-Þýskaland | 14.00 |
| Paragvæ-Spánn | 18.30 |



**HRESSIR** Það var fjör á æfingu hjá Spánverjum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Spánn mætir Paragvæ:

## Spánverjar vilja skora snemma

**FÓTBOLTI** Allra augu beinast að David Villa í kvöld þegar Spánn mætir Paragvæ í átta liða úrslitum HM. Hann hefur verið einn besti leikmaður HM og Paragvæ, sem hefur skorað þrjú mörk á mótinu og fengið á sig eitt, þarf að finna leiðir til að stoppa hann. Villa hefur skorað fjögur mörk á mótinu, fleiri en allt lið Paragvæja.

Xabi Alonso segir að Spánverjar hugsi ekkert um mögulegan undanúrslitaleik gegn Argentínumönnum eða Þjóðverjum, þeir verði að klára Paragvæ fyrst. Flestir búast við auðveldum sigri Spánar. „Við verðum að sýna þolinmæði og að passa okkur að flýta okkur ekki um of. Við viljum skora snemma til að opna leikinn,“ sagði Alonso.

Gerardo Martino, þjálfari Paragvæ, segir að sitt lið megi ekki bara hugsa um að verjast. „Við verðum að sækja líka, við ætlum ekkert að spila upp á að komast í vítaspyrnukeppni aftur,“ sagði þjálfarinn en liðið vann einmitt Japan eftir vítaspyrnukeppni í 16 liða úrslitunum. - hþh

Leikur Úrugvæs og Gana verður lengi í minnum hafður en þar réð dramatíkin ríkjum:

# Lygilegur lokasprettur og martröð Afríku

**FÓTBOLTI** Leikur Úrugvæ og Gana í átta liða úrslitum HM verður lengi í minnum hafður. Dramatíkin var allsráðandi og rúmlega það.

Leikurinn sjálfur var ágætlega spilaður, Úrugvæ var fyrst betra en svo tók Gana við. Það komst yfir með frábæru marki frá Sulley Muntari en Diego Forlán jafnaði með öðru mögnuðu marki.

Lokatölur 1-1 og eftir 119 mínútna leik var komið að dramatíkinni sem gerir þennan leik svo ótrúlegan.



**ÓHUGGANDI** Asamoa Gyan eftir leik.

Á lokasekúndunum fékk Gana aukaspyrnu. Boltinn var sendur inn í teig þar sem skallað var að marki, Luis Suarez varði á línunni en aftur var skallað að marki. Suarez varði þá boltann aftur á línunni, en með hendinni og fékk þar með rautt spjald. Rúmlega 120 mínútur voru á klukkunni og Asamoah Gyan gat tryggt Gana sæti í undanúrslitunum, fyrst Afríkuþjóða.

Hann þrumaði spyrnunni aftur á móti í þverslána og því þurfti að grípa til vítaspyrnukeppni. Þvílík pressa og þvílíkt áfall.

Eftir að Forlán skoraði tók Gyan aftur víti, nokkrum mínútum eftir það fyrra. Hann skaut boltanum efst í markhornið. Ótrúlega gert. Gana klúðraði svo tveimur spyrnum og Úrugvæ einni áður en röðin var komin að Sebastian Abreu sem vippaði boltanum bara í mitt markið. Fáránlegt víti sem minnti á vítið sem Zinedine Zidane skoraði úr í úrslitaleiknum á HM 2006.



**HENDI** Suarez ver á línunni og er þjóðhetja fyrir vikið. AFP

Úrúgvæ fagnaði því sigri eftir einn magnaðasta leik síðari ára en leikmenn Gana sátu óhuggandi eftir á vellinum, ekki síst Gyan sem allur heimurinn vorkenndi eflaust á þeirri stundu. - hþh

# Kvöddu Suður-Afríku með tárum

**Brasilíumenn grétu hástöfum eftir tapið gegn Hollandi í gær. „Það bjóst enginn við þessu,“ sögðu þeir kokhraustir en niðurlútir. Hollendingar komu mörgum á óvart og mæta næst Úrúgvæ í undanúrslitunum.**

**FÓTBOLTI** Brasilíumenn voru slegnir eftir tapið gegn Hollandi í gær. Brassar sýndu frábæra takta í fyrri hálfleik og spiluðu sem heimsmeistarar væru. Sýndu sambatakta og voru óheppnir að skora ekki meira en eitt mark í fyrri hálfleiknum. Robinho kom þeim yfir eftir aðeins tíu mínútna leik.

Þrátt fyrir fjölmörg tækifæri, þar sem Maarten Stekelenburg varði meðal annars stórkostlega, náðu Brassar ekki að bæta við.

Og það reyndist þeim dýrkeypt. Felipe Melo var skúrkurinn, hann byrjaði á því að skora sjálfsmark eftir fyrirgjöf frá Wesley Sneijder, og Holland því búið að jafna leikinn. Næst átti hann að dekka Sneijder í horni þar sem Hollendingurinn stangaði boltann inn eftir flotta útfærslu. Melo kórónaði svo ömurlegan leik sinn með því að traðka viljandi á Arjen Robben og fékk fyrir vikið rautt spjald.

Hollendingar voru miklu betri í seinni hálfleiknum og áttu sigurinn skilinn. Brassarnir voru heillum horfnir og voru aldrei nálægt því að jafna leikinn.



WESLEY SNEIJDER

Sneijder var ánægður með baráttuna í Hollendingum. „Í hálfleiknum sögðum við allir hver við annan að við ætluðum að gefa algjörlega allt í leikinn, og það gerðum við. Við börðumst fyrir hver annan,“ sagði Sneijder.

„Í seinni hálfleiknum settum við pressu á Brasilíumenn og að skora tvisvar var algjörlega frábært. Við erum komnir í fjögurra liða úrslit. Það er ekki annað hægt en að vera ánægður en á næstu dögum þurfum við að koma okkur niður á jörðina,“ sagði markaskorarinn Sneijder.

Dunga viðurkennir að Brasilíumenn séu slegnir yfir tapinu. „Við erum allir gríðarlega svekktir og við bjuggumst ekki við þessu. Við náðum ekki að halda sama góða leik í seinni hálfleik eins og þeim fyrri,“ sagði Dunga sem er nú samningslaus og mun að öllum líkindum hætta með liðið eftir að hafa stýrt því í fjögur ár.

Julio Cesar markvörður var tárvotur í viðtali eftir leikinn. „Þetta er enginn heimsendir. Núna verðum við bara að halda haus. Pressan í Brasilíu var mikil og enginn bjóst við þessum úrslitum,“ sagði Cesar en margir leikmenn liðsins brustu í grát á vellinum.



**SORGMÆDDIR** Brasilíumenn felldu tár eftir tapið gegn Hollandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Bert van Marwijk, þjálfari Hollands, sagði að liðið hefði getað tapað leiknum á fyrstu fimmtán mínútunum. „Í hálfleik sagði ég við þá að þeir yrðu bara að spila sinn leik. Við urðum svo bara betri og betri eftir að við jöfnuðum,“ sagði þjálfarinn og sagði svo að Melo myndi skammast sín fyrir frammistöðuna. hjalti@frettabladid.is


PLANKA PARKET

Gott verð
Eigin framleiðsla

PARKET VERKSMIÐJAN
Síðumúla 31, 108 Reykjavík
Símar: 581 2220 - 840 0470 - 892 5070
www.parketverksmidjan. is


Argentína mætir Þýskalandi í fyrstu alvöru prófraun Diego Maradona á HM:

# Guð vill að við komumst í úrslit

**FÓTBOLTI** Diego Maradona liggur ekki á skoðunum sínum og blaðamönnum og áhangendum til mikillar ánægju talar hann aldrei undir rós. Maradona stýrir Argentínu gegn Þýskalandi í dag í leik sem má kalla fyrstu alvöru prófraun Argentínu.

Liðið átti ekki í teljandi vandræðum með Suður-Kóreu, Grikkland og Nígeríu í riðlakeppninni og Mexíkó reyndist þeim auðveldur biti í 16 liða úrslitunum.

Í nokkurs konar kynningu fyrir HM í argentínska sjónvarpinu sjást krakkar tala við Maradona þar sem þeir segja í myndavélina: „Diego, við viljum komast í úrslitaleikinn. Vonandi geturðu uppfyllt draum okkar,“ segja krakkarnir áður en Maradona svarar með bros á vör: „Verið rólegir krakkar. Ég sé ykkur í úrslitaleiknum. Ef Guð vill, sé ég ykkur þar. Og það er það sem Guð vill,“ segir Maradona.

Uppgangur Argentínumanna frá undankeppninni hefur verið magnaður en í dag mæta þeir Þjóðverjum sem sýndu styrk sinn gegn Englendingum. 4-1 sigur þeirra var öruggur og liðið spilaði vel.

„Við þurfum að sýna að við getum unnið alvöru stórlið eins og Argentínu, Brasilíu eða Spán. Þetta eru án efa stærri andstæðingar en England,“ sagði fyrirliðinn Philipp Lahm og bætti við að Argentínumenn væru tapsárir.

„Við vitum að Suður-Ameríkumenn eru blóðheitir og þola ekki að tapa,“ sagði Lahm.

Leikurinn hefst klukkan 14 í dag. - hþh



**HORFIR TIL HIMNA** Maradona trúir því að æðri máttarvöld vilji að Argentína komist í úrslitaleikinn í Suður-Afríku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

HYUNDAI

SOUTH AFRICA 2010 FIFA WORLD CUP © 2005 FIFA TM

# NÝR HYUNDAI SMÁBÍLL:

# i20




Allir bílarnir eru árgerð 2010

## i20

Í hreinskilni sagt, hversu stóran bíl þarftu í raun og veru? Heimsókn í sýningarsalinn okkar gæti orðið til þess að þú svarir öðruvísi en hingað til. Hyundai **i20** er ekta ofursmábíll, sparneytinn og lipur en svo miklu stærri en þú heldur. Komdu og reynsluaktu Hyundai **i20**, hann á eftir að koma þér á óvart.

Verð frá: **2.450.000 kr.**

**Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is**

## i30

i30 er rúmgóður og vel búinn fjölskyldubíll.

**Verð 2.690.000 kr**



## ix35

ix35 er nýr sportjeppi sem er að slá öll sölumet í Evrópu.

**Verð 4.990.000 kr**



ENNEMM / SIA / NM42716

**B&L og Ingvar Helgason**

Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík

525 8000 • www.bl.is • www.ih.is

IH INGVAR HELGASON

## > Kiefer Sutherland

„Það eru tveir hlutir sem Jack Bauer gerir aldrei. Að sýna miskunn og að fara á klósettið.“

Kiefer Sutherland fer með hlutverk Jacks Bauer í spennuþáttunum Twenty Four á Stöð 2 í kvöld kl. 22.00.



# dagskrá
sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.15

### Lie to Me

Önnur spennuþáttaröðin um Dr. Cal Lightman sem Tim Roth leikur og er sérfræðingur í lygum. Hann og félagar hans í Lightman-hópnum vinna með lögreglunni við að yfirheyra grunaða glæpamenn og koma upp um lygar þeirra með ótrúlega nákvæmum vísindum sem snúa að mannlegri hegðun. Með sálfræði, atferlisfræði og einstökum hæfileikum í að greina í andlitsdrætti skjólstæðinga hvort þeir segi sannleikann eða séu að ljúga, leysir The Lightman Group.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Ramsay's Kitchen Nightmares
### Stöð 2 kl. 19.35

Gordon Ramsay úr Hell's Kitchen heimsækir nú veitingahús þar sem allt er að fara í hundana, maturinn handónýtur, starfsfólkið gagnslaust, viðskiptavinirnir horfnir og reksturinn eftir því á góðri leið með að fara á hausinn. Ramsay tekur það að sér að snúa rekstrinum við, búa til eftirsótt veitingahús og það á einungis nokkrum vikum.



## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Húrra fyrir Kela!, Kóalabræður, Þakbúarnir, Með afa í vasanum, Disneystundin, Stjáni, Sígildar teiknimyndir, Finnbogi og Felix, Galdrakrakkar
**10.15 Popppunktur** (Logar - Spútník) (e)
**11.10 Hlé**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Friðþjófur forvitni** (10:10)
**17.55 Stundin okkar**
**18.25 Út og suður** (8:15) (Aðalsteinn Valdimarsson) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Landsmót - Hátíð fyrr og nú** Í þættinum verða rifjuð upp eftirminnileg atvik á Landsmótum hestamanna í sextíu ár.
**20.20 Berlínaraspirnar** (8:8) (Berlinerpoplene)
**21.10 Sunnudagsbíó - Besti vinur minn** (Mon meilleur ami) Frönsk bíómynd frá 2006. Hrokagikkur veðjar um það við samstarfskonu sína hvort hann geti eignast góðan vin og fær leigubílstjóra til að kenna sér réttu tæknina. Leikstjóri er Patrice Leconte og meðal leikenda eru Daniel Auteuil, Dany Boon og Julie Gayet.
**22.45 Sumartónleikar í Schönbrunn** (Sommernachtkonzert Schönbrunn 2010) Upptaka frá tónleikum í Schönbrunn-hallargarðinum í Vínarborg 8. júní. (e)
**00.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 High Fidelity**
**10.00 My Girl**
**12.00 Pokemon 6**
**14.00 High Fidelity**
**16.00 My Girl**
**18.00 Pokemon 6**
**20.00 The Contractor**
**22.00 Dead Fish**
**00.00 Hot Rod**
**02.00 Kidulthood**
**04.00 Dead Fish**
**06.00 Cake: A Wedding Story**

## STÖÐ 2

**07.00 Stóra teiknimyndastundin**
**07.25 Lalli**
**07.35 Harry and Toto**
**07.45 Hvellur keppnisbíll**
**08.00 Algjör Sveppi** Algjör Sveppi, Gulla og grænjaxlarnir, Firehouse Tales, Könnuðurinn Dóra.
**09.10 Tommi og Jenni**
**09.30 Ofurhundurinn Krypto**
**09.50 Ógurlegur kappakstur**
**10.15 Histeria!**
**10.40 Land Before Time XIII: The Wisdom of Friends**
**12.00 Nágrannar**
**12.20 Nágrannar**
**12.40 Nágrannar**
**13.00 Nágrannar**
**13.20 Nágrannar**
**13.40 America's Got Talent** (4:26)
**14.30 Mercy** (10:22)
**15.15 Gossip Girl** (14:22)
**16.00 Matarást með Rikku** (9:10)
**16.30 Modern Family** (4:24)
**16.55 Oprah**
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.10 Frasier** (24:24)
**19.35 Ramsay's Kitchen Nightmares** (4:4)
**20.25 Monk** (2:16)
**21.15 Lie to Me** (4:22)
**22.00 Twenty Four** (23:24) Áttunda serían af spennuþættinum Twenty Four um leyniþjónustumanninum Jack Bauer.
**22.45 60 mínútur**
**23.30 Daily Show: Global Edition**
**23.55 Torchwood** (1:13)
**00.50 That Mitchell and Webb Look** (3:6)
**01.15 The Tudors** (10:10)
**02.05 It's Always Sunny In Philadelphia** (11:15)
**02.30 The King**
**04.10 Monk** (2:16)
**04.55 Lie to Me** (4:22)
**05.40 Fréttir** (e)

## 2 SPORT besta sætið

**09.30 The Players Championship** Útsending frá lokadegi The Players Championship mótsins í golfi en þangað voru mættir flestir af bestu kylfingum heims.
**13.20 Herminator Invitational**
**13.55 Herminator Invitational**
**14.35 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað.
**15.45 Pepsí deildin 2010**
**18.00 Shell-mótið** Að þessu sinni verður fjallað um Shell-mótið sem haldið var í Vestmannaeyjum en þar sýndu listir sínar drengir í 6. flokki í knattspyrnu.
**18.30 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**19.00 AT&T National** Bein útsending frá lokadegi AT and T National mótsins í golfi en til leiks eru mættir margir af færustu kylfingum heims.
**22.00 Pepsí deildin 2010** Útsending frá leik í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.

## 2 SPORT 2 enski boltinn

**06.10 4 4 2**
**07.00 4 4 2**
**07.45 4 4 2**
**08.30 4 4 2**
**09.15 8 liða 4** 8-liða úrslit á HM 2010.
**11.10 Argentína - Þýskaland**
**13.05 Úrúgvæ - Gana** HM 2010
**15.00 8 liða 1** 8-liða úrslit á HM 2010.
**16.55 8 liða 4** 8-liða úrslit á HM 2010.
**18.50 Argentína - Þýskaland** HM 2010
**20.45 Úrúgvæ - Gana** HM 2010
**22.40 8 liða 1** 8-liða urslit á HM 2010.
**00.35 4 4 2 01.20 4 4 2**
**02.05 4 4 2 02.50 4 4 2**
**03.35 4 4 2 04.20 4 4 2**
**05.05 4 4 2 05.50 4 4 2**

## 2 EXTRA

**16.00 Bold and the Beautiful**
**16.15 Bold and the Beautiful**
**16.35 Bold and the Beautiful**
**16.55 Bold and the Beautiful**
**17.15 Bold and the Beautiful**
**17.35 Ramsay's Kitchen Nightmares** (3:4) Gordon Ramsay úr Hell's Kitchen, heimsækir nú veitingahús þar sem allt er að fara í hundana.
**18.30 Wipeout USA** Stórskemmtilegur skemmtiþáttur og nú í bandarísku útgáfunni.
**19.15 Ísland í dag - helgarúrval** Hröð og skemmtileg samantekt með því helsta sem boðið var uppá í Íslandi í dag í vikunni sem er að líða.
**19.45 Matarást með Rikku** (9:10) .
**20.15 America's Got Talent** (5:26) .
**21.00 The Power of One** Bráðskemmtilegur þáttur þar sem dávaldurinn Peter Powers ferðast um og finnur sjálfboðaliða sem eru tilbúnir að láta dáleiða sig og taka upp á ýmsum kostulegum hlutum.
**21.30 Torchwood** (1:13) Ævintýralegur spennuþáttur um sérdeild innan lögreglunnar sem tekur að sér mál sem eru svo undarleg að ómögulegt er fyrir óbreytta laganna verði að upplýsa þau.
**22.25 ET Weekend**
**23.20 Sjáðu**
**23.50 Fréttir Stöðvar 2**
**00.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**
**20.30 Hrafnaþing**
**21.00 Eitt fjall á viku**
**21.30 Íslands safari**
**22.00 Hrafnaþing**
**22.30 Hrafnaþing**
**23.00 Hrafnaþing**
**23.30 Hrafnaþing**
**00.00 Skýjum ofar**
**04.30 Golf fyrir alla**

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**10.10 Rachael Ray** (e)
**10.55 Rachael Ray** (e)
**11.35 Dr. Phil** (e)
**12.15 Dr. Phil** (e)
**12.55 Bass Fishing** (5:8)
**13.40 Million Dollar Listing** (4:6) (e)
**14.25 Top Chef** (5:17) (e)
**15.10 Eureka** (7:18) (e)
**16.00 Survivor** (6:16) (e)
**16.50 Sumarhvellurinn** (3:9) (e)
**17.15 Matarklúbburinn** (4:6) (e)
**17.40 Biggest Loser** (10:18) (e)
**19.05 Girlfriends** (11:22)
**19.25 Parks & Recreation** (9:24) (e) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki.
**19.50 America's Funniest Home Videos** (47:50) (e)
**20.15 Psych** (12:16) Bandarísk gamanþáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál.
**21.00 Law & Order. UK** (9:13) Bresk sakamálasería um lögreglumenn og saksóknara í London sem eltast við harðsvíraða glæpamenn.
**21.50 The Cleaner** (3:13) Vönduð þáttaröð með Benjamin Bratt í aðalhlutverki. Þættirnir eru byggðir á sannri sögu fyrrum dópista sem helgar líf sitt því að hjálpa fíklum að losna úr viðjum vanans.
**22.35 Royal Pains** (11:13) (e)
**23.25 Life** (11:21) (e)
**00.15 Last Comic Standing** (2:11) (e)
**01.00 Jay Leno** (e)
**01.45 Jay Leno** (e)
**02.30 Jay Leno** (e)
**03.15 Óstöðvandi tónlist**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## BBC entertainment

**10.25** Top Gear **11.20** The Restaurant UK **12.10** The Restaurant UK **13.00** My Hero **13.30** My Hero **14.00** Last of the Summer Wine **14.30** Last of the Summer Wine **15.00** Last of the Summer Wine **15.30** Doctor Who **16.15** Doctor Who **17.20** Lark Rise to Candleford **18.10** Whose Line Is It Anyway? **18.40** Whose Line Is It Anyway? **19.10** Whose Line Is It Anyway? **19.40** Whose Line Is It Anyway? **20.10** Whose Line Is It Anyway? **20.40** Top Gear **21.35** The Restaurant UK **22.25** The Restaurant UK **23.15** Spooks

## DR 1

**10.00** Postkort fra Sydamerika **10.10** Boxen **10.25** OBS **10.30** Algier **12.25** Laudrup - en dansk familie **13.15** Stor ståhaj **14.45** Robin Hood **15.30** Sigurds Bjørnetime **16.00** Et rigtigt cirkusliv **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Hvor er vi landet? **17.30** Verdens vildeste tog **18.00** Vulkanen, der stoppede verden **19.00** TV Avisen **19.15** Aftentour 2010 **19.40** Taggart **20.50** Flugten fra Nordkorea **21.45** De riges misbrug **22.45** På farten i Indien

## NRK 1

**10.00** Verdensserien i sandvolleyball **12.00** Sommeråpent **12.50** Med lisens til å sende **13.50** 4·4·2 **16.00** Trav **16.30** Åpen himmel **17.00** Dagsrevyen **17.30** Sportsrevyen **17.45** Norsk attraksjon **18.15** Naturens undere **19.05** Millionær i forkledning **19.55** Poirot **20.40** Ekstremsportveko **21.00** Kveldsnytt **21.20** Saddams hus **22.20** EM rallycross **22.50** Armstrong og Miller **23.20** Korte grøss **23.45** Blues jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Autograf **10.35** Fashion **11.35** Antikmagasinet **12.05** Kampen om Sydafrika **13.50** Rapport **13.55** Hundkoll **14.25** Solens mat **14.55** Allsång på Skansen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Minnenas television **17.30** Rapport **18.00** Cleo **18.30** Sportspegeln **19.00** The Tudors **19.55** Fem år på Mars **20.50** Syndens lag **21.45** Syndens lag






VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > Quentin Tarantino

„Foreldrar mínir sögðu alltaf að ég yrði leikstjóri einn daginn. Draumur minn var að verða leikari.“

***Í kvöld verður á dagskrá Stöðvar 2 bíó spennumyndin Kill Bill: volume 2, en Tarantino leikstýrir myndinni af stakri snilld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON HORFIR Á TRYLLTAN DANS

# *Dansað fyrir lífi sínu*



Sjónvarpsþátturinn So You Think You Can Dance hóf göngu sína árið 2005 og er byggður upp líkt og hinir feikivinsælu Idol þættir, nema hér, eins og nafnið gefur til kynna, er verið að leita að besta dansara Bandaríkjanna.

Ég æfði dans sem barn og hef alltaf verið afskaplega hrifin af dansmyndum, þá helst þessum gömlu góðu eins og Flashdance, Dirty Dancing, Footloose og Fame. Ég hætti þó að sækja dansæfingar á unglingsárum mínum, reyndar sagði ég skilið við allar tómstundir mínar á unglingsárunum til að geta einbeitt mér alfarið að því að vera fúll unglingur. Dansáhuginn er þó enn til staðar og hefur líklega helst brotist fram í trylltum dansi á skemmtistöðum. Það þarf því engan snilling til að átta sig á að þættir eins og So You Think You Can Dance höfða mikið til mín enda er rauði þráðurinn í þáttunum ekki svo ólíkur söguþræði gömlu danskvikmyndanna: Keppendurnir eru ungir efnilegir dansarar sem lifa fyrir dansinn. Þarna koma þeir allir saman og dansa fyrir lífi sínu þar til aðeins einn stendur uppi sem sigurvegari.

Það er tvennt sem mér þykir skemmtilegt við So You Think You Can Dance. Í fyrsta lagi finnst mér agalega skemmtilegt að horfa á ólíka dansa stigna af eins mikilli innlifun og keppendur gera. Í leiðinni reyni ég líka að fylgjast vel með danssporunum sem tekin eru til þess að geta slegið um mig næst þegar ég stend á dansgólfinu. Í öðru lagi er mikil spenna fólgin í því að sjá hvort uppáhaldsdansari manns komist alla leið eða hvort hann verði dæmdur úr keppni á undan öllum öðrum. Í síðustu þáttaröð sigraði einmitt sá sem ég hélt með og þóttu mér það mikil gleðitíðindi, enda var pilturinn bæði viðkunnanlegur, brosmildur og að sjálfsögðu æði góður dansari.

Það verður því forvitnilegt að sjá hvort ég reynist sannspá aftur í þessari sjöundu þáttaröð af So You Think You Can Dance.

## LAUGARDAGUR



▶ **19.10** Wipeout USA STÖÐ 2 EXTRA



▶ **19.35** America's got talent STÖÐ 2



▶ **20.00** Notting Hill STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.30** HM kvöld SJÓNVARPIÐ



▶ **21.45** Kill Bill volume 2 SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Pálína, Teitur, Sögustund með Mömmu Marsibil, Manni meistari, Konungsríki Benna og Sóleyjar, Mærin Mæja, Mókó, Elías Knár, Millý og Mollý, Hrúturinn Hreinn
**09.58 Latibær** (113:136)
**10.30 Endúrókross**
**11.30 Íslenska golfmótaröðin** (e)
**12.15 Mörk vikunnar** (e)
**12.45 Íslenski boltinn** (e)
**13.30 HM-stofa**
**14.00 HM í fótbolta** 8 liðaúrslit, Argentína - Þýskaland HM 2010.
**15.50 Mótókross** (e)
**16.20 Ofvitinn** (Kyle XY)
**17.05 Táknmálsfréttir**
**17.15 HM-stofa**
**18.00 Fréttir**
**18.20 HM í fótbolta** 8 liðaúrslit, Paragvæ - Spánn HM 2010.
▶**20.30 HM-kvöld** Í þættinum er fjallað um leiki dagsins á HM í fótbolta.
**21.00 Veðurfréttir**
**21.05 Popppunktur** (Logar - Spútník)
**22.10 Lottó**
**22.15 Gallalaus** (Flawless) Bresk bíómynd frá 2007 um bíræfna demantaþjófa í London árið 1960.
**00.05 Taggart - Þrettánda sporið – Þrettánda sporið** (Taggart: The Thirteenth Step) (e)
**01.15 Strákur étur stelpu** (Boy Eats Girl) Bresk bíómynd frá 2005. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**02.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 The Groomsmen**
**10.00 Confessions of a Shopaholic**
**12.00 Firehouse Dog**
**14.00 The Groomsmen**
**16.00 Confessions of a Shopaholic**
**18.00 Firehouse Dog**
▶**20.00 Notting Hill**
**22.00 Fascination**
**00.00 Die Hard 4: Live Free or Die Hard**
**02.05 Fantastic Four: Rise of the Silver Surfer**
**04.00 Fascination**

## STÖÐ 2

**07.00 Flintstone krakkarnir**
**07.25 Lalli**
**07.35 Þorlákur**
**07.45 Kalli og Lóa**
**08.00 Algjör Sveppi** Algjör Sveppi, Harry and Toto, Hvellur keppnisbíll, Gulla og grænjaxlarnir, Svampur Sveinsson, Könnuðurinn Dóra.
**09.25 Latibær** (13:18)
**09.45 Strumparnir**
**10.30 Stóra teiknimyndastundin**
**10.50 Daffi önd og félagar**
**11.15 Glee** (17:22)
**12.00 Bold and the Beautiful**
**12.20 Bold and the Beautiful**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**13.05 Bold and the Beautiful**
**13.25 Bold and the Beautiful**
**13.50 So You Think You Can Dance** (3:23)
**15.20 Wipeout USA**
**16.20 Last Man Standing** (1:8)
**17.15 ET Weekend**
**18.00 Sjáðu**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.56 Lottó**
**19.04 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.29 Veður**
▶**19.35 America's Got Talent** (5:26) Fjórða þáttaröðin af þessari stærstu hæfileikakeppni heims.
**20.20 Baby Mama** Drepfyndin rómantísk gamanmynd með hinni margverðlaunuðu Tinu Fey úr 30 Rock.
**22.00 Hades Factor, The** (2:2) Seinni hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar sem fjallar um banvænan vírus sem breiðist hratt um Bandaríkin.
**23.30 Collateral Damage** Hasarmynd af bestu gerð.
**01.15 Piccadilly Jim** Rómantísk gamanmynd sem gerist á þriðja áratugnum um pistlahöfundinn Piccadilly Jim sem sest að í Bretlandi eftir að hafa hröklast úr vinnu í Ameríku.
**02.50 Running Scared** Hörkuspennandi mynd um Joey Gazelle og það sem gerist þegar að áhlaup á fíkniefnasölu fer skelfilega úrskeiðis.
**04.50 ET Weekend**
**05.45 Fréttir** (e)

## 2 SPORT *besta sætið*

**09.40 The Players Championship** Útsending frá The Players Championship mótinu í golfi.
**13.30 Sterkasti maður Íslands**
**14.00 Travelers Championship**
**14.55 Inside the PGA Tour 2010**
**15.20 Að vera fjölhæfir leikmenn** (4:15)
**16.00 Valur - Keflavík** Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
**17.50 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða á sínum stað.
**19.00 AT & T National** Bein útsending frá AT and T National mótinu í golfi.
**22.00 Herminator Invitational**
**22.45 The Swing**
**23.10 UFC Unleashed**
**23.55 UFC Unleashed**
**00.35 UFC Unleashed**
**01.20 UFC Unleashed**
**02.00 UFC 116** Bein útsending frá UFC 116 þar sem mæta til leiks margir af snjöllustu og bestu bardagamönnum heims í þessari mögnuðu íþrótt.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**06.10 4 4 2**
**07.00 4 4 2**
**07.45 4 4 2**
**08.30 4 4 2**
**09.15 Úrúgvæ - Gana** (e) HM 2010
**11.05 Holland - Brasilía (e) HM 2010**
**13.00 4 4 2**
**13.45 4 4 2**
**14.30 4 4 2**
**15.15 4 4 2**
**16.00 Argentína - Þýskaland** HM 2010
**17.55 Schmeichel**
**18.25 Argentína - Þýskaland** HM 2010
**20.20 Laudrup**
**21.00 4 4 2**
**21.45 Spánn - Paragvæ** HM 2010
**23.40 Argentína - Þýskaland** HM 2010
**01.35 4 4 2**
**02.20 Spánn - Paragvæ** HM 2010
**04.15 Argentína - Þýskaland** HM 2010

## SKJÁREINN

**06.00 Girlfriends** (8:22) (e)
**06.15 Óstöðvandi tónlist**
**09.55 Rachael Ray** (e)
**10.40 Rachael Ray** (e)
**11.20 Rachael Ray** (e)
**12.00 Dr. Phil** (e)
**14.10 Million Dollar Listing** (3:6) (e)
**14.55 Being Erica** (8:13) (e)
**15.40 America's Next Top Model** (10:12) (e)
**16.20 90210** (18:22) (e)
**17.10 Psych** (11:16) (e)
**17.55 The Bachelor** (6:10) (e)
**18.45 Family Guy** (7:14) (e)
**19.10 Girlfriends** (10:22)
**19.30 Last Comic Standing** (2:11)
**20.15 Fanboys** Gamanmynd frá árinu 2008 sem segir frá nokkrum félögum sem leggja allt í sölurnar til sjá nýjustu Star Wars myndina. Sagan gerist árið 1998 þegar ný Star Wars mynd var væntanleg í kvikmyndahús. Bönnuð börnum.
▶**21.45 Kill Bill Volume 2** (e) Mögnuð mynd frá Quentin Tarantino. Stranglega bönnuð börnum.
**00.00 Three Rivers** (4:13) (e)
**00.45 Eureka** (7:18) (e)
**01.30 Battlestar Galactica** (6:22) (e)
**02.10 Battlestar Galactica** (7:22) (e)
**02.50 Battlestar Galactica** (8:22) (e)
**03.30 Battlestar Galactica** (9:22) (e)
**04.10 Battlestar Galactica** (10:22) (e)
**04.50 Jay Leno** (e)
**05.35 Girlfriends** (9:22) (e)
**05.55 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**
**20.30 Hrafnaþing**
**21.00 Hrafnaþing**
**21.30 Hrafnaþing**
**22.00 Hrafnaþing**
**22.30 Hrafnaþing**
**23.00 Hrafnaþing**
**23.30 Hrafnaþing**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


SÝNDU ÞÍNAR BESTU HLIÐAR

Ljósmyndasamkeppni Panasonic og Vísis



1. VERÐLAUN



PANASONIC G2
Glæný og byltingarkennd myndavél með útskiptanlegum linsum og snertiskjá.

2. VERÐLAUN



PANASONIC TZ10
Hágæða myndavél með 12x aðdrætti, GPS og fjölmörgum möguleikum.

3. VERÐLAUN



PANASONIC BD65
Vandaður Blu-ray spilari með minniskortarauf til að skoða ljósmyndirnar úr myndavélinni.

Taktu þátt í ljósmyndasamkeppni. Deildu þínum bestu myndum með okkur og þú átt möguleika á glæsilegum verðlaunum. Að auki er þráðlaus Panasonic KXTG1311 sími dreginn út í hverri viku.

Skilafrestur til **21. ágúst 2010.**
Allar nánari upplýsingar á visir.is.



Panasonic



visir.is
...ég sá það á Vísi

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.20

**Baby Mama**




Drepfyndin rómantísk gamanmynd með hinni margverðlaunuðu Tinu Fey úr 30 Rock. Hér er hún í hlutverki kaupsýslukonu sem getur ekki eignast barn og ræður óheflaða lágstéttarkonu til að ganga með barn fyrir sig með ansi skrautlegum afleiðingum.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Die Hard 4: Live Free or Die Hard

**Stöð 2 Bíó kl. 00.00**



Æsispennandi hasarmynd um þrjóskasta og harðskeyttasta lögreglumann kvikmyndasögunnar. John McClane er mættur í fjórða sinn og þarf nú að taka á öllu sem hann á til að berjast gegn hryðjuverkamönnum sem notfæra sér Netið til að lama öryggisvarnir Bandaríkjanna.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Úrval úr Samfélaginu
**09.03** Út um græna grundu
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Harðgrýti fátæktar: Heimilislausir
**14.00** Á hvítri eyju í bláum sjó
**14.45** Lostafulli listræninginn
**15.15** Farandverkafólk á Íslandi
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Í boði náttúrunnar
**17.05** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.15** Auglýsingar
**18.17** Bláar nótur í bland
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Ekkert liggur á: Þemakvöld útvarpsins - Hamingja og gleði
**22.05** Veðurfregnir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**15.20 Nágrannar**
**15.40 Nágrannar**
**16.00 Nágrannar**
**16.25 Nágrannar**
**16.50 Nágrannar**
**17.15 Wonder Years** (1:17) Sígildir þættir um Kevin Arnold sem rifjar upp fjöruga æsku sína á sjöunda áratugnum.
**17.40 Ally McBeal** (13:22)
**18.25 E.R.** (4:22) Sígildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
▶**19.10 Wipeout USA** Stórskemmtilegur skemmtiþáttur og nú í bandarísku útgáfunni þar sem buslugangurinn er gjörsamlega botnlaus og glíman við rauðu boltana aldrei fyndnari. Hér er á ferð ómenguð skemmtun sem ekki nokkur maður getur staðist og er því sannkallaður fjölskylduþáttur.
**20.00 So You Think You Can Dance** (3:23) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur í sjöunda sinn og hefur þátttakan aldrei verið meiri og aldrei fyrr hafa jafn margir hæfileikaríkir dansarar skráð sig. Þátttakendur eru líka skrautlegri en nokkru sinni. Að loknum prufunum er komið að niðurskurðarþætti í Las Vegas. Þar er skorið úr um hvaða fimm stelpur og fimm strákar komast í sjálfa úrslitakeppnina.
**21.25 Wonder Years** (1:17)
**21.50 Ally McBeal** (13:22)
**22.35 E.R.** (4:22)
**23.20 Sjáðu**
**23.45 Fréttir Stöðvar 2**
**00.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.20** Only Fools and Horses **10.50** Only Fools and Horses **11.20** Only Fools and Horses **11.50** Only Fools and Horses **12.20** Only Fools and Horses **12.50** Lark Rise to Candleford **13.40** Lark Rise to Candleford **14.30** My Hero **15.00** My Hero **15.30** Last of the Summer Wine **16.00** Last of the Summer Wine **16.30** The Weakest Link **17.15** Doctor Who **18.00** Top Gear **18.55** The Restaurant UK **19.45** The Restaurant UK **20.35** Hotel Babylon **21.25** Hotel Babylon **22.15** Hotel Babylon **23.05** Spooks **23.55** Spooks

## DR 1

**11.05** I Zlatans fodspor **11.35** Inspector Morse **13.20** Før søndagen **13.30** VM 2010 studiet **14.00** Fodbold-VM **16.00** På optagelse med Livets planet **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.00** Held og Lotto **17.05** Pingvinerne fra Madagascar **17.30** VM 2010 studiet **17.55** 3. Halvleg ved Krabbe & Mølby **18.00** Merlin **18.45** Aftentour 2010 **19.10** Kriminalkommissær Barnaby **20.45** The Assignment **22.45** Virusudbrud

## NRK 1

**12.00** Vikingskip til siste havn? **12.30** Norsk attraksjon **13.00** Wimbledon finale **15.45** 4·4·2 **17.00** Dagsrevyen **17.30** Lotto-trekning **17.40** Hvilket liv! **18.10** Med lisens til å sende **19.10** Sjukehuset i Aidensfield **20.00** Friidrett. Diamond League **21.00** Kveldsnytt **21.15** Friidrett. Diamond League **22.00** Mannen som ikke kunne le **23.15** En velutstyrt mann **23.45** Dansefot jukeboks m/chat

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Vinnarna **10.35** Djursjukhuset **11.05** Engelska trädgårdar **12.05** Mitt i naturen **12.10** Uppdrag Granskning **13.10** Rapport **13.15** Fotbolls-VM **15.50** Helgmålsringning **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.15** Merlin **17.00** Pip-Larssons **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Fotbolls-VM **20.15** Rapport **20.30** Fotbolls-VM: Höjdpunkter **21.54** Studio 60 on the Sunset Strip **21.55** Taxi driver **23.45** Stand-up med John Oliver

útsala
30 til 70 prósent afsláttur
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS
ÚTILÍF
ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 50747 06/10

## PERSÓNAN

*Berglind Björnsdóttir*



**Aldur:** 42 ára
**Starf:** Ljósmyndari og með master í hagnýtri menningarmiðlun.
**Fjölskylda:** Arnór Kári, Ýmir Hrafn og Móa Ylfa.
**Foreldrar:** Hrefna Jónsdóttir kennari og Björn Stefánsson flugumsjónarmaður.
**Búseta:** Við Laugardalinn í Reykjavík.
**Stjörnumerki:** Naut.

Berglind fékk nú á dögunum fyrstu úthlutun úr Minningarsjóði Magnúsar Ólafssonar.

# Á samning hjá Dior og DVF

„Það var frekar furðuleg tilfinning að fá símtal frá Christian Dior í Frakklandi sem var að bjóða mér að koma á samning til sín," segir Aníta Hirlekar, 24 ára fatahönnunarnemi frá Akureyri.

Aníta lauk nú í vor öðru ári í fatahönnun með áherslu á svokallað print, frá Central Saint Martins skólanum í London. Aníta mun eyða næsta ári á samningum hjá tveimur af stærstu fatahönnunarmerkjum heims. Í ágúst er hún á leið til Frakklands þar sem hún fer á samning hjá Christian Dior. Þar verður hún við hönnun á hátískulínu Dior. Eftir áramótin fer hún svo til Bandaríkjanna þar sem hún fer á samning hjá Diane Von Furstenberg. Þar mun hún starfa í hönnunarstúdíói fyrirtækisins.

„Christian Dior hafði samband við skólann minn, því hann er talinn mjög góður skóli, og óskaði eftir nemendum í starfsnám. Við vorum 26 sem sóttum um og 6 komust í viðtal. Ég var sú eina sem fékk samning," segir Aníta, bæði stolt og glöð yfir þeirri staðreynd. Kennarar við skólann voru mjög ánægðir með Anítu þar sem enginn nemandi komst að í fyrra. Kröfur Christian Dior um hæfni nemenda eru mjög miklar og því um mikla viðurkenningu að ræða fyrir Anítu.

Aníta dúllaði sér við að hanna og sauma flíkurnar sínar í menntaskóla en ákvað eftir að hún kom til London að þetta væri það sem hún ætlaði að gera að starfsferli sínum.

Eftir að Aníta lýkur þriðja ári sínu á samningum, hannar hún útskriftarlínuna sína á fjórða árinu. „Það eru miklar líkur á því að fá vinnu eftir útskrift hjá þeim fyrirtækjum sem maður lýkur samningi hjá þannig að þetta er mjög spennandi tækifæri fyrir mig." - ls



**SPENNT YFIR ÞESSU TÆKIFÆRI** Aníta segir það ótrúlegt tækifæri að komast á samning hjá stærstu hönnuðum heims.



**LÁRÉTT**
**2.** kló, 6. í röð, 8. tala, 9. erfiði, 11. til, 12. sannfæringar, 14. fugls hljóð, 16. skammstöfun, 17. óvild, 18. rönd, 20. skst., 21. ungdómur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** örverpi, 3. kraðak, 4. fúslega, 5. gat á steðja, 7. pikkles, 10. blundur, 13. umfram, 15. skref, 16. frjó, 19. karlkyn.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. nögl, 6. rs, 8. sjö, 9. púl, 11. að, 12. trúar, 14. krunk, 16. fr, 17. kal, 18. rák, 20. no, 21. æska.
**LÓÐRÉTT:** 1. urpt, 3. ös, 4. gjarnan, 5. löð, 7. súrkrás, 10. lúr, 13. auk, 15. klof, 16. fræ, 19. kk.






JÓN ÓLAFSSON: STEFNI Á AÐ HEIMSÆKJA TYSON INNAN SKAMMS

# Sá um Mike Tyson á kvikmyndahátíð í Kasakstan

„Tyson er ljúfur sem lamb," segir athafnamaðurinn og vatnskóngurinn Jón Ólafsson.

Jón er nýkominn til Íslands eftir að hafa verið einn af alþjóðlegum gestum kvikmyndahátíðar í Kasakstan. Þar var hann í hóp með Hollywood-leikkonunni Hillary Swank, sænska leikaranum og líkamsræktarfrömuðinum Dolph Lundgren, kvikmyndaframleiðandanum Harvey Weinstein og hnefaleikakappanum Mike Tyson.

Tyson og Jón urðu hinir mestu mátar meðan á dvölinni í Kazakstan stóð. „Tyson er stórvinur minn," segir Jón. „Ég var eiginlega settur í það að sjá um hann, enda ekki hver sem er sem ræður við kappann."

Leikstjórinn Timur Bekmambetov, sem leikstýrði meðal annars kvikmyndunum NightWatch og Wanted, er upphafsmaður hátíðarinnar, en hann er góður vinur Jóns. „Timur bauð mér að koma á hátíðina og það var alveg svakalega gaman," segir Jón. „Við vorum þarna þrír boðsgestir sem vorum saman. Þeir vildu sem sagt vera með einn kvikmyndaframleiðanda, einn leikara og einn frumkvöðul, sem var ég. Þetta var bara alveg frábært," Jón bætir við að hann eigi heimboð inni hjá Tyson á heimili hans í Las Vegas. „Ég stefni á að heimsækja hann innan skamms."

Hnefaleikakappinn var á hátíðinni til að kynna heimildarmyndina Tyson sem er um hann sjálfan en myndin kom út 2008. Jón ber myndinni vel söguna og segir hana lýsa Mike Tyson sem karakter. „Ég sá hana fyrst á Sundance-hátíðinni í fyrra og hún er alveg mögnuð. Mæli hiklaust með henni," segir hann.

Kvikmyndahátíðin, sem var haldin í fyrsta skipti í ár, ber nafnið Astana International Action Film Festival og er meðal annars sögð vera haldin til að varpa nýju ljósi á íbúa og menningu Kasakstans eftir að kvikmyndin Borat var talin afskræma ímynd landsins fyrir alla heimsbyggðina. Dolph Lundgren var þarna sem kynnir og Hillary Swank tók á móti verðlaunum. Fleiri stórlaxar í Hollywood voru einnig á svæðinu og fengu að kynnast landi og þjóð, enda Kasakstanar mjög stoltir af menningu sinni og urðu mjög fúlir þegar Borat kvikmyndin kom út.

Þetta var í fyrsta sinn sem Jón kemur til Kasakstans og vitaskuld tók hann Icelandic Glacial vatnið með sér en hann segist sjaldan skilja það við sig. „Ég mun klárlega fara aftur. Landið er mjög fallegt og höfuðborgin Astana, þar sem hátíðin var haldin, er frábær."

alfrun@frettabladid.is



**STÓRVINIR** Jón og hnefaleikakappinn Mike Tyson mynduðu góðan vinskap á kvikmyndahátíðinni í Kasakstan þar sem þeir voru báðir gestir.

### EINN ALRÆMDASTI BOXARI ALLRA TÍMA

Hemildarmyndin um Mike Tyson kom út árið 2008 og hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda. Gagnrýnandi The New York Times sagði að myndin væri skylduáhorf fyrir alla, ekki bara áhugamenn um box og íþróttir. Myndin er sett saman úr myndböndum og viðtölum, þar sem Tyson og fólk úr hans innsta hring kemur fram. Sagt er frá lífi Tysons, allt frá barnæskunni í Brooklyn til innkomunnar í boxheiminn. Tilgangurinn með myndinni var að varpa ljósi á þennan flókna karakter sem er einn af alræmdustu boxurum í heimi.

Eitt af frægustu augnablikum hnefaleikasögunnar var þegar Tyson beit í bæði eyru mótherja síns, Evander Holyfield, árið 1997 og er eflaust fjallað um það í myndinni.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Þýska teknóhljómsveitin Scooter er mætt til landsins á ný og kemur fram á Bestu útihátíðinni í Galtalæk í kvöld. Scooter kom síðast til landsins árið 2003 og spilaði á tónleikum sem **Ásgeir Kolbeins** stóð fyrir. Hljómsveitin var þá gríðarlega vinsæl á Íslandi og hafði sent frá sér plötuna The Stadium Techno Experience sem innihélt ofursmellinn Weekend…

Kröfur **Scooter** voru aðrar þá en í dag, enda hefur tónlistarbransinn þurft að laga sig að aðstæðum. Árið 2003 bað hljómsveitin um Mercendes Benz-limma sem var ekki til á landinu. Hefðbundinn limmi var því sendur í staðinn en hljómsveitin ákvað svo á síðustu stundu að ferðast með öryggisvörðunum í amerískri lúxuskerru. Í dag biður hljómsveitin reyndar um glæsikerrur, en nefnir enga sérstaka tegund. Árið 2003 bað hljómsveitin um gistingu á fimm stjörnu hóteli, en slíkt er ekki til á Íslandi þannig að fjögurra stjörnu var látið nægja. Engar upplýsingar fást um gistinguna í þetta skipti.

Listamaðurinn **Ragnar Kjartansson** á von á sínu fyrsta barni með unnustu sinni Ásdísi Sif Gunnarsdóttur listakonu. Barnið er væntanlegt í heiminn í lok næsta mánaðar og styttist því óðum biðin. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær er Ragnar staddur í Flórens með móður sinni, Guðrúnu Ásmundsdóttur, við opnun á sýningu verka sinna en þar festu þau einmitt kaup á handgerði vöggu fyrir barnið. - afb, áp



## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Munnharpa Davíðs Stefánssonar.
2. Bertha María Waagfjörð.
3. 3-0 með sigri KR.






# Selur hönnun sína í Afríku

Vigdís Guðmundsdóttir, sem búsett er í borginni Puducherry á Suður-Indlandi, rekur fyrirtækið D&G Agency, en það framleiðir meðal annars hágæða fartölvutöskur fyrir konur auk fylgihluta og fatnaðar.

Vigdís hefur verið með annan fótinn á Indlandi síðustu fjögur árin og kann vel við sig, enda er þar sumar allt árið um kring og fólkið yndislegt. „Mér líkar mjög vel á Indlandi. Ég er búin að koma mér vel fyrir og er búin að fá mér hund líka," segir Vigdís og hlær.

Vigdís hyggst opna eigin vinnustofu á Indlandi innan skamms þar sem hún mun sjálf hanna og framleiða nýja fatalínu á bæði kynin. Línan mun meðal annars innihalda leðurjakka og aðrar flíkur unnar úr leðri. „Allt sem ég hanna er úr leðri. Ég er búin að læra svo mikið um leður og leðurvinnslu í kringum töskuframleiðsluna og er nú orðin svolítill sérfræðingur í því og þess vegna langar mig að halda áfram að hanna úr leðri," segir Vigdís.

Nýverið gerði Vigdís samning við hótelkeðjuna Zuri, sem rekur lúxushótel víða á Indlandi, Afríku og á Englandi, og mun hönnun hennar verða seld í hótelverslunum frá og með haustinu. „Þessi samningur kemur sér mjög vel. Það er mikið af viðskiptafólki sem dvelur á þessum hótelum og því verða töskurnar og fylgihlutir í forgrunni til að byrja með, svo sjáum við bara hvað setur. Það er líka skemmtilegt að hugsa til þess að nú sé hægt að kaupa íslenska hönnun bæði á Indlandi og í Afríku," segir Vigdís að lokum. - sm



**ÁNÆGÐ Á INDLANDI** Vigdís Guðmundsdóttir hefur gert samning við lúxushótelkeðjuna Zuri um að selja hönnun hennar bæði á Indlandi og í Afríku.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


habitat
30%
afsláttur
af nokkrum
sumarlegum
vörum
VILA borð
Áður 58.000 kr.
Nú 39.000 kr.
VILA stóll
Áður 31.290 kr.
Nú 19.000 kr.
Sólhlíf 39.000 kr.
FOLD fatastandur
Áður 20.790 kr.
Nú 14.500 kr.
JAVA garðhúsgögn
Gegnheilt tekk
Stækkanlegt borð (192/252)
og 4 stólar
Áður 339.000 kr.
Nú 237.300 kr.
NAPOKA handklæðaponsjó fyrir börn
Áður 4.400 kr.
Nú 2.900 kr.
WHEELIE barnakerra
Tilvalin fyrir börn sem
eru að læra að ganga
Áður 14.500 kr.
Nú 9.900 kr.
SAIDE plastlínan
Tilvalin í garðinn og fellihýsið
Verð frá 2.300 kr.
– fjögur glös í pakka
habitat Holtagörðum | S. 566 7070 | www.habitat.net
FABRIKAN


Citron-línan frá
Crabtree&Evelyn
20% afsláttur
út júní
Pisa tungusófi
Ljóst og brúnt áklæði
Verð áður 198.000
Verð nú 158.000
20%
afsláttur
Verð nú
158.000
kr.
Allir blómapottar
með 30% afslætti
Öll SIA-kerti
með 30% afslætti
SUMARBOMBA
TEKK VÖRUHÚS
KAUPTÚNI (GEGNT IKEA) SÍMI 564 4499
TEKK
COMPANY
Holtagörðum og Kringlunni – www.tekk.is
FABRIKAN

# FRÉTTABLAÐIÐ

9 771670 387005

Póst húsið

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Hamborgari með hinum

Heldur færri KR-ingar mættu á leik liðsins við Glentoran á fimmtudagskvöld en venjan er í Frostaskjóli. Meðal þeirra sem mættu þó voru **Björgólfur Guðmundsson** og hjónin **Geir H. Haarde** og Inga Jóna Þórðardóttir. Björgólfur hefur verið tíður gestur á vellinum í sumar og sat í gær ásamt öðrum KR-ingum og fékk sér hamborgara í félagsheimili félagsins fyrir leikinn. Geir og Inga Jóna létu heldur minna fyrir sér fara. Þau stóðu efst í stúkunni og fylgdust með leiknum þaðan ásamt nokkrum öðrum sem líklega gerðu sér ekki grein fyrir því að í Evrópuleikjum er aðeins selt í stúku og því bannað að standa.



### Þjóðhátíðarstemming

Mikill fjöldi fólks sótti útitónleika á vegum verkefnisins Inspired by Iceland síðastliðið fimmtudagskvöld. Tónleikarnir áttu upphaflega að fara fram undir Eyjafjöllum en voru fluttir í Hljómskálagarðinn vegna veðurs. Nokkurs konar þjóðhátíðarstemning ríkti í miðbæ Reykjavíkur um kvöldið þar sem tónelskir Íslendingar í bland við erlenda ferðamenn örkuðu um göturnar íklæddir stígvélum og pollagöllum. Meðal þeirra sem sóttu tónleikana voru nokkur þekkt andlit og má þar nefna fyrirsætuna **Berglindi Ólafsdóttur,** hárdoktorinn Jón Atla Helgason, Halla Valla úr hljómsveitinni Ælu, tónleikahaldarann Egil Tómasson og fyrirsætuna Sólveigu Káradóttur.



- þeb, sm

## Mest lesið VISIR.IS

1. Intersport segir starfsfólk sitt svindla
2. Nágrannar sætti sig við tvöföldun á húsi
3. Rosalega dýr sólgleraugu
4. Bjóða þúsund menn í skiptum fyrir einn
5. Fékk 80 þúsund króna sekt fyrir að kaupa vændi







**FEJKA** gerviblóm, lofnarblóm H37cm **1.590,-/stk.**



**ROTERA** lugt f/sprittkerti H21cm. Ýmsir litir **795,-/stk.**



**195,-/stk.**
**SMYCKA** gerviblóm baldursbrá H33cm



**IKEA PS VÅLLÖ** garðkönnur 1,2L. Svart/hvítt **395,-/stk.**

# Gerðu garðinn frægan



**MIDSOMMAR** plastglös. Ýmsir litir
50cl. **795,-/4 í pk.**
25cl. **550,-/4 í pk.**



TILBOÐ

TILBOÐ

**BLANKÖ** kollur. Sætishæð 43cm
Ýmsir litir **1.990,-**
*Venjulegt verð 2.990,-*
**BLANKÖ** stóll. Sætishæð 45cm
Ýmsir litir **3.990,-**
*Venjulegt verð 4.990,-*



TILBOÐ

**LÄCKÖ** borð
B75×L160, H72cm
Grátt **6.490,-**
*Venjulegt verð 12.990,-*





**MIDSOMMAR** pappadiskar
B26×L26cm
Ýmsir litir
**695,-/18 í pk.**



**MIDSOMMAR** pappaglös
35cl. Ýmsir litir
**395,-/18 í pk.**



**395,-**

**SOCKER** blómapottar. Ýmsir litir
Innanmál Ø18, H17cm **595,-**
Innanmál Ø15, H14cm **395,-**



**4.990,-**
**FLISÖ** sólhlíf
B180×L180cm. Svart
*Fæst einnig í hvítu*



TILBOÐ

**NORDANÖ** stóll m/örmum
Sætishæð 42cm. Gegnheill akasíuviður **7.990,-**
*Venjulegt verð 9.990,-*

TILBOÐ

**4.990,-**

**ÖSTLIG** blómapottur H50cm. Plast. Ýmsir litir
*Venjulegt verð 6.990,-*



TILBOÐ

**NORDANÖ** borð
B80×L150-259, H72cm
Gegnheill akasíuviður **34.990,-**
*Venjulegt verð 39.990,-*

**Möndluterta og kaffi**



**135,-**



TILBOÐ

**TULLERÖ** borð, bekkur og 2 stólar
Gegnheill akasíuviður **24.990,-/settið**
*Venjulegt verð 34.990,-*

© Inter IKEA Systems B.V. 2010

IKEA®

**Verslun opin 11-19 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30

**www.IKEA.is**